


skoðun 14

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Heilsa




Sumarið er yndislegt!

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA
www.isafold.is - Sími 595 0300

FRÉTTABLAÐIÐ
ÞITT
ÞRIÐJUDAGUR
15. júní 2010 — 138. tölublað — 10. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000



**Teppaleggur Ísland**

*Hans H. Hansen hefur unnið nýjan kortaflokk sem nær yfir allt landið.*

**tímamót** 18

**Umsókn er tímabær**

*Ljóst virðist að margir hafa gert sér óraunhæfar væntingar um ESB og evruna.*

**umræðan** 15



**Fjögur lið með 14 stig**

*Fram, Valur, ÍBV og Keflavík eru jöfn á toppi í Pepsi-deildar karla.*

**sport** 24-25

**veðrið í dag**




**SKÝJAÐ MEÐ KÖFLUM** Í dag verða víðast suðvestan 5-10 m/s. Skýjað með köflum en horfur á rigningu S-lands síðdegis. Hiti 10-18 stig, hlýjast NA-lands.

VEÐUR 4

# Barist um bensíndropann

**Rúmlega sautján króna verðmunur er á bensínlítranum á Suðurlandi. Þar er bensínið ódýrast á landinu. Svigrúm er fyrir aukna samkeppni og frekari hagræðingu á olíumarkaði, segir talsmaður neytenda.**

**NEYTENDUR** Mikið verðstríð geisar milli olíufélaganna. Það sýnir að svigrúm er fyrir hagræðingu og samkeppni á eldsneytismarkaðnum, að sögn Gísla Tryggvasonar, talsmanns neytenda. „Það er greinilega sveigjanleiki til staðar, sem gerir það að verkum að hægt er að lækka bensínverð. Þrátt fyrir það er verðið enn mjög hátt," segir hann.

Sautján króna munur var á hæsta og lægsta verði á 95 oktana bensíni á Suðurlandi í gær. Munurinn var minni í öðrum landshlutum.

„Menn byrja að lækka þegar styttist í ferðamannatímann. Einn byrjar og svo fylgja hinir á eftir," segir Hermann Guðmundsson, forstjóri N1. Hann bendir á að lægsta verðið hafi í nokkur ár verið í Hveragerði. Það hafi teygt sig yfir til Selfoss. Þar er stutt á milli bensínstöðva og samkeppnin eftir því hörð. Þaðan hafi samkeppnin færst víðar, svo sem á Vesturland. Enginn verðmunur er nú á milli stærstu mönnuðu stöðvanna og ómannaðra. Í uppsveitum Árnessýslu þar sem samkeppnin er minni, er fullt listaverð í gildi. „Ef ekki væri fyrir blússandi verðstríð væri verðið nær tvö hundruð krónum á lítrann," segir Hermann. Hann reiknar með stöðugu verði í sumar.

Einar Örn Ólafsson, forstjóri Skeljungs, tekur í sama streng og Hermann; lægsta bensínverðið einskorðist við Suðurland. Þar sé stutt á milli stöðva og samkeppnisaðilar komist síður upp með verðhækkun. Hann segir svipað hafa gerst í Borgarnesi. Lítrinn er nú um fimm krónum ódýrari á Suðurlandi en annars staðar á landinu, þar sem hann kostar um 190 krónur. **- sv, jab**

**Lægsta verðið á höfuðborgarsvæðinu**

| Olíufélag | 95 okt. bensín | Dísilolía |
|---|---|---|
| ÓB** | 189,9 kr. | 186,9 kr. |
| Atlantsolía | 189,9 kr. | 186,9 kr. |
| Orkan* | 189,8 kr. | 186,8 kr. |
| N1 | 190,1 kr. | 187,1 kr. |
| Olís | 190,3 kr. | 187,3 kr. |

* í eigu Skeljungs ** í eigu Olís

Heimild: gsmbensin.is



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SKEMMDARVERK Í SKÓGI** Örn Árnason leikari gekk fram á mikil skemmdarverk í skóginum við Rauðavatn um helgina. Í rjóðri í skóginum höfðu kennarar og nemendur Selásskóla komið upp útikennslustofu sem hefur verið notuð í náttúrufræðikennslu undanfarin ár. Sjá síðu 6

Yngsti hjúkrunarfræðingurinn:

## Álitin jafningi þótt ung sé

**HEILSA** „Þetta gekk allt saman vel enda á ég frekar auðvelt með að læra," segir Halla Logadóttir, sem útskrifaðist af hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands í Laugardalshöll á laugardaginn.



HALLA LOGADÓTTIR

Halla er aðeins 21 árs og þar með yngsti hjúkrunarfræðingur á landinu svo vitað sé. Þrátt fyrir ungan aldur veit hinn nýútskrifaði hjúkrunarfræðingur hins vegar upp á hár hvað hún vill og ætlar að leggja ljósmóðurina fyrir sig þegar fram líða stundir.

Halla viðurkennir að sumt hafi komið sér á óvart, meðal annars að uppgötva á kynningu á Þjóðarbókhlöðunni að þar er 18 ára aldurstakmark bundið við lánþega. „Ég var þá ekki nema 17 ára," segir hún kímin. **- rve / sjá sérblað um Heilsu**

Formaður efnahags- og skattanefndar vill nýta 100 milljarða til niðurfellingar:

# Vill almennar niðurfellingar

**EFNAHAGSMÁL** Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar og formaður efnahags- og skattanefndar, vill nýta það svigrúm sem skapast vegna samninga við Seðlabankann í Lúxemborg til almennrar niðurfellingar á skuldum. Hann telur svigrúmið nema um 100 milljörðum króna.

Helgi segir í grein sem hann ritar í Fréttablaðið í dag að samningur Seðlabanka Íslands og Lúxemborgar styrki stöðu lífeyrissjóðanna og geti staðið undir tíu til fimmtán prósenta lækkun á íbúðalánum þeirra. Þá verði að skoða ýmsar leiðir til að efla Íbúðalánasjóð.

Hann telur almenna niðurfellingu lausnina. „Þeir sem hafa haft áhyggjur af skuldaradekri eiga líka að hafa í huga að almenna aðgerða munum við einkum koma til móts við þá sem gengu lengst í skuldsetningu, en venjulegt vinnandi fólk sem hélt sig innan hámarksláns Íbúðalánasjóðs fær engan stuðning þó lánið hafi hækkað um tæp þrjátíu prósent og kaupmáttur rýrnað um þrettán prósent. Það væru ekki góð skilaboð inn í framtíðina að skuldagleðin ein njóti skilninga." **- kóp / sjá síðu 16**

Sumarhappdrætti
Krabbameinsfélagsins
Dregið 17. júní 2010
167 skattfrjálsir vinningar að verðmæti
24.415.000 kr.








## SPURNING DAGSINS



*Andrea, er Akureyrarbær orðinn Hofmóður?*

„Menn hefðu að minnsta kosti átt að sýna meira hóf en Hof.“

Árlegur rekstur menningarhússins Hofs á Akureyri stefnir í 400 milljónir króna og núverandi kostnaðaráætlun er komin 1,5 milljörðum fram úr áætlun. Andrea Hjálmsdóttir, oddviti VG á Akureyri, telur húsið alltof stórt.

Framtakssjóðurinn kaupir þriðjungshlut í Icelandair Group fyrir þrjá milljarða:

# Lækka skuldir um tíu milljarða

**VIÐSKIPTI** „Þetta hefur mikið að segja fyrir okkur,“ segir Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, um bindandi samkomulag Framtakssjóðs lífeyrissjóðanna um kaup á þriðjungshlut í félaginu fyrir þrjá milljarða króna.

Framtakssjóðurinn kaupir fyrir 1,2 milljarða nýja hluti í Icelandair Group á genginu 2,5 krónur á hlut. Það er rúmur nítján prósenta afsláttur á gengi gærdagsins. Björgólfur reiknar með að samkomulagið nái fram að ganga í seinni hluta júlí. Á sama tíma verða eignir sem eru utan kjarnastarfsemi seldar inn í annað félag fyrir 7,7 milljarða króna. Félagið verður í eigu lánardrottna. Inn í félagið fer kaupréttur á fjórum Boeing 787-þotum og eignahlutir í tékkneska flugfélaginu Travel Service, lettneska félagið Smart-Lynx og Bluebird Cargo.



**BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON**

Samningurinn nú felur jafnframt í sér að helstu lánardrottnar Icelandair Group breyti 3,6 milljörðum króna af skuldum í hlutafé á genginu 5,0 krónur á hlut. Það er hundrað prósenta hærri verðmiði en Framtakssjóðurinn greiðir. Björgólfur segir það eðlilegt.

Vaxtaberandi skuldir Icelandair Group námu 41 milljarði króna samkvæmt síðasta ársuppgjöri. Gert er ráð fyrir að með gjörningunum lækki þær um rúma tíu milljarða. **- jab**

Fulltrúar AGS á landinu:

# Ræða þriðju endurskoðun

**EFNAHAGSMÁL** Sendinefnd á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, AGS, kom hingað til lands í gær og fundar með stjórnvöldum um ýmis mál er varða úttekt fyrir þriðju endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands. Sendinefndin verður hér til 28. júní næstkomandi.

Fulltrúar AGS upplýsa og ræða við fjölmiðla um niðurstöður viðræðna að þeim loknum, að því er segir í tilkynningu frá Franek Rozwadowski, sendifulltrúa AGS hér á landi. **- jab**

Gæslan fór meðfram ísnum:

# Enginn ísbjörn fyrir Jón Gnarr

**DÝRALÍF** Skipverjar á varðskipinu Tý svipuðust árangurslaust um eftir hvítabjörnum fyrir Jón Gnarr, verðandi borgarstjóra Reykjavíkur, á ríflega 200 kílómetra siglingu meðfram ísröndinni við strönd Grænlands nýverið.

Fram kemur á vef Landhelgisgæslunnar að raunverulegur tilgangur ferðarinnar hafi verið að flytja þyrlu Vesturflugs frá Ísafjarðardjúpi að ísröndinni við Scoresbysund. Í ljósi yfirlýsinga borgarstjórans tilvonandi, sem lofaði borgarbúum hvítabirni í Húsdýragarðinn, höfðu varðskipsmenn augun opin, en urðu ekki varir við bangsa. **- bj**



**ERIK ANDERSEN** Dæmdur fyrir að misnota 66 drengi.

Barnaníðingur fær níu ár:

# Misnotaði sextíu og sex drengi

**NOREGUR Norski milljónamæringurinn Erik Andersen hefur verið dæmdur í níu ára fangelsi eftir að hafa misnotað 66 drengi undir lögaldri. Hann fær fyrst möguleika á reynslulausn eftir sex ár.**

**Andersen fékk viðurnefnið Vasamaðurinn, en hann stundaði það að láta drengi fara ofan í buxnavasa sína, en hafði þá klippt gat á þá að innanverðu og var ekki í nærbuxum.**

**Í dómnum er tekið fram að þrátt fyrir þá meðferð sem maðurinn hefur gengist undir í fangelsi, sé hann enn mjög hættulegur.** **- sv**

# 44 verslanir opnar allan sólarhringinn

**Á Íslandi eru 44 verslanir opnar allan sólarhringinn í sumar. Þar af eru 30 matvöruverslanir og þréttán bensínstöðvar. Á höfuðborgarsvæðinu eru 36 þessara verslana. Slíkum verslunum hefur fjölgað töluvert undanfarna mánuði.**

**VERSLUN** Verslunum, sem hafa opið allan sólarhringinn, hefur fjölgað mikið á síðustu misserum. Í sumar verða 44 verslanir opnar allan sólarhringinn, 30 matvöruverslanir, þrettán bensínstöðvar og ein önnur verslun. Flestar slíkar verslanir eru á höfuðborgarsvæðinu eða 36 talsins en átta eru á landsbyggðinni.

Á síðustu tólf mánuðum hafa fimm matvöruverslanir og þrjár bensínstöðvar tekið tekið upp á því að hafa opið allan sólarhringinn. Að auki verða tvær bensínstöðvar opnar allan sólarhringinn tímabundið í sumar.

Verslanir 10-11 eru mest áberandi í hópi sólarhringsverslana en alls eru reknar 22 verslanir undir nafni 10-11 sem eru opnar allan sólarhringinn. Íbúar í póstnúmeri 108 eru sérstaklega vel í sveit settir en í póstnúmerinu eru sex þessara verslana. Það gerir eina verslun á hverja 2.013 íbúa.

Á landsbyggðinni eru sex matvöruverslanir opnar allan sólarhringinn auk tveggja bensínstöðva sem eru þó eingöngu með sólarhringsopnun í sumar. Þrjár verslananna eru á Akureyri, tvær í Leifsstöð og ein í Keflavík. Að auki eru bensínstöðvar á Selfossi og í Staðarskála opnar allan sólarhringinn í allt sumar.

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir ljóst að verið sé að auka útgjöld neytenda. „Það er ljóst að þarna er verið að auka útgjöld þegar meiri þörf er á því að draga úr þeim og lækka vöruverð þannig að við höfum efasemdir um þennan langa opnunartíma og óttumst að þetta leiði til hækkunar á vöruverði,“ segir Jóhannes.

## Sólarhringsverslanir á Íslandi




Á höfuðborgarsvæðinu eru 36 verslanir opnar allan sólarhringinn en utan þess eru þær átta. Flestar eru verslanirnar í póstnúmeri 108 í Reykjavík eða sex talsins. Íbúar í miðbæ Reykjavíkur, póstnúmer 101, mega einnig vel við una en þar eru fimm verslanir. Það eru þó ekki bara íbúar Reykjavíkur sem standa vel að vígi því annars vegar í póstnúmeri 200 í Kópavogi og hins vegar póstnúmeri 220 í Hafnarfirði má finna fjórar verslanir.

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, er ekki á sama máli. „Við lítum þannig á að það sé hverju fyrirtæki í sjálfsvald sett að ákveða þetta. Það eru engar reglur til um opnunartíma þannig að ef fyrirtæki sjá sér hag í því, telja að það sé markaður fyrir þennan langa opnunartíma, þá er það bara hið besta mál og veitir neytendum frábæra þjónustu.“

Verslanir Select riðu á vaðið með að hafa opið allan sólarhringinn, árið 1997 við Suðurfell og Vesturlandsveg. Af matvöruverslunum var Samkaup við Borgarbraut á Akureyri fyrst til að hafa opið allan sólarhringinn, frá því í júlí 2005. **magnusl@frettabladid.is**

Könnun á Írlandi:

# Vilja að kardináli segi af sér

**ÍRLAND, AP Mikill meirihluti Íra vill að leiðtogi kaþólsku kirkjunnar þar í landi segi af sér embætti. Þetta kemur fram í könnun dagblaðsins The Irish Times.**

**Samkvæmt blaðinu vilja 76 prósent aðspurðra að kardinálinn Sean Brady hætti vegna þess að hann hefur viðurkennt að hafa hylmt yfir barnaníð innan kirkjunnar. Hann hefur sagst skammast sín fyrir gjörðir sínar en útilokað að hætta.**

**Brady vissi af misnotkun prestsins Brendans Smyth árið 1975 og lét yfirmenn sína vita en ekki lögreglu. Presturinn misnotaði fjölda barna á Írlandi og í Bandaríkjunum áður en hann var loks handtekinn árið 1994.** **- þeb**

Aðgerðasinnar í Svíþjóð:

# Mótmæltu nýjum orkuverum

**SVÍÞJÓÐ, AP** Um 50 aðgerðasinnar á vegum Grænfriðunga voru handteknir í Svíþjóð í gær eftir að þeir fóru inn í kjarnorkuver í leyfisleysi.

Fólkið var að mótmæla fyrirætlunum stjórnvalda um að leyfa byggingu nýrra kjarnorkuvera í landinu. Stjórnvöld hafa sagt að þau vilji ekki auka notkun kjarnorku, en hafa lagt til að ný orkuver verði byggð í stað gamalla. Um helmingur rafmagns í Svíþjóð er framleiddur í kjarnorkuverum. Atkvæði verða greidd um tillöguna á sænska þinginu á fimmtudag. **- þeb**

## BANDARÍKIN

### Olíuslysið eins og hryðjuverk

Forseti Bandaríkjanna, Barack Obama, líkti olíuslysinu í Mexíkóflóa við hryðjuverkin 11. september 2001 í fyrstu opinberu heimsókn sinni á svæðinu. Obama hefur heimsótt Alabama, Missisippi og Flórída.




Eigandi verslunar við Rauðarárstíg í gæsluvarðhaldi grunaður um fíkniefnasölu:

# Draumnum verður líklega lokað

**LÖGREGLUMÁL** Á annað hundrað töflur af lyfseðilsskyldum örvandi lyfjum, nokkuð magn af kókaíni og um fjórtán milljónir í reiðufé fundust á heimili og dvalarstað eiganda verslunarinnar Draumsins við Rauðarárstíg í húsleit fyrir helgi. Eigandinn situr nú í gæsluvarðhaldi og útlit er fyrir að verslun hans verði lokað til frambúðar.

Eigandinn, 65 ára karlmaður, var handtekinn ásamt syni sínum sem einnig hefur starfað í versluninni. Farið var fram á gæsluvarðhald yfir þeim báðum en dómari féllst aðeins á að eigandinn skyldi sitja inni vegna rannsóknarhagsmuna. Er þá sérstaklega litið til þess að hann er grunaður um fíkniefnasölu og að á dvalarstað hans fannst mikið fé. Sjálfur segir hann féð að hluta til greiðslu sem hann hafi fengið fyrir að rýma húsnæði sem hann hafði á leigu.



**DRAUMURINN** Lögreglan hefur ítrekað haft afskipti af Draumnum við Rauðarárstíg vegna vafasamra viðskiptahátta. MYND / SIG. JÖKULL

Draumurinn hefur nú verið innsiglaður og Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn segir að líklega muni lögregla krefjast þess að verslunin verði ekki opnuð á nýjan leik. „Ef húsnæði er ítrekað notað við refsiverða háttsemi getur lögregla gert kröfu um að starfseminni þar verði lokað,“ segir Geir Jón. „Það er ljóst að það hafa ítrekað verið framin brot í þessari verslun.“

Eigandinn sætir gæsluvarðhaldi til morguns. **- sh**



# 20% þjóðhátíðarafsláttur
## af öllum sumarblómum

tilboðin gilda til 18.júní eða meðan birgðir endast

Öll sumarblóm í Garðheimum
eru íslensk ræktuð

# Hæ hó og jibbí jei




Weber Q320 var á 109.250kr
verð nú
**98.325kr**



## GARÐHÚSGÖGNIN KOMIN

- Staflanlegir stólar
- Veðurþolin UVC
- Létt
- 2 gerðir stóla
- 2 stærðir borða
- viðhaldsfrí
- auðveld í þrifum

**20%** kynningarafsláttur




Blómaker í úrvali!



blómaúrvalið er í
Garðheimum

**ATHUGIÐ!**

Opið á þjóðhátíðardaginn milli
kl. 10.00 – 19.00

GARÐHEIMAR

*allt í garðinn á einum stað!*

Stekkjarbakka 6 | sími 540 3300 | www.gardheimar.is

**GENGIÐ 14.06.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,99 | 128,61 |
| Sterlingspund | 188,68 | 189,60 |
| Evra | 156,58 | 157,46 |
| Dönsk króna | 21,049 | 21,173 |
| Norsk króna | 20,009 | 20,127 |
| Sænsk króna | 16,381 | 16,477 |
| Japanskt jen | 1,3939 | 1,4021 |
| SDR | 187,71 | 188,83 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 213,5542

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Lést af völdum höfuðáverka eftir árás við Bjarnarvelli í Reykjanesbæ:

# Játaði að vera valdur að dauða manns

**LÖGREGLUMÁL** Rúmlega þrítugur karlmaður hefur játað að vera valdur að dauða 53 ára karlmanns sem fannst látinn og með alvarlega áverka utandyra við Bjarnarvelli í Reykjanesbæ að morgni 8. maí síðastliðins. Blaðberi kom að hinum látna og hafði samband við Neyðarlínuna.

Grunur beindist fljótlega að rúmlega þrítugum manni. Hann var handtekinn í kjölfarið og hefur setið í gæsluvarðhaldi síðan 9. maí vegna rannsóknar málsins og almannahagsmuna.

Rannsókn málsins hefur leitt í ljós að leiðir mannanna lágu saman við Bjarnarvelli fyrir tilviljun. Þeir þekktust ekki en höfðu báðir verið að skemmta sér um nóttina og voru undir áhrifum áfengis. Eftir að mennirnir höfðu átt orðaskipti er talið að yngri maðurinn hafi veist að þeim eldri með þeim afleiðingum að hann hlaut meðal annars alvarlega höfuðáverka og lést af þeirra völdum.

Sakborningurinn var í gær úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald til mánudagsins 12. júlí að kröfu lögreglustjórans á Suðurnesjum. Lögregla á Suðurnesjum hefur farið með rannsókn málsins með aðstoð frá tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Rannsókn er vel á veg komin en enn er beðið eftir niðurstöðum úr ýmsum sérfræðirannsóknum. - jss



**LÖGREGLAN Á SUÐURNESJUM** Hefur annast rannsókn málsins.

Aðildarumsókn Íslands:

## Leyft verði að hefja viðræður

**EVRÓPUMÁL** Leiðtogar Evrópusambandsins munu samþykkja að hefja aðildarviðræður við Íslendinga á fundi sínum 17. júní.

Þetta fullyrðir Bloomberg-fréttastofan, eftir að hún komst yfir drög að yfirlýsingu þessa efnis, sem leggja á fyrir fundinn. Þar komi fram að það fari eftir Íslendingum hversu fljótlega viðræðurnar gangi fyrir sig, það er hversu fljótir Íslendingar verði að uppfylla skilyrði ESB. - kóþ

ESB vill gegnsæi á markaði:

## Leggja drög að boði og banni

**VIÐSKIPTI Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins kynnti í gær drög að tillögum um aukið gegnsæi á fjármálamörkuðum auk banns við skortsölu með hlutabréf og skuldabréf. Þá eru uppi vangaveltur um að veita eftirlitsstofnunum auknar valdheimildir til að takmarka fjármálagjörninga.**

**Angela Merkel, kanslari Þýskalands, og Nicolas Sarkozy, forseti Frakklands, hafa þrýst á að setja reglur sem þessar enda telja þau það geta komið á stöðugleika á evrusvæðinu, að sögn bandaríska dagblaðsins Wall Street Journal.** - jab

**HEILBRIGÐISMÁL**

### Laun lækna lækkað minna

Laun lækna hafa lækkað minna frá bankahruni en laun hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra og sjúkraliða, þvert á markmið um kjarajöfnun í niðurskurðinum. Heilbrigðisráðherra hyggst beita sér fyrir því að laun lækna skerðist meira en laun annarra hópa í stéttinni. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

# Vilja draga umsókn til baka

**Þingmenn annarra flokka en Samfylkingarinnar hafa lagt til að stjórnvöld hætti við að sækja um aðild að ESB. Formaður Sjálfstæðisflokksins segist styðja tillöguna. Útilokað að hún verði afgreidd fyrir þinglok.**

**STJÓRNMÁL** Þingmenn allra flokka sem sæti eiga á Alþingi, utan Samfylkingarinnar, lögðu í gær fram þingsályktunartillögu á Alþingi þar sem lagt er til að umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu verði dregin til baka.



**SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON**



**BJARNI BENEDIKTSSON**

Flutningsmaður tillögunnar er Unnur Brá Konráðsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins. Auk hennar standa þau Ásmundur Einar Daðason, þingmaður Vinstri grænna, Gunnar Bragi Sveinsson, formaður þingflokks Framsóknarflokksins, og Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Hreyfingarinnar, að tillögunni.

„Ég styð tillöguna, enda tel ég misráðið að standa í aðildarviðræðum eins og sakir standa," segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins.

Unnið var að því í gær að semja um starfslok Alþingis, og hvaða málum þingið muni ljúka áður en þingmenn fara í sumarfrí. Heimildarmenn Fréttablaðsins telja með öllu útilokað að tillagan, sem lögð var fram í gær, verði afgreidd fyrir þinglok.

Alþingi samþykkti 16. júlí í fyrra að fela ríkisstjórninni að sækja um aðild að Evrópusambandinu (ESB). Alls greiddu 33 þingmenn atkvæði með tillögunni en 28 greiddu atkvæði gegn henni. Tveir þingmenn greiddu ekki atkvæði.

Fram kom í könnun sem MMR gerði fyrir vefsíðuna andriki.is að tæplega 58 prósent þeirra sem afstöðu tóku teldu rétt að íslensk stjórnvöld drægju umsókn sína um aðild að ESB til baka.

Bjarni segir að niðurstöðurnar komi ekki á óvart, það virðist vera að renna upp fyrir þjóðinni að forgangsröðun ríkisstjórnarinnar hafi verið röng. Sjálfstæðismenn hafi lagt til að þjóðin fái að greiða um það atkvæði hvort fara eigi í aðildarviðræður. Misráðið hafi verið að fara í viðræður án þess að um það væri breið samstaða meðal þjóðarinnar.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, segir afstöðuna enn meira afgerandi en hann hafði átt von á. Það rími við það sem hann hafi sagt þegar fjallað var um aðildarumsóknina á Alþingi. Þetta sé ekki rétti tíminn fyrir slíkar viðræður.

Birgitta Jónsdóttir í Hreyfingunni segist vilja þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort fara eigi í aðildarviðræður, og hefur lagt fram frumvarp um málið á Alþingi. Hún segir að halda hefði átt slíka atkvæðagreiðslu áður en Alþingi fjallaði um málið.

Ekki náðist í Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra eða Steingrím J. Sigfússon fjármálaráðherra í gær. brjann@frettabladid.is



**Stuðningur við að aðildarumsókn verði dregin til baka**




Heimild: Könnun MMR fyrir andriki.is

## Um 58% vilja draga ESB-umsókn til baka

Tæplega 58 prósent landsmanna vilja að íslensk stjórnvöld dragi umsókn um aðild að Evrópusambandinu til baka, samkvæmt könnun sem markaðsrannsóknarfyrirtækið MMR gerði fyrir vefsíðuna Andriki.is. Vitnað var í niðurstöður könnunarinnar í Morgunblaðinu í gær.

Alls sögðust 57,6 prósent mjög eða frekar fylgjandi því að draga umsóknina til baka, en 24,3 voru því mjög eða frekar andsnúin. Þá sagðist 18,1 prósent hvorki fylgjandi né andvígt því að draga umsóknina til baka.

Í könnuninni var vitnað í skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis, þar sem fram kom að beinn kostnaður vegna aðildarumsóknarinnar á árunum 2009 til 2012 verði um 990 milljónir króna. Þátttakendur í könnuninni voru spurðir hversu vel eða illa þeir teldu þeim fjármunum varið.

Alls sögðust rúmlega tveir þriðju hlutar, 66,9 prósent, telja fjármununum mjög eða frekar illa varið. Um 19,9 prósent sögðust telja peningunum mjög eða frekar vel varið. Þá sagðist 13,1 prósent þeirra sem afstöðu tóku hvorki telja fjármununum vel né illa varið.

Könnunin var gerð dagana 8. til 10. júní. Úrtakið var valið tilviljanakennt úr þjóðskrá. Þátttakendur voru 846. Svarhlutfall í fyrri spurningunni var 90 prósent, en 86,3 prósent í þeirri síðari.


kostur
Spörum og njótum lífsins
NÝR
OPNUNARTÍMI
OPIÐ ALLA DAGA
FRÁ 10-20
Mjólk
á tilboði alla þriðjudaga

Nýmjólk & léttmjólk 1L
75 kr/stk
Mikið úrval af frábærum tilboðum - líttu við
Dalvegur 10-14 | 201 Kópavogur | Sími 560 2500 | www.kostur.is
Opið alla daga frá 10.00 til 20.00 | Sjáðu Kost á Facebook


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**LÉTTIR TIL Á MORGUN** Fínasta veður á landinu í dag, einkum norðaustan til þar sem mestu hlýindin verða. Á morgun léttir til vestanlands en það verður dálítil væta suðaustan til fyrri partinn. Spáin fyrir 17. júní er flott en horfur eru á bjartviðri um allt land.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 23° |
| Basel | 18° |
| Berlín | 22° |
| Billund | 17° |
| Frankfurt | 19° |
| Friedrichshafen | 18° |
| Gautaborg | 18° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 17° |
| Mallorca | 24° |
| New York | 27° |
| Orlando | 36° |
| Ósló | 18° |
| París | 17° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 13° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*



**Arizona tjald**
**4 manna**
Innra lag: öndunarefni úr Polyamid
Ytra lag 190T polyester
Stærð með fortjaldi 130x210x240sm
PU 1500mm
5869200

**8.990** ~~10.795~~



**7.990** ~~9.890~~

**Tjald 3 manna Santa Barbara**
Innra lag: öndunarefni úr Polyamid
Ytra lag 190T polyester
Stærð með fortjaldi 130 x 210 x 210 sm
5869205

# ALLT FYRIR ÚTILEGUNA
# FRÁBÆRT VERÐ



**Sylt Fjölskyldutjöld 4 manna**
2 svefnherbergi
Stærð með fortjaldi 460 x 210 x 190
5869206

**14.990** ~~18.295~~

**Sylt Fjölskyldutjöld 6 manna**
2 svefnherbergi
Stærð með fortjaldi 450 x 210 x 185
5869207

**19.990** ~~24.895~~



**Flíspeysur**
5863738 - 5863740 & 5863750 - 5863752

**4.999** ~~5.999~~

TRUENORTH

**ÚTIVISTAR-FATNAÐUR**
**MIKIÐ ÚRVAL**



**Regn & vindjakki**
Nokkrir litir dömu, herra og barna. Vindbuxur í stíl aðeins 3.999 kr.
5868030 - 88

**4.999** ~~5.999~~



**3.590** ~~4.390~~

**Svefnpoki**
Oulu, 1,4kg -8°C
3000045

**Gönguskór**
með gartex öndun
5863108 - 112



**8.999** ~~12.991~~

**Tjaldborð og bekkjarsett**
2bekkir og borð
stærð 113 x 68 x 72 sm
3899360

**14.990** ~~16.494~~



**Plastborðbúnaður í tösku**
24 stykki fáanlegt í 4 litum
2005394

**1.799**



**Vindsængur**
í miklu úrvali
3900931 - 35

**Verð frá 1.690**



**Látum verkin tala!**

Tilboð gilda 15. - 20. júní
Timburmiðstöð Grafarholti opið til 18:00 alla daga
Verslun Skútuvogi, opið til 21:00 alla daga

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

**HÚSASMIÐJAN**

**KJÖRKASSINN**



*Ferðu í sund oft í viku?*

| | |
|---|---|
| Já | 52,0% |
| Nei | 48,0% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Horfðir þú á beina útsendingu frá eldhúsdegi á Alþingi?*

Segðu skoðun þína á Vísi

vísir

EFTA-álit kallar á lagabreytingar hér á landi varðandi réttindi launafólks:

# Þegar búið að leggja fram lög

**ALÞINGI** Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra hefur lagt fram frumvarp um breytingar á lögum um réttindi launafólks. Frumvarpið er lagt fram í kjölfar álits eftirlitsstofnunar EFTA um að dómur Hæstaréttar varðandi launamál stangaðist á við tilskipun Evrópusambandsins, sem Fréttablaðið greindi frá í gær.

Dómurinn sneri að launakröfum starfsmanna Fréttablaðsins sem skildar voru eftir í þrotabúi þegar nýtt fyrirtæki tók reksturinn yfir. Samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins áttu nýir eigendur að taka þær skuldir yfir, líkt og aðrar skuldbindingar.

Árni Páll vonast til að frumvarpið verði samþykkt fyrir sumarfrí, en samkvæmt áætlun er síðasti starfsdagur í dag. Hann undrast að breyta þurfi lögum til að þau séu í samræmi við tilskipunina. „Það er ómögulegt að skilja þessa tilskipun með þeim hætti sem núverandi lög gera. Þetta hlýtur að hafa verið vangá í lagasetningu, ég trúi ekki að menn hafi ætlað sér að koma í veg fyrir að tilskipunin tæki gildi.“ **- kóp**



**FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA** Árni Páll Árnason lagði fram frumvarp til að samræma íslenska löggjöf Evróputilskipun, eftir álit Eftirlitsstofnunar EFTA. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þekktir spænskir listamenn:

# Vilja rannsaka borgarastríðið

**SPÁNN** Fimmtán þekktir spænskir listamenn koma fram í nýju myndbandi til stuðnings rannsóknardómaranum Baltasar Garzón, meðal annarra leikstjórinn Pedro Almodóvar og leikarinn Javier Bardem.

Hæstiréttur Spánar hefur vikið Garzón frá störfum sínum, sem eru rannsóknir á glæpum fasista í spænska borgarastíðinu. Dómsmálayfirvöld á Spáni telja rannsóknina stangast á við almenna sakaruppgjöf vegna glæpanna, sem er frá árinu 1977. **- kóþ**




# Alþingi ræddi vanda heimila og lýðræði

**Í eldhúsdagsumræðum á Alþingi í gær var lögð áhersla á vanda heimilanna og lýðræðisumbætur. Formaður Framsóknar óttast að millistéttin þurrkist út. Fjármálaráðherra segir hagtölur mun jákvæðari en reiknað hafði verið með.**

**ALÞINGI** Skuldavandi heimilanna, lýðræðisumbætur og horfur í efnahagsmálum voru mikið rædd-ar á eldhúsdegi á Alþingi í gær.

Þórunn Sveinbjarnardóttir var fyrsti ræðumaður Samfylkingar. Hún sagði kjósendur hafa gripið tækifæri til breytinga í síðustu kosningum. Hún voni að stjórnlagaþing kalli á sömu viðbrögð.

Taka ætti upp bankaskatt í ljósi þess að Landsbankinn hagnast um 90 milljónir á dag „á sama tíma og stjórnvöld hafa átt í mikilli baráttu við lánastofnanir til þess að fá þær til að koma betur til móts við skuldara,“ sagði Þórunn.

Engin óvissa væri um vatnalögin frá 2006. Þau tækju ekki gildi á þinginu en iðnaðarráðherra legði fram nýtt frumvarp um þau í upphafi haustþings.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokks, sagði brýnt að taka á vanda heimilanna. Skýrsla Seðlabankans sýni hann vaxa. Áríðandi sé að auka hagvöxt, skapa störf og afnema gjaldeyrishöft. Ríkisstjórnin hefði spillt fyrir stöðugleikasáttmála, meðal annars með kröfu um fyrningu aflaheimilda.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknar, sagði að frá hruni hefði eitt og annað verið gert, en ekki ráðist gegn rót vandans. „Nú stefnir í að þingið ljúki störfum án þess að afgreiða lausnir fyrir heimilið,“ sagði hann. Framkomnar lausnir miðist fyrst og fremst við þá sem eru komnir í þrot, ekki þá sem berjast í bökkum. Þetta geti valdið því að „millistéttin þurrkist út“.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, sagði „verk að vinna í íslensku samfélagi við að endurheimta traust“.

Ekki komi til greina að Alþingi ljúki störfum fyrr en málum um hagsmuni heimila væri lokið og tryggt að „vatnið verði ekki einkavætt“. Steingrímur reifaði að hagtölur væru jákvæðari en búist var við. Samdráttur, halli ríkissjóðs og atvinnuleysi væri minna en búist var við. Síðasta hálfa árið hefði íslenska hagkerfið vaxið en ekki dregist saman. Nú væru allir hættir að tala um þjóðargjaldþrot.

Margrét Tryggvadóttir úr Hreyfingunni sagði íslenskt samfélag „nánast óbærilegt vegna spillingar í viðskiptalífi og stjórnmálum“.

Hugmyndafræði sem byggist á sterkum leiðtoga sé liðin undir lok; með „brosbyltingunni“ hafi fólk kosið sér nýja valkosti. „Ísland er ekki í lagi en það er hægt að laga það. Ef þeir sem hér verma stóla ætla ekki að taka þátt í því verða þeir að öllum líkindum bornir út,“ sagði Margrét. klemens@frettabladid.is



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**



**ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR**



**BJARNI BENEDIKTSSON**



**SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON**




SÖLUFERLI

Stjórn Skífunnar hefur ákveðið að selja rekstur og vörumerki félagsins í opnu söluferli. Skífan á sér langa sögu sem einn helsti seljandi tónlistar og tölvuleikja hér á landi og rekur eina verslun í Kringlunni.

Söluferlið hefst þann 16. júní 2010 og er opið öllum áhugasömum fjárfestum sem geta sýnt fram á fjárfestingargetu umfram 50 milljónir króna.

Þeim fjárfestum sem óska eftir að taka þátt í söluferlinu ber að hafa samband við lögmann félagsins Sigurð Valgeir Guðjónsson hdl. hjá Advel lögfræðiþjónustu í síma 840-1237 eða á netfangið svg@advel.is.

Rétt er að árétta að stjórn Skífunnar áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum, breyta söluferlinu og/eða stöðva það eftir atvikum.

SKÍFAN

KRINGLAN · 591-5320 · WWW.SKIFAN.IS

Rjóður í skóginum við Rauðavatn sem var notað til náttúrufræðikennslu:

# Útikennslustofa gjörónýt eftir bruna

**UMHVERFISMÁL** Mikil skemmdarverk hafa verið unnin á útikennslustofu í grenndarskógi Selásskóla við Rauðavatn.

„Þegar ég kom þarna að var búið að rústa þessu og kveikja í,“ segir Örn Árnason leikari, en hann gekk fram á skemmdarverkin í gær á sunnudag. „Þetta er ákaflega sorglegt því þarna er margra ára vinna kennara og nemenda farin í súginn. Það er búið að taka mörg ár hjá skólanum að koma upp aðstöðu þarna.“ Í útikennslustofunni hafa nemendur skólans fengið lifandi náttúrufræðikennslu. Nú er hún nánast ónýt. Að auki eru nokkur tré við skólastofuna brunnin og mun líklega þurfa að saga þau niður. „Ég verð bara sorgmæddur þegar ég horfi upp á svona eyðileggingu.“

„Við höfum ekki fengið að eiga þetta mikið í friði, en skemmdarverkin hafa ekki gengið svona langt áður,“ segir Örn Halldórsson, skólastjóri Selásskóla. Hann segir að áður hafi borð verið brotin niður og skiltum hent. „Þetta er mjög leiðinlegt fyrir börnin sem eru að leggja vinnu í þetta.“ Örn segir þó að það þýði ekki að láta deigan síga og útikennslustofan verði byggð upp á nýjan leik. **- þeb**



**Í RJÓÐRINU** Örn gekk fram á skemmdarverkin á sunnudag. Miklar skemmdir höfðu verið unnar á svæðinu áður en kveikt var í. Bjórdósir og annað rusl var í grennd við svæðið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Velkomin í viðskipti
# hjá stærsta hýsingaraðila landsins




**Heimild:** 5 stærstu hýsendur .is léna skv. tölum ISNIC

## Pantaðu núna á **www.1984.is**
## Verð aðeins **672 kr.** á mánuði

- **Netföng:** Ótakmarkað
- **Mysql gagnagrunnar:** Ótakmarkað
- **Netumferð:** Ótakmarkað
- **Aukalén og undirlén á aðalléni:** Ótakmarkað
- **DNS þjónusta:** Ótakmarkaður lénafjöldi
- **Diskpláss:** 5 gígabæti (5120 megabæti)
- **Vefpósthús:** Val um tvenns konar vefpósthús
- **Tölfræði síðunnar**
- **FTP og SFTP aðgangur að vefsvæði**
- **PHP 5 og MySQL**
- **IMAP og POP3 Stuðningur**
- **DAGLEG AFRITUN GAGNA**

- Engin uppsetningargjöld
- Engin falin útgjöld
- Engir platínum eða bronz pakkar
- Grunnpakkinn okkar inniheldur meira en stærstu pakkarnir hjá samkeppnisaðilunum.

1984

– stóri bróðir hefur gætur á þér

Sími 546 1984 ::: info@1984.is ::: www.1984.is

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hvað voru margir brautskráðir frá Háskóla Íslands um helgina?
2. Hvenær er áætlað að halda stjórnlagaþing samkvæmt frumvarpi?
3. Í hvaða nýja bandaríska sjónvarpsþætti hefur Ísland hlutverk?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Lögregla lagði hald á 1.200 kannabisplöntur, tilbúin efni og hálfa milljón:

# Upprættu öflugan kannabishring

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður um þrítugt hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 16. júní næstkomandi að kröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Rannsókn lögreglunnar varðar framleiðslu og sölu á kannabisefnum og leitaði í sex húsum víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu í síðustu viku vegna málsins. Fimm karlmenn voru handteknir við þær aðgerðir. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu naut aðstoðar lögreglumanna frá embætti Ríkislögreglustjóra, auk tollyfirvalda.

Með þessum aðgerðum telur lögreglan sig hafa stöðvað umfangsmikinn hóp við framleiðslu og sölu á ólöglegum fíkniefnum. Alls hafa fundist um 1.200 plöntur á mismunandi stigi ræktunar, um tvö kíló af tilbúnum efnum sem að hluta voru í söluumbúðum, auk þess sem haldlagðir voru fjármunir að upphæð um 500 þúsund. Þá var lagt hald á ýmsan búnað til ræktunar.



KARL STEINAR VALSSON

Talið er að þetta mál tengist öðrum ræktunarmálum, sem lögregla hafði áður haft afskipti af, að sögn Karls Steinars Valssonar, yfirmanns fíkniefnadeildar. Lögreglan minnir á að almenningur getur komið ábendingum á framfæri ef grunsemdir vakna um fíkniefnamisferli, í síma 800 5005. - jss

Ný bæjarstjórn í Hafnarfirði:

# Ráðningu Lúðvíks mótmælt

**HAFNARFJÖRÐUR** Rúmlega sextíu mótmælendur komu saman þegar fyrsti bæjarstjórnarfundur nýrrar bæjarstjórnar Hafnarfjarðar var haldinn í gær. Fólkið mótmælti ráðningu Lúðvíks Geirssonar sem bæjarstjóra en hann féll úr bæjarstjórn í nýliðnum kosningunum.

Meirihluti Samfylkingarinnar féll í kosningunum en flokkurinn hefur myndað nýjan meirihluta með VG. Samkomulag flokkanna felur í sér að Lúðvík verður bæjarstjóri til ársins 2012.

Alþingi setur bann:

# Yngri en átján ára mega ekki stunda ljósbekki

**HEILBRIGÐISMÁL Ungmennum yngri en átján ára er óheimilt að nota ljósabekki, eftir að Alþingi samþykkti í gær breytingu á lögum um geislavarnir þar sem kveðið er á um þetta.**

**Heilbrigðisráðuneytið eru grundvöllur bannsins og einnig sú staðreynd að útfjólublá geislun frá sólarlömpum er nú flokkuð sem krabbameinsvaldandi. Þetta kemur fram hjá heilbrigðisráðuneytinu.**

**Lagabreytingin felur í sér að börnum undir átján ára aldri verður bannað að nota ljósabekki í öðrum tilgangi en læknisfræðilegum, á stöðum sem starfsleyfi hafa samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.** - jss

Tómas Ísleifsson, bóndi og líffræðingur á Ytri-Sólheimum í Mýrdal, vill ekki útrýma lúpínunni :

# Tillögur um lúpínu ekki skynsamlegar

**UMHVERFISMÁL** „Mér finnst þessar tillögur, sem fram eru komnar um útrýmingu lúpínu ekki skynsamlegar.“

Þetta segir Tómas Ísleifsson, bóndi og líffræðingur á Ytri-Sólheimum í Mýrdal. „Mér virðist sem skoðanir á þessu máli byggist ekki bara á þekkingu, heldur allt of mikið á tilfinningum,“ bætir hann við.

Mismunandi skoðanir eru á þeim tillögum um heftingu á útbreiðslu lúpínu sem umhverfisráðuneytið kynnti nýlega. Tómas kveðst þekkja mörg dæmi um gagnsemi jurtarinnar:

„Það var fyrir um fjörutíu árum sem girtur var af lítill skiki í landi Eystri-Sólheima. Þetta gerði Þorsteinn Jónsson sem þar var þá bóndi. Skikinn var á uppblásnum jökulmel og algjörlega gróðurlaus. Þarna setti Þorsteinn niður lúpínu, sem fljótlega þakti blettinn alveg. Þegar girðingin féll niður, að um tuttugu árum liðnum, þá kom beit á þetta. Nú er þetta bara graslendi og ekki eina einustu lúpínu að sjá. Landið í kring er enn þá örfoka, réttnefnt Ísland í tötrum.“

Tómas segist geta nefnt fleiri dæmi um gagnsemi lúpínunnar.

Í skógræktargirðingu í landi Ytri-Sólheima, þar sem ein fyrsta lúpínusáningin hafi átt sér stað fyrir fimmtíu og fimm árum eða svo, séu nú vaxin væn tré. Innan girðingar sé orðið grösugt en lúpínan hafi hopað eftir að farið var að beita fé hóflega í hana.

Tómas kveður það augljóst að Íslendingar hafi ekki efni á að græða upp óræfi landsins nema að nota aðferðir eins og að ofan greinir. Nú sé á Sólheimum verið að sá



**HÓLMSHEIÐI** Þar eins og víðar má sjá birki og víðiplöntur vaxa upp úr lúpínubreiðunni.

grasfræi ofan vegar í 240 hektara lands. Ekki sé ólíklegt að áburðarkostnaður hlaupi á einhverjum milljónum króna á hverju landi, svo lengi sem eigi að hafa beitarnot af því.

„Þakka ber að landgræðslan er að hjálpa til þarna,“ segir Tómas. „Hins vegar sá ég það nýverið þegar ég ók frá Sólheimum til Reykjavíkur að öskuvandamálið er fyrst og fremst í landi Sólheima. Öskufallið er bölvun ef það kemur niður á örfoka land, því þá fýkur askan til. Fíngerðasti hlutinn fýkur í burtu. Eftir stendur grófasti hlutinn, sem sverfur jurtir til dauða, fýkur í skafla sem feykjast fram og til baka. Sömu sandkornin eru að eyðileggja ár eftir ár.

Þar sem askan fellur á gróið land, til dæmis lúpínugróður sem gengur næst skóginum í að hindra fok, er askan þegar fram í sækir blessun. Mér er sagt að fosfórmagnið sé það mikið í henni að þarna eru komnar birgðir til 60 ára.“ Ekki náðist í Svandísi Svavarsdóttur umhverfisráðherra í gær. jss@frettabladid.is




Miðvikudaginn, 16. júní kl. 16.00 í Þjóðmenningarhúsinu

OPINN FUNDUR UM MANNRÉTTINDI

Í tilefni af komu fr. **Navanethem Pillay, mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna** til Íslands, stendur utanríkisráðuneytið í samvinnu við Mannréttindaskrifstofu Íslands og Mannréttindastofnun Háskóla Íslands fyrir opnum fundi um eflingu og verndun mannréttinda.

DAGSKRÁ

Ávarp **Össurar Skarphéðinssonar**, utanríkisráðherra

**Navanethem Pillay**, mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna fjallar um hlutverk Sameinuðu þjóðanna við að efla og vernda mannréttindi

**Fyrirspurnir og umræður**

Fundarstjóri: **Þóra Arnórsdóttir**, fréttamaður



Össur Skarphéðinsson



Þóra Arnórsdóttir

Fundurinn fer fram á ensku. Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

MANNRÉTTINDASTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ




**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR** Forsætisráðherra styður breytingar á fánalögum í þá veru að hann fái að hanga uppi allan sólarhringinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fánalög til umræðu á þingi:

# Ráðherra styður rýmri reglur

**ALÞINGI** Breyting á fánalögum í þá veru að hann fái að hanga uppi allan sólarhringinn nýtur stuðnings Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra. Þetta kom fram í svari hennar við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur, þingmanns Framsóknar, á Alþingi í gær.

Jóhanna sagði hins vegar ekki hafa verið uppi áform um að breyta reglum um notkun þjóðfánans af hálfu forsætisráðuneytisins, en taldi tilefni til að skoða málið og taldi að allsherjarnefnd Alþingis myndi skoða þessar reglur samhliða umfjöllun um frumvarp forsætisráðherra um endurskoðun á fánalögunum. - óká

**LÖGREGLUMÁL**

## Niðurstöðu að vænta

Von er á fyrstu niðurstöðum í rannsóknum sérstaks saksóknara í þessum mánuði. Á næstu vikum verða teknar fyrstu ákvarðanir hjá embættinu um ákærur í einstökum málum. Um er að ræða minni mál til að byrja með, en stærstu og umfangsmestu málin, líkt og rannsóknin á meintri markaðsmisnotkun í Kaupþingi, þurfa lengri tíma og því ekki gert ráð fyrir niðurstöðum í þeim málum fyrr en í fyrsta lagi næsta haust.

Veljum íslenskt
**– okkar hagur!**
Samtök iðnaðarins - www.si.is




ÍSLENSKA SIA.IS MAL 50048 06/10

# 80% málarameistara* velja Kjörvara, viðarvörn fyrir íslenskar aðstæður

80%




## Notaðu sumarið til að búa í haginn fyrir veturinn.

**Málning - fyrir íslenskar aðstæður**
Þeir sem til þekkja nota Kjörvara á allt tréverk utanhúss. Reynslan hefur sýnt að Kjörvari er viðarvörn sem er gædd einstökum eiginleikum fyrir íslenskt veðurfar.

*Hlutfall málarameistara sem eru í viðskiptum við Málningu hf.




málning
-það segir sig sjálft-

**Útsölustaðir Málningar:** BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BYKO Kauptún • BYKO Akranesi • Axel Þórarinsson málarameistari, Borgarnesi Snæþvottur Grundarfirði • Virkið Hellissandi • Núpur byggingavöruverslun, Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO Reyðarfirði • G.T. VÍK Egilsstöðum • Verslunin PAN, Neskaupstað • BYKO Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík.



**BARN Í KÚLU** Þessi drengur skemmti sér konunglega inni í uppblásinni plastkúlu á vatni í Sófíu, höfuðborg Búlgaríu. Kúlan hefur þó tæplega veitt mikið skjól fyrir 35 gráða heitri svækjunni í landinu nú um stundir. NORDICPHOTOS / AFP

# Formaður má ekki segja frá

**Formaður Sjálfstæðisflokksins fær ekki leyfi til að segja hver styrkti hann 2006. Nokkrir þingmenn flokksins eru ekki á lista Ríkisendurskoðunar yfir þá sem hafa skilað upplýsingum um prófkjör fyrir kosningar 2007. Pétur Blöndal þáði styrk upp á 700.000 krónur. Ólöf Nordal segir mest hafa komið úr eigin vasa.**

**STJÓRNMÁL** Formaður Sjálfstæðisflokksins, Bjarni Benediktsson, hefur, eftir að styrkjaumræðan komst í hámæli, beðið styrkveitanda sinn frá 2006 um leyfi til að greina frá styrk upp á hálfa milljón, en ekki fengið leyfið.

Bjarni segir að gengið hafi verið út frá því þegar styrkurinn var veittur að það yrði gert í nafnleysi. Þannig hafi verið um marga styrki til ýmissa frambjóðenda.

„Ég hélt því til haga þegar formenn flokkanna sammæltust um að opna bókhaldið að þetta yrði aldrei nema ófullkomin tilraun til að gera hluti eftir á, og það hefur auðvitað sýnt sig,“ segir Bjarni: „Eftir sitja nokkrir styrkir og í mínu tilfelli þessi eini.“

Spurður um aðra þingmenn sem ekki gefa upp styrki sína, segir hann: „Ég hef margoft sagt að mér finnst sjálfsagt og eðlilegt að gera þá kröfu til þingmanna að þeir taki saman þessar upplýsingar og geri opinberar eftir því sem hægt er.“

Minnst fimm þingmenn Sjálfstæðisflokks ættu að vera, en eru ekki, á lista Ríkisendurskoðunar yfir þá sem hafa skilað upplýsingum um kostnað við prófkjör flokksins 2006. Stofnunin mæltist til þess að þessum upplýsingum yrði skilað fyrir síðustu áramót en það var ekki lagaleg skylda.

Jón Gunnarsson er einn þessara. Hann segir að honum hafi ekki fundist taka því að skila yfirlýsingu um lág framlög til sín. Hæstu styrkirnir hans hafi numið 150.000 krónum og hann hafi þegið fjóra slíka. Alls 875.000 krónur frá átta fyrirtækjum. Heildarkostnaður í prófkjörinu hafi numið um fjórum milljónum, mest greitt úr eigin vasa.

Ólöf Nordal skilaði heldur engu. Hún segir að kostnaðurinn hafi verið um tvær milljónir og mest úr eigin vasa. Enginn styrkur hafi verið yfir 300.000 krónum: „Ég tók þá afstöðu að þiggja enga slíka styrki,“ segir hún.

Þá skilaði Pétur H. Blöndal ekki upplýsingum um prófkjörið 2006. Hann segist hafa skilað öllu sem honum bar að skila, en sem fyrr segir var um tilmæli að ræða frekar en skyldu.

„Ég fékk einn styrk 2006 frá manni sem vildi endilega veita mér hann. Það voru 700.000 krónur. Þessi prófkjör hafa kostað mig um átta milljónir og það hefur að öðru leyti verið greitt úr eigin vasa,“ segir Pétur. Spurður hver hafi styrkt hann, segist Pétur þurfa að fá leyfi til að gefa það upp.

Tveir þingmannanna, Árni Johnsen og Ragnheiður Ríkharðsdóttir, upplýstu um bókhald sitt eftir að frestur Ríkisendurskoðunar rann út, í Fréttablaðinu og á Vísi. Árni sagði þá sinn kostnað undir 300.000 krónum og Ragnheiður að stærsti styrkur til hennar hefði verið hálf milljón frá Baugi.

Meðal þingmanna sjálfstæðisflokks, sem ekki hafa greint frá öllum stykjum sínum, eru Guðlaugur Þór Þórðarson, Kristján Þór Júlíusson og Sigurður Kári Kristjánsson. Sigurður hefur þó sagt að á bak við sína óútskýrðu styrki standi „fjölskyldumeðlimir og fólk sem tengist mér vinaböndum“.

klemens@frettabladid.is



JÓN GUNNARSSON BJARNI BENEDIKTSSON ÓLÖF NORDAL PÉTUR BLÖNDAL

Mótmæli við Alþingishúsið:

## Skvettu vatni

**MÓTMÆLI Hópur fólks lét vatnsfötur ganga á milli sín frá Tjörninni og skvetti úr þeim á Alþingishúsið í gær til að mótmæla einkavæðingu íslenska vatnsins.**

**Helga Þórðardóttir, oddviti Frjálslynda flokksins í Reykjavík, var meðal mótmælenda og segir að Alþingi þurfi að standa í lappirnar því vatnið sé dýrmætasta auðlindin í framtíðinni.**

**Helga segir jafnframt að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn vilji einkavæða auðlindir landsins og það beri að varast.** - sv

DÓMSTÓLAR

### Sex manns brutu iðnaðarlög

Þrír karlmenn og þrjár konur hafa verið ákærð fyrir að reka þrjár ljósmyndastofur og selja þjónustu án þess að hafa meistara til forstöðu. Þar sem um er að ræða löggilta iðngrein eru þau ákærð fyrir brot á iðnaðarlögum.






**FRÁ AFGANISTAN** Meðal efnanna sem hafa fundist í Afganistan er líþín, sem er gríðarlega verðmætt og er meðal annars notað í farsímarafhlöður.

## Stórar námur ýmissa efna fundust í Afganistan:

# Miklir möguleikar í námum í Afganistan

**AFGANISTAN, AP** Gríðarlega stórar námur hafa fundist í Afganistan. Meðal efna sem þar er að finna eru járn, kopar, gull og líþín.

Þetta kemur fram í niðurstöðum teymis á vegum bandaríska stjórnvalda, sem segir námurnar vera að minnsta kosti 900 milljarða Bandaríkjadala virði.

Námurnar veita mikla möguleika og gætu skipt sköpum við að koma landinu úr mikill fátækt, að mati Bandaríkjamanna. Rannsóknir á námunum hófust árið 2006 og lágu niðurstöðurnar fyrir á síðasta ári. Spurningar hafa því vaknað um hvers vegna fyrst er greint frá málinu núna. Jafnvel er talið að það sé gert til þess að auka tiltrú fólks á stríðinu í Afganistan, og því að það sé þess virði að vinna.

Það mun þó taka mörg ár að byggja upp námuiðnað í landinu ef af verður. Ekki eru fullnægjandi lög og reglur til að laða fjárfesta að námunum auk þess sem miklu þyrfti að eyða í uppbyggingu samgangna á svæðinu.

Þá er talið að námurnar gætu orðið til þess að talibanar muni leggja enn meira á sig við að ná yfirráðum á svæðinu. - þeb

Sértilboð

Stökktu til
Costa del Sol
22. júní
Frá aðeins kr. 69.900 í 14 nætur

14 nátta ferð – ótrúleg kjör!

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á allra síðustu sætunum 22. júní í 14 nætur til eins allra vinsælasta sólaráfangastaðar Íslendinga, Costa del Sol. Costa del Sol býður allt það helsta sem maður getur óskað sér í fríinu. Þú bókar flugsæti og gistingu og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Gríptu þetta einstaka tækifæri til að njóta lífsins á þessum vinsæla áfangastað í sumarfríinu. Fjölbreytt önnur sértilboð jafnframt í boði bæði 22. júní og 6. júlí.

Ath. takmarkaður fjöldi sæta og gistingar í boði - verð getur hækkað án fyrirvara.

Kr. 69.900 – 14 nátta ferð
Verð m.v. m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2–11 ára, í íbúð með 1 svefnherbergi í 14 nætur. Verð m.v. 2–3 í herbergi / stúdíó / íbúð kr. 74.900. Sértilboð 22. júní.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Ferðaskrifstofa
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.





Farðu á netið í glænýjum 3G síma

Facebook, YouTube, Google, tölvupóstur og fréttamiðlarnir fylgja þér á ferðalaginu í gegnum stærsta 3G dreifikerfi landsins.

800 7000 • siminn.is

Það er Síminn


25 ára
afmælistilboð
Ostborgar
franskar
og Coke
8
AMERICAN STYLE
VIÐ ERUM Í AFMÆLISGÍRNUM
Á ÖLLUM FIMM VEITINGASTÖÐUM
AMERICAN STYLE.
GERÐU ÞÉR DAGAMUN
OG VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR...
...EINS OG ALLTAF.
Gildir út júní 2010
Athugið: Ekki er hægt að breyta tilboðinu.
OPIÐ TIL 11:00 ÖLL KVÖLD
AMERICAN STYLE
BÍLDSHÖFÐI
AMERICAN STYLE
TRYGGVAGATA
AMERICAN STYLE


95.-
AMERICAN
AMERICAN STYLE
SKIPHOLT
HAFNARFJÖRÐUR
KÓPAVOGUR
STOFA 53

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Tillögur um þjóðfund sem undanfara stjórnlagaþings ættu að stuðla að sátt.

## Ný umræðuhefð?

Sú málamiðlun, sem náðist í allsherjarnefnd Alþingis um breytingar á frumvarpinu um stjórnlagaþing, virðist vera fremur til bóta og óskandi væri að málið fengi afgreiðslu á þinginu, sem nú er að ljúka. Samkvæmt breytingartillögu fulltrúa allra flokka á meðal annars að fela stjórnlagaþinginu að fjalla um tvennt, sem láðist að nefna í upphaflegu frumvarpi forsætisráðherra; annars vegar framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana og meðferð utanríkismála og hins vegar umhverfismál, þar á meðal eignarhald á auðlindum. Hvort tveggja eru mál, sem mörgum finnst að eigi heima í nútímalegri stjórnarskrá.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Í breytingartillögu fulltrúa allra flokka nema Framsóknarflokksins er lagt til að áður en efnt verður til stjórnlagaþingsins kjósi Alþingi nefnd, sem verði sjálfstæð í störfum sínum og fái það hlutverk að standa að þúsund manna þjóðfundi um stjórnarskrána. Fundarmenn verði valdir með slembiúrtaki úr þjóðskránni. Nefndin á að vinna úr tillögum þjóðfundarins og leggja fyrir stjórnlagaþingið, auk þess að taka saman gögn og leggja fyrir stjórnlagaþingið hugmyndir um breytingar á stjórnarskrá.

Það er út af fyrir sig mjög merkilegur áfangi að þjóðfundarfyrirkomulagið skuli þannig vera á leið inn í löggjöf um endurskoðun sjálfrar stjórnarskrárinnar. Þjóðfundurinn, sem haldinn var í Laugardalshöll í nóvember síðastliðnum var einstakur; í fyrsta sinn voru fulltrúar heillar þjóðar, valdir með slembiúrtaksaðferð, fengnir saman á einn stað til að móta framtíðarstefnu. Umræðufyrirkomulag þjóðfundarins er sömuleiðis talsverð nýjung fyrir Íslendingum. Þar var unnið í smærri hópum, sem leituðust við að greina gildi samfélagsins og bregða upp framtíðarsýn. Þannig var þróuð aðferð til að allir fengju að tjá sig og koma sinni skoðun á framfæri, sjónarmið allra fengju jafnt vægi, enginn meirihluti kaffærði minnihlutann og áherzlan væri ekki á átök eða að yfirgnæfa andstæð sjónarmið, heldur að leita að því sem átti breiðan grundvöll og sameiginlegan hljómgrunn.

Aðferð og niðurstöður þjóðfundarins vöktu mikla athygli og víða hefur verið til þeirra vitnað síðan. Svipað fyrirkomulag hefur verið viðhaft við stefnumótun á vegum ríkisins, sveitarfélaga og félagasamtaka og víðast gefið góða raun. Það er hressandi og uppbyggileg tilbreyting frá íslenzkri umræðuhefð, sem oft virðist fremur byggjast á því að sverta andstæðinginn og gera lítið úr honum á alla lund en að leita að því jákvæða, sem allir geta sameinazt um.

Mikið ríður á að um niðurstöðu stjórnlagaþings skapist sem víðtækust sátt. Alþingi hefur í meira en sex áratugi ekki ráðið við það verkefni að endurskoða stjórnarskrána, vegna þess að þar hafa menn ævinlega hrotið ofan í pólitískar skotgrafir. Til stjórnlagaþings verða ekki kjörnir fulltrúar flokka, heldur einstaklingar sem hafa áhuga á að beita sér fyrir umbótum á stjórnskipaninni. Það stuðlar vonandi að því að stjórnarskrárumbætur hrökkvi ekki enn eina ferðina í pólitískan baklás. Það að nýta umræðuform þjóðfundarins til að fá fram sjónarmið almennings ætti sömuleiðis að stuðla að sátt.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edward **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

KYNNING
í dag þriðjudag kl. 13-18
20% afsláttur til 30. júní



Gallexier®
Linar hratt og auðveldlega meltingaróþægindi sem geta orsakast af þungum og fituríkum mat.
Gallexier er alkahólfrí jurtablanda sem má taka fyrir eða eftir máltíð.

Heilsuver
Opið:
mán - fös 8.30-18
laugardaga 10-14
Suðurlandsbraut 22 | www.heilsuver.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Vonarpeningur

Mörður Árnason bloggar um vatnalög. Hann vill nema lögin frá 2006 úr gildi og líst illa á hugmyndir forystumanna stjórnarflokkanna um að fresta gildistöku enn eina ferðina. „Það er ekki gott – meðal annars vegna þess að enginn veit hvað ríkisstjórnin lifir lengi, en þó skárra en að lögin taki gildi, sem væri fullkomlega fáránlegt í samstjórn þeirra flokka sem einmitt tókst að standa vörð um fornan rétt í málinu.“ Þetta eru merkileg ummæli. Hvers vegna ætti almenningur að hafa tiltrú á ríkisstjórninni ef stjórnarliði hefur efasemdir um að hún sé á vetur setjandi. Ef þetta er ekki vatn á myllu stjórnarandstöðunnar…



### Heyannir

Nokkrir þingmenn hafa lagt fram þingsályktunartillögu um að aðildarumsókn Íslands að ESB skuli dregin til baka. Í þeim hópi er Gunnar Bragi Sveinsson, þingflokksformaður Framsóknarflokksins. Pressan greindi frá því í gær að innan Framsóknar væri allt á suðupunkti vegna þessa. Gunnar Bragi gengi þarna í berhögg við stefnu sem samþykkt var á flokksþingi Framsóknarflokksins. Formaður málefnanefndar segist líta svo á að Gunnar Bragi sé að segja grasrótinni stríð á hendur. Gunnari Braga til varnar má hins vegar benda á að Framsóknarflokkurinn er gamall bændaflokkur og það er jú sláttutími.



bergsteinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Hættur á ferðamannastöðum

Öryggismál



Jón Baldur Þorbjörnsson
leiðsögumaður

Sérstaða Íslands sem ferðamannalands er meðal annars fólgin í því frelsi og óhefta aðgengi sem fólk finnur fyrir þegar það heimsækir landið. Í tilefni slyssins við Látrabjarg á dögunum vil ég lengstra orða biðja þar til bær yfirvöld að hugsa sinn gang áður en farið er að setja upp rammgerðar girðingar og tálmanir hvar sem hætta getur leynst við vinsæla ferðamannastaði.

Flestum mönnum er gefinn ákveðinn skammtur af skynsemi sem fleytir þeim tiltölulega óhappalítið í gegnum lífið. Hjá öðrum yfirgnæfir áhættusæknin, svo engar girðingar fá þeim hvort eð er haldið. Það er þessi heilbrigða skynsemi sem við megum hvorki vanmeta né vanvirða hjá mannskepnunni. Þannig eru meira að segja þýsk umferðaryfirvöld nú á síðustu tímum búin að uppgötva þennan sannleika og farin að grisja í skógi umferðarmerkinga í sínu heimalandi. Hafa til dæmis fjarlægt fjölda merkinga sem sýna bíl steypast fram af kanti eða kaja þar sem ekið er um bryggjur eða á bökkum áa. Sama á við um umferðarmerki sem sýna möguleika á snjókomu. Farið er að treysta á að fólk verði sjálft vart við snjókomuna og þurfi því ekki á sérstökum aðvörunum að halda!

Hér á landi ættum við ekki að fara að tapa trú okkar á heilbrigða, mannlega skynsemi. Láta ekki skiltaskóga og keðjubunka yfirgnæfa íslenskar náttúruperlur. Að því leyti er t.d. nóg gert varðandi Gullfoss og Geysi, þótt frágangur í umhverfi og aðgengi sé þar að öðru leyti fyrir neðan allar hellur. Ekki þarf heldur að segja neinum að lífshættulegt geti verið að fara of nálægt bjargbrún. En í þeim tilfellum þar sem ósýnileg eða óvænt hætta er til staðar, eins og við lundaholurnar á Látrabjargi, þar sem menn geta auðveldlega misstigið sig á ystu brún, svo og í sambandi við lævísar öldutungurnar í Reynisfjöru, þar er sjálfsagt að geta um hættuna með áberandi hætti. Þar hefðum við þurft að vera fyrri til. Eru fleiri þekktir ferðamannastaðir þessu marki brenndir?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Aðildarumsókn er tímabær

**Evrópumál**



**Jón Sigurðsson**
lektor við Háskólann í Reykjavík

Það er skynsamleg ákvörðun að Íslendingar leiti aðildar að Evrópusambandinu. Í EES erum við áhrifalaust annars flokks fylgiríki og sú staða er allsendis ófullnægjandi til lengdar. Í annan stað erum við um þessar mundir að taka nýja viðspyrnu til framtíðar eftir alvarlegt hrun. Því er einmitt tímabært að taka aðild að ESB inn í stefnumótun þjóðarinnar núna. Þetta gerum við sem frjáls og fullvalda þjóð.

Þjóðin mun skera úr um þetta mál með þjóðaratkvæði að lyktum. Athugun á aðildarákvæðum annarra aðildarþjóða og á ýmsum ákvæðum aðalsáttmála ESB leiðir í ljós að miklar líkur eru til þess að hugsanlegur aðildarsamningur Íslands geti fullnægt óskum og kröfum þjóðarinnar. Margar fyrirmyndir og hliðstæður eru þegar fyrir hendi í samningum ESB sem benda til þess að réttindum og hagsmunum okkar á sviði fullveldis, gjaldmiðils, sjávarútvegs og landbúnaðar megi fyllilega mæta.

Um þessar mundir takast Evrópuþjóðirnar á við mikinn efnahags- og fjármálavanda – líkt og Íslendingar og margar fleiri þjóðir. Forysta ESB virtist um sinn eiga erfitt með að ná samstöðu um aðgerðir, og líkur benda til að þessi vandræði taki langan tíma framundan. Að miklu leyti er hér um að ræða hliðstæðan eða sams konar vanda og Íslendingar eiga við að stríða, og varla verður séð að þessi vandræði breyti neinu um samskipti okkar við ESB eða um forsendur aðildarumsóknar.

Aftur á móti virðist ljóst að margir hafa gert sér óraunhæfar væntingar um ESB og evruna. Af þeim sökum hafa margir orðið fyrir vonbrigðum og þessi vonbrigði eru að breiðast út. Gengi evrunnar hefur lækkað. Slíkt eflir samkeppnisstöðu Evrópulandanna, en reyndar er evran enn hærra skráð en var framan af. Kjarni evrunnar er Þýskaland, Benelúxlöndin og Frakkland. Til viðbótar skipta Ítalía, Spánn og Pólland mestu. Enginn bilbugur er á þessum þjóðum. Danska krónan er aðeins svæðisbundin fylgiútgáfa evrunnar, og breskir bankar eru aðilar að millibankamarkaði evrópska seðlabankans í Frankfurt.

Mikið hefur verið rætt og ritað um vanda Grikkja. Staða Grikkja er hörmulegt dæmi fyrir okkur sem erum þjóðernissinnar og viljum taka málstað smáþjóðanna. Þeir geta engum öðrum um kennt, hvorki ESB né evrunni. Íslendingar hafa langa og sára reynslu af svipuðum vandamálum frá síðustu öld. Þá fékk íslenskur almenningur kjaraskerðingarnar „sjálfkrafa" yfir sig með gengisfellingum og óðaverðbólgu. Stjórnvöldin börðust við að „læsa kaupmáttinn inni" og hindra fólkið í því að geta nýtt sér innfluttar vörur eða ferðast.

Því miður hafa Grikkir frestað aðgerðum og safnað botnlausum skuldum. Þeir njóta þess þó nú að ESB hefur ákveðið að veita þeim mikla aðstoð. Án aðildar að ESB hefði slíkt ekki átt sér stað. Vonandi leiðir þetta þó ekki til þess að allir treysti á björgun „stóra bróður" í framtíðinni. En ljóst má vera að ESB mun herða skrúfurnar í sameiginlegu reglukerfi til þess að forðast slíkar ógöngur í framtíðinni. Evran er varla orðin áratugargömul, og menn geta lært ýmislegt af því að bera vanda Grikkja saman við vandræðin sem Kalifornía glímir við um þessar mundir. Í Grikklandi brennur einn runni en Kalifornía er skógareldur.

Haustið 2008 gerðu margir ráð fyrir því að evrusamstarfið myndi liðast sundur á nokkrum mánuðum. Reynslan hefur orðið þveröfug. Margt bendir til þess að Evrópumenn séu að vakna af værum væntingum til vitundar um nauðsynlega framtíðarstefnu. Slíkt er tímabært.

> Athugun á aðildarákvæðum annarra aðildarþjóða og á ýmsum ákvæðum aðalsáttmála ESB leiðir í ljós að miklar líkur eru til þess að hugsanlegur aðildarsamningur Íslands geti fullnægt óskum og kröfum þjóðarinnar.

## AF NETINU

### ESB umsóknin

Það er með ólíkindum að nú skuli bóla á þeirri hugmynd að Íslendingar fari að draga til baka umsóknina í ESB. [...] Þjóðin verður að hafa raunverulegan valkost fyrir augunum – svo einfalt er það.
En, gott fólk, þá – einmitt á þeirri stundu þegar sá valkostur er innan seilingar - þá dettur snillingunum í hug að draga bara allt til baka.
Úff!

http://blog.eyjan.is/olinath/

**Ólína Þorvarðardóttir**

### Þjóð bannorð

Viðbrögð ESB sinna við niðurstöðu [skoðanakönnunar MMR] er bræði og svo er auðvitað ráðist að persónum með uppnefnum og skítkasti. Það er í meira lagi undarlegt að í lýðræðisþjóðfélagi skuli algjör minnihluti, með vond rök, telja sig hafa leyfi til að ráðskast svona með þjóðina. -Æ, ég gleymdi því, þjóð er bannorð hjá ESB-sinnum! Af hverju ætli það sé?

http://blog.eyjan.is/maria/

**María Kristjánsdóttir**

NAUÐSYNLEGAR UMBÆTUR Í FJÁRMÁLUM HINS OPINBERA

Samtök atvinnulífsins efna til morgunverðarfundar um nauðsynlegar umbætur í fjármálum hins opinbera, miðvikudaginn 16. júní, á Grand Hótel Reykjavík kl. 8:30-10:00.




Á fundinum verður kynnt nýtt rit SA um fjármál hins opinbera og tillögur SA til umbóta. Fjármálaráðherra mun bregðast við hugmyndum SA á fundinum.

Sérstakur gestur verður David Croughan frá samtökum atvinnurekenda á Írlandi og mun hann m.a. segja frá aðgerðum Íra í kreppunni.

Dagskrá

08:00 Léttur morgunverður og skráning.

08:30 Setning.

**Vilhjálmur Egilsson**, framkvæmdastjóri SA, kynnir nýtt rit SA um nauðsynlegar umbætur í opinberum fjármálum.
**Steingrímur J. Sigfússon**, fjármálaráðherra, fjallar um ríkisfjármálin og hugmyndir SA.
**David Croughan** frá samtökum atvinnurekenda á Írlandi segir frá aðgerðum Íra í kreppunni.

Pallborðsumræður: **Bjarni Benediktsson** alþingismaður, **Kirstín Flygenring** hagfræðingur, **Oddný G. Harðardóttir** alþingismaður, **Sigmundur Davíð Gunnlaugsson** alþingismaður, **Steingrímur Ari Arason** forstjóri, **Sigríður Guðjónsdóttir** lögreglustjóri.

10:00 Fundi lýkur.

Fundarstjóri: **Margrét Kristmannsdóttir**, formaður SVÞ.

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS




Viltu gerast viðskiptavinur **elsta starfandi** banka á Íslandi? Við sjáum um það fyrir þig.

Varfærni, einfalt þjónustuframboð og örugg vinnubrögð skipta öllu máli fyrir fólk og fyrirtæki.
**Þannig á banki að vera.**

- Debetkort
- Launareikningur
- Kreditkort
- Netbanki
- Netgreiðsluþjónusta
- Gjaldeyrisreikningar
- Sparnaðarreikningar
- Yfirdráttur

MP BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is




# Sanngjarnar skuldaleiðréttingar

Efnahagsmál



**Helgi Hjörvar**
alþingismaður og formaður efnahags- og skattanefndar

Alþingi afgreiðir nú endurbætt og vönduð úrræði fyrir verst settu skuldarana. Einar sér eru slíkar lausnir þó líkt og að bera sólarljós inn í gluggalaust hús, því hætt er við að án víðtækra almennra skuldaleiðréttinga bætist við ný vandamál jafn harðan og leysist úr hinum eldri. Þess vegna er fagnaðarefni að fyrir Alþingi liggur einnig stjórnarfrumvarp félagsmálaráðherra um almennar aðgerðir vegna bílalána. Enn hefur þó ekki náðst samstaða um almennar aðgerðir vegna húsnæðislána almennings sem hafa ýmist orðið fyrir gengishruni eða verðbólgusprengju.

Þverpólitísk samstaða tókst í efnahags- og skattanefnd Alþingis fyrr á árinu um að kanna svigrúm bankanna til afskrifta. Af ársreikningi Landsbankans má ráða að bankinn sjálfur fékk hjá sínum kröfuhöfum 33% niðurfærslu á lánum einstaklinga. Einnig hefur fréttaflutningur verið af lánaflokki einnar fjármálastofnunar sem hafði verið færður niður um nær helming. Alls eru íbúðalán viðskiptabankanna yfir 500 milljarðar og afslátturinn sem þeim hefur verið veittur af kröfum tugmilljarðar. Bankarnir hafa gert almenn tilboð um skuldaleiðréttingar gengistengdra lána, en ekki verðtryggðra íslenskra húsnæðislána (utan Íslandsbanka – 10%) sem þó væri eðlilegt að gera tilkall til enda bera þeir og kröfuhafar þeirra verulega ábyrgð á forsendubresti sem viðskiptavinirnir líða nú fyrir og sanngjarnt að deila þeim kostnaði. Almennar leiðréttingar væru þó alltaf mun lægri en afsláttur til bankanna var því hann fer að verulegu leyti í tapaðar kröfur.

Skuldaleiðréttingar íslenskra húsnæðislána hafa hinsvegar alltaf strandað á því að lífeyrissjóðirnir og Íbúðalánasjóður yrðu að taka þátt í þeim. Það gæti annarsvegar leitt til skerðingar lífeyris sem enginn vill og hinsvegar gæti ríkið ekki lagt Íbúðalánasjóði til það sem þarf.

## Ný staða

Seðlabanki Íslands gerði nýverið hagstæðan samning við Seðlabankann í Lúxemborg um kaup á skuldabréfapakka Avens sem innihélt íslensk íbúðabréf og innistæður. Skuldabréfin voru svo seld lífeyrissjóðunum og er talið hafa styrkt tryggingafræðilega stöðu sjóðanna um 1-2%, eða á þriðja tug milljarða. Stærstu sjóðirnir eru með liðlega 150 milljarða í húsnæðislánum til einstaklinga en nærri lætur að ávinningurinn af Avens samningnum gæti staðið undir 10-15% lækkun húsnæðislána lífeyrissjóðanna án þess að skerða þyrfti lífeyrisréttindi. Ekki getur talist óeðlilegt að ávinningur sjóðanna af íbúðabréfaviðskiptum renni til skuldaleiðréttinga húsnæðislána. Ábati ríkissjóðs af samningnum var ekki langt frá því sem lífeyrissjóðirnir nutu. Þar sem fyrst og fremst er um hagnað af íbúðabréfaviðskiptum að ræða væri ekki óeðlilegt að láta Íbúðalánasjóð njóta góðs af með sömu rökum og að ofan. Ef frekari eiginfjárframlög þyrfti til sjóðsins eða bankanna, þá er rétt að hafa í huga að endurfjármögnun bankakerfisins varð hátt í 200 milljörðum lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Þá má skoða ýmsar aðrar leiðir til eflingar Íbúðalánasjóði, s.s. hærri vaxtamun, merkja honum tekjur af sérstökum bankasköttum, skattleggja séreignasparnað og leggja í sjóðinn, o.s.frv. Þegar saman er lagt afskriftasvigrúm bankanna, ávinningur lífeyrissjóðanna og ríkissjóðs af Avens samningnum, auk annarra leiða er ljóst að skapa má allt að 100 milljarða svigrúm til almennra aðgerða.

Á næstu dögum fellur Hæstaréttardómur um lögmæti gengistenginga og getur þá skapast enn ný staða í skuldaleiðréttingamálum ef dómurinn fellur skuldurum í vil. Þegar þeirri réttaróvissu hefur verið eytt hafa stjórnmálaöflin í landinu tækifæri til að taka forystu og ná saman um sanngjarnar almennar skuldaleiðréttingar. Þær munu ekki leysa hvers manns vanda, né munu afskrifast 20% af öllu hjá öllum. Lántakendur geta heldur ekki vænst þess að lánveitendur beri allan skaðann sem 29,4% verðbólga á hálfu þriðja ári er, en eðlilegt er að honum sé deilt og kannski almennar aðgerðir eigi einkum að miða að þeim sem keyptu húsnæði á síðustu árum fyrir hrun.

> Þegar þeirri réttaróvissu hefur verið eytt er tækifæri fyrir stjórnmálaöflin í landinu til að taka forystu og ná saman um sanngjarnar almennar skuldaleiðréttingar.

## Sáttaskref

Sumir hafa haft áhyggjur af því að almennar aðgerðir nýtist líka fólki sem ekki þarf á að halda. Þá er þrenns að gæta. Í fyrsta lagi hefur það fólk líka sætt óréttmætu vaxtaokri. Í öðru lagi, þó fólk eigi eignir umfram skuldir hefur auk tæplega 30% verðbólguskots, kaupmáttur rýrnað um 13% frá ársbyrjun 2008. Í þriðja lagi verður hægt að skattleggja þá sem við teljum ekki að eigi að njóta almennra aðgerða. Þeir sem hafa haft áhyggjur af skuldaradekri ættu að hafa í huga að án almennra aðgerða komum við einkum til móts við þá sem gengu lengst í skuldsetningu, en venjulegt vinnandi fólk sem hélt sig innan hámarkslána Íbúðalánanasjóðs fær engan stuðning þó lánin hafi hækkað um tæp 30% og kaupmáttur rýrnað um 13%. Það væru ekki góð skilaboð inn í framtíðina að skuldagleðin ein njóti skilnings.

Við munum ekki greiða úr fjármálum heimila hratt og vel nema saman fari greiðsluerfiðleikaúrræði og almennar aðgerðir sem skapa fólki almenn skilyrði. Stjórnvöld og fjármálakerfið þurfa líka að viðurkenna ábyrgð sína á vanda heimila. Skuldaleiðrétting er áþreifanleg leið til þess og mikilvægt skref til að byggja upp traust og ná sáttum í íslensku samfélagi.












Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir, lögfræðinemi og útvarpskona, skokkar út um alla borg á sumrin. Nú í sumar bætir hún golfi og CrossFit-námskeiði á listann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gott að vera alltaf á fullu

**Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir segist una sér best þegar hún er með fjölbreytt hreyfingarprógramm í gangi. Í sumar mun hún hlaupa, renna sér á línuskautum, spila golf og skella sér á CrossFit-námskeið.**

„Mér líður best þegar ég er með mikið í gangi, í bland við góðan félagsskap og útiveru. Ég skokka gjarnan eða renni mér á línuskautum í Fossvogsdalnum þar sem ég bý eða fer alla leið inn í Laugardal, upp í Elliðaárdal eða út á Ægisíðu,“ segir Ásdís Rósa, lögfræðinemi og útvarpskona á FM957.

Ásdís Rósa mælir með göngustígunum í Fossvogsdal, sem eru að hennar sögn mjög sléttir og góðir undir línuskautana, og hún nýtir sér að stutt er að skokka í allar áttir úr dalnum. „Ég er ódugleg að mæla hversu langar vegalengdir ég er að hlaupa en sem dæmi má nefna að þegar ég hleyp upp í Elliðaárdal er ég í um það bil 40 mínútur á hreyfingu. Ég tek hreyfinguna í törnum, hreyfi mig meira núna í seinni tíð eftir að börnin stækkuðu en þar sem ég hef verið í námi á ég það til að missa niður dampinn í prófum. Þannig þarf ég alltaf smá átak til að koma mér aftur í gang og er einmitt að byrja á námskeiði í næstu viku hjá CrossFit Reykjavíkur til að koma hreyfingunni almennilega af stað.“

CrossFit-námskeiðið sem Ásdís Rósa skráði sig á stendur í sex vikur og er æft fimm sinnum í viku en CrossFit-æfingakerfið er hannað þannig að hægt er að laga það að getu allra, óháð líkamlegri færni. Sömu æfingar eru því gerðar af eldra fólki og hörðum íþróttamönnum, en með mismunandi þyngdum. „Ég er að prófa þetta í fyrsta skipti en þetta er ströng þjálfun þar sem mikið er um hlaup og svokallaðar ketilbjöllur, sem eru þung bjöllulaga lóð, eru notaðar í lyftingar.“

Síðast en ekki síst er það svo golfið sem Ásdís Rósa er nýbúin að kynnast og ætlar að stunda af krafti með vinkonu sinni. „Ég er einmitt á leiðinni upp í Bása að æfa mig núna en mér datt þetta nú bara svona í hug með vinkonu minni – að þetta væri skemmtilegt sport – en ég er ófeimin við að prófa eitthvað nýtt. Golf krefst mikillar tækni og mikilvægt að maður nái henni réttri en ani ekki beint út á völl. Þess vegna fengum við okkur golfkennara. Þetta er mjög spennandi íþrótt og gaman að takast á við þessi undirstöðuatriði í góðum félagsskap.“ *juliam@frettabladid.is*


Patti.is
Landsins mesta úrval af sófasettum
MODEL 101 - stærð: 210x160
Takmarkað magn - 5 mismunandi áklæði
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA




Láttu þér líða vel í sófa frá Patta
Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opið : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 og Laugard. frá 11 til 16




Hin fagra og forna Albanía
15.-25. september

Albanía hefur nú loksins opnast fyrir erlendum ferðamönnum. Enn hefur alþjóðafæðingin ekki náð að festa þar rætur og er lítt sjáanleg. Þar má sjá ævaforna menningu, söguna á hverju horni, gríðarfallega náttúru og fagrar strendur og kynnast einstakri gestrisni heimamanna þar sem gömul gildi eru í hávegum höfð.

Frarstjóri Þorleifur Friðriksson sagnfræðingur.

Verð: 242.800 kr. á mann
miðað við tvo í herbergi
Innifalið: Flug, hótel, allar ferðir, fararstjórn og hálft fæði.

Trans-Atlantic
Sími 588 8900
www.transatlantic.is



friendtex
Útsala
Á vor og sumarvörum
Friendtex 2010
Komið og gerið frábær kaup
Opið mánud.–föstud. frá kl. 11–18
Laugard. frá kl. 11–16
Bonito ehf. Friendtex,
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is



**SKÚFFUR** og kassar á hjólum sem hægt er að renna undir rúm eða önnur húsgögn eru sniðugar hirslur undir smádót og sérstaklega góð lausn í barnaherbergið ef plássið er ekki mikið.








# Kvíði eða tilhlökkun?

**Sumarfrí bernskunnar eru gjarnan sveipuð töfraljóma, þegar sólin skein endalaust, engar áhyggjur og fjölskyldan átti sumarið saman. Í dag snýst frí barna um námskeið meðan beðið er eftir fríi foreldranna.**

„Íslensk börn hlakka yfirleitt mjög til sumarsins en það er alltaf ákveðinn hópur sem kvíðir fyrir sumrinu. Ástæður þess fara svo alveg eftir fjölskyldunni og því hvort baklandið er gott heima,“ segir Berglind Brynjólfsdóttir, barnasálfræðingur hjá barna- og unglingageðdeild Landspítalans. um viðhorf barna til sumarsins eftir að skipulögðu skólastarfi og fastri rútínu skólaársins sleppir.

„Börn hafa ákveðnar væntingar til sumarsins um að eiga fleiri og lengri samvistir við mömmu og pabba. Því er mikilvægt að skipuleggja sumarmánuðina vel og ræða við barnið um hvað eigi að gera, en gæta þess að gera væntingar raunhæfar og skipulagið ekki svo niðurnjörvað að foreldrar lendi í að svíkja loforð. Þá upplifir barnið vonbrigði því börnum er eðlislægt að taka því sem sagt er bókstaflega.“

Berglind segir tilveru íslenskra barna yfir sumartímann afar breytta frá þeim tíma þegar börn voru send í sveit eða voru í vist og útileikjum á meðan mamma var heimavinnandi.

„Í dag eru báðir foreldrar á vinnumarkaði og ekki alltaf gefið að þeir fái sumarfrí á sama tíma. Þá spila fjárhagsáhyggjur stærra hlutverk við skipulagningu sumarleyfis fjölskyldna nú miðað við undanfarin ár þegar þótti nánast eðlilegt að barnafjölskyldur færu í utanlandsferðir ár eftir ár. Börn hafa mörg hver væntingar um þess háttar sumarfrí enn, ræða slíkt sín á milli og reikna með því sama. Þess vegna er mikilvægt að ræða um hvað gera skal til skemmtunar í staðinn, þótt það þýði aðeins styttar og ódýrari dagsferðir með nesti, því samveran vegur allra þyngst og börnum er mikilvægast að finna hlýju, ást og öryggi. Þá eflir tengslin að foreldrar séu virkir þátttakendur í lífi barna sinna og kynnist vinum þeirra.“



Berglind Brynjólfsdóttir er barnasálfræðingur á BUGL. Hún segir mikilvægt að börn sem eiga tvö heimili lendi ekki í togstreitu milli fráskilinna foreldra í sumarleyfinu því slíkt ali með börnum kvíða, óöryggi og vanlíðan. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Berglind bætir við að kærkomin tilbreyting felist í frelsi sumartímans eftir vetursetu á skólabekk.

„En börnum getur líka leiðst í sumarfríinu því þá er enginn heima og helgarnar tómlegar þegar aðrir leggjast í ferðalög. Sumarið getur því verið tími einmanakenndar þegar vinirnir eru ekki heima. Eins finn ég í starfi mínu að börnum með sérþarfir getur liðið illa þegar allt er í lausu lofti og þurfa því áframhaldandi rútínu og stöðugleika allt sumarið.“

Berglind segir börnum dýrmætasta veganestið út í sumarið að eiga vísar samverustundir með sínum nánustu og með þeim lausa daga til heimsókna, garðveislna, ættarmóta, útilega og stuttra dagsferða.

„Í dag fara börn svo oftast á ýmiskonar námskeið meðan beðið er eftir að sumarfrí foreldranna hefjist, en þar þarf að gæta hófs því ekki dugar að senda börn á námskeið út sumarið, þótt sumir foreldrar neyðist til að bregða á það ráð vegna skorts á frítíma eða slæms fjárhags.“ *thordis@frettabladid.is*



Flestum börnum finnst útilegur með fjölskyldunni skemmtilegar.














Ágætt getur verið að taka nokkrar bækur með í ferðalagið.

## Börn á ferðinni

Á LÖNGUM FERÐUM MEÐ FJÖLSKYLDUNNI ER MIKILVÆGT AÐ HAFA EITTHVAÐ TIL AÐ STYTTA BÖRNUNUM STUNDIR.

Fæst börn hafa þolinmæði til að sitja lengi í bíl án þess að hafa eitthvað að gera. Til að ferðalögin verði sem ánægjulegust í sumar er mikilvægt að skipuleggja allar ferðir vel og sjá til þess að börnin hafi eitthvað til að stytta sér stundir með í bílnum.

Gott er að hafa nóg að narta í fyrir börnin og betra að það sé eitthvað hollt. Rúsínur og seríós hentar til dæmis vel í minnstu munnana og allir ættu að vera með vatn í flösku ef þorstinn segir til sín.

Bækur, lítil leikföng, litabækur og litir, tölvuleikir og geisladiskar með sögum eða tónlist er allt eitthvað sem gott er að taka með, eftir því hvað hentar hverjum aldri.

Sniðugt getur verið að kaupa ný og spennandi leikföng sérstaklega fyrir ferðina ef hún er mjög löng eða taka með eitthvað sem er í algjöru uppáhaldi.

Svo er um að gera að rifja upp nokkur lög og leiki sem hægt er að grípa til ef allt annað bregst. Góða ferð. *- eö*

ALLT Á FERÐINNI
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473
Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427
Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447



Ari og Una fara meðal annars á námskeið og í ferðalög í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Skoða dýr í Danmörku og gefa lömbum brauð

**Austurbæjarskóla lauk í síðustu viku. Tveir nemendur, þau Una Margrét Reynisdóttir og Ari Kaprasíus Kristjánsson, segja frá því hvað tekur nú við eftir að skólanum er lokið. Námskeið og ferðalög eru á dagskránni.**

„Ég ætla að fara á reiðnámskeið, svo ætla ég líka að fara á söng- og leiklistarnámskeið. Síðan ætla ég líka að fara á ættarmót uppi í sveit og út í Flatey,“ segir Una Margrét Reynisdóttir, átta ára nemandi úr Austurbæjarskóla, sem er í Draumasmiðjunni í skólanum þessa vikuna. Þar er líka Ari Kaprasíus Kristjánsson sjö ára sem grípur orðið. „Og ég ætla kannski að fara til Danmerkur og svo ætla ég að fara eitthvert á Íslandi. Svo ætla ég bara að vera í fríi.“

Una hefur þrisvar sinnum farið á reiðnámskeið, en á hún hesta? „Nei, reyndar ekki,“ segir hún en Ari bætir við að í Danmörku ætli hann kannski að fara í húsdýragarðinn en honum finnst leðurblökurnar þar skemmtilegastar. „Þær vaka aldrei á daginn og þurfa ekkert ljós. Svo þegar þær sofa þá hanga þær bara á veggjunum. Ég sá einu sinni leðurblöku og það var eins og hún væri sofandi á vegg.“

Ara langar líka á karatenámskeið í sumar. „Ómar vinur minn er í karate. Hann er ógeðslega góður í því, ef ég reyni að keppa við hann þá tekur hann mig bara niður strax,“ segir Ari sem stefnir á að verða betri en Ómar í karate í sumar. Á meðan Ari verður á karatenámskeiði ætlar Una á dans- og söngnámskeið hjá Borgarleikhúsinu. „Mér finnst gaman að leika, sko Elma Lísa fósturmamma mín er leikari,“ segir Una og bætir við að hún hafi farið oft í leikhús. „Uppáhaldsleikritið mitt er Kardimommubærinn. Mér finnst skemmtilegast þegar kviknar í turninum hjá Tobíasi.“

Una ætlar líka í sumarbústað. „Ég fór þangað um daginn að hitta lömbin,“ segir hún glöð. „Það er bóndabær hjá og hann á fullt af kindum með lömbum þar. Ég gaf lömbunum brauð,“ útskýrir Una en Ari ætlar að fara í tjaldferðalag. „Ég ætla að fara út í náttúruna og tjalda,“ segir Ari, sem finnst það gaman. „Stundum þegar ég mátti ekki tjalda fannst mér ekki gaman. Það var þegar var verið að setja tjaldið niður og ég var fyrir.“ *martaf@frettabladid.is*

## Verjum börnin

GEISLAR SÓLARINNAR ERU VARASAMIR.

Börn þarf að verja fyrir sterkum geislum sólarinnar, einnig þegar okkur sýnist vera skýjað. Kornabörn eiga ekki að vera óvarin í sólskini og þau skal hafa í skugga og forðast sólina milli klukkan 12 og 15. Klæðið börnin í léttan fatnað, sólhatt eða derhúfu og notið sólarvörn með háum styrkleika. Stálpaðri börn eru gjarnan mikið úti við leiki á góðviðrisdögum og þau þarf líka að verja gegn sólinni. Nota skal sólarvörn með háum styrkleika og fylgjast með tímanum sem þau verja úti í sólinni. Börnin finna ekki fyrir því þegar þau sólbrenna, sérstaklega ekki þegar vatn eða vindur kælir húðina í skemmtilegum leik. Áhrif sólarvarnarkrema dofna einnig með tímanum svo nauðsynlegt er að endurnýja vörnina eftir tvo klukkutíma.



Ef börnin sólbrenna er hægt að kæla svæðið með vatni um 25 gráðu heitu. Einnig er hægt að bera á kælandi hlaup sem linar sviðann. Ef blöðrur myndast og sársaukinn er mikill skal leita læknis. Einnig skal alltaf leita læknis ef kornabörn sólbrenna. Sjá upplýsingar á vefnum, www.doktor.is *- rat*













ALLT TÍSKA

**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473

**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427

**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447





**ACAI-BER** sem vaxa í regnskógum Brasilíu eru meðal þess sem kallað er ofurfæða vegna þess hversu holl þau eru. Hér á landi má til dæmis fá acai-berjasafa frá The Berry Company í ýmsum verslunum.





Bjarni Árnason fór í fyrsta sinn til hjálparstarfa í maí og segir það hafa verið menningarsjokk að koma á stað þar sem fólk býr í tjöldum á umferðareyjum. MYND/ÚR EINKASAFNI



Mikið er um sýkingar, heilahimnubólgu og alls konar niðurgangspestir og iðrakveisur á Haítí að sögn Bjarna. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Skelfilegt ástand á Haítí

**Bjarni Árnason bráðalæknir er nýkominn frá Haítí þar sem hann dvaldi í um mánuð. Hann segir Haítíbúa oft fara of seint til læknis og að þar séu margir veikir. Nú sé heilbrigði fólks verra en áður.**

„Ástandið er skelfilegt. Bráðafasinn sem slíkur eftir jarðskjálftann er þó búinn. Nú sjáum við óbeinar afleiðingar af jarðskjálftanum, það er að segja að innviðir samfélagsins eru brotnir,“ segir Bjarni Árnason bráðalæknir sem dvaldi á Haítí í maí við hjálparstörf á vegum Rauða krossins. „Heilbrigði fólks verður enn þá verra heldur en það var áður, bæði út af mjög lélegum hreinlætisaðstæðum og skorti á aðgengi að heilbrigðisþjónustu.“

Bjarni var við hjálparstörf í úthverfi Port-au-Prince, höfuðborgar Haítí, á sjúkrahúsi þýska og finnska Rauða krossins en hann segir að margir íbúanna hafi ekki komist undir læknishendur frá því að jarðskjálftinn gekk yfir. „Það er gríðarlega mikið af veiku fólki þarna. Fólk fer ekki til lækna almennt eða fer miklu seinna heldur en það ætti að gera,“ útskýrir Bjarni sem segir það oft vera orðið of seint. „Víða er pottur brotinn í almennu heilbrigði hjá fólki.“

Bjarni segir jarðskjálftann hafa komið verst niður á börnunum og barnshafandi konum. „Þær hafa í raun og veru ekki í nein hús að venda og fá enga heilbrigðisþjónustu. Þetta kemur samt niður á öllum,“ upplýsir Bjarni en Haítí er á meðal fátækustu ríkja heims. „Konur sem eru ófrískar fara ekki í mæðraeftirlit og meðgöngueftirfylgd. Það eru engar rannsóknir gerðar á börnum eftir fæðingu þannig að það er mikið af veikum barnshafandi konum og svo er mikið af veikum börnum sem eru bara úti í samfélaginu.“

Inntur eftir þeim helstu kvillum sem hrjá Haítíbúa nú eftir jarðskjálftann segir hann: „Það er náttúrulega mikið um sýkingar, öndunarfærasýkingar, heilahimnubólgur og alls konar niðurgangspestir og iðrakveisur. Eins er mikið um bruna og meðgöngufylgikvilla. Líka er mikið um æxli og krabbameinssjúkdóma sem í raun og veru enginn hefur fengið neina meðferð við nokkurn tíma. Svo tókum við líka á móti mörgum sem orðið höfðu fyrir ofbeldi og voru með sveðjusár og skotsár.“

*martaf@frettabladid.is*



Bjarni segir að mörg veik börn séu úti í samfélaginu. MYND/ÚR EINKASAFNI

Góður svefn veitir þreyttum manni hvíld, frið og endurnæringu. Algeng orsök streitu er sú að fólk vanrækir þörf líkamans fyrir svefn. Í Hávamálum er bent á að ekki sé viturlegt að vaka yfir vandamálum á nóttunni. Maður vakni einungis þreyttur og mæðan sé óbreytt eftir sem áður.

landlaeknir.is

AL-AMIR RESTAURANT
NÝR ARABÍSKUR VEITINGASTAÐUR
FJÖLSKYLDUTILBOÐ 1
Shawarma fyrir 4, franskar og 2l. gos.
3.990 kr.
Bæjarhrauni 4 • Hafnarfirði • S: 555-4885

FLOTT Í SUMAR...
Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar
Nýtt og enn öflugra
System +
fyrir dömu og herra
kr. 34.995,-
NÝTT
Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

VIÐ VILJUM HJÁLPA ÞÉR AÐ HÆTTA AÐ REYKJA!
Ókeypis námskeið til að hætta að reykja.
5 daga námskeið frá sun. - fim., 20. – 24. júní
frá kl. 20:00 – 21:00 á Ingólfsstræti 19.
Ef þú hefur áhuga, skráðu þig
í síma: 867-1640(Vigdís) eða 869-7853(Stefán)

Flash 18 ára
Brjáluð afmælistilboð
Skokkar
~~Áður 16.990~~
Nú 9.990
Margar gerðir, st. 36-48
Geggjaðar sumar peysur
~~Áður 6.990~~
Nú 5.490
Skokkar
~~Áður 9.990~~
Nú 4.990
20% afsl. af öðrum vörum
FLASH
Laugaveg 54, sími: 552 5201

LAGERSALA
Góðir skór - gott verð
Takkaskór besta verðið í bænum ?
Mikið úrval af nýrri vöru á alla fjölskylduna
Opið virka daga 12-18 laugardag 12-16
Stærðir 31-46
kr. 5.495.-
xena
Grensásvegi 8 - 108 Reykjavík - 517-2040

# heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 15. JÚNÍ 2010

## Einkaþjálfari í eyrunum

**Steinunn Jónsdóttir hefur hannað æfinga-áætlun sem hægt er að hlaða niður í iPodinn.**

SÍÐA 2






FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





Halla ætlar að leggja ljósmóðurina fyrir sig. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Landsins yngsti hjúkrunarfræðingur

„Þetta gekk allt saman vel, enda á ég líka frekar auðvelt með að læra," segir Halla Logadóttir, sem útskrifaðist aðeins 21 árs gömul af hjúkrunarfræðideild við Háskóla Íslands síðasta laugardag og er þar með yngsti hjúkrunarfræðingur á landinu.

Halla lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum Hraðbraut árið 2006 og þaðan lá leiðin beint í hjúkrunarfræðina. „Ég vissi alveg hvað ég vildi læra," segir hún ákveðin og getur þess að þrátt fyrir ungan aldur hafi skólafélagarnir tekið vel á móti henni og litið á sem jafningja. „Enda er ég nú heldur ekkert smábarn," segir hún kímin.

Halla viðurkennir þó að sumt hafi komið sér á óvart, meðal annars að uppgötva á kynningu á Þjóðarbókhlöðunni að þar er 18 ára aldurstakmark bundið við lánþega. „Ég var þá ekki nema 17 ára," segir hún og hlær. „Ég þurfti reyndar ekki að fá bækur að láni, en hefði komið til þess er ég viss um að þeir hefðu nú beygt aðeins regluna fyrir mig."

Halla mun í sumar starfa við afleysingar á meðferðarheimilinu Vogi þar sem hún hefur unnið meðfram námi til að uppfylla starfsskyldu. Hún ætlar svo að taka sér langþráð frí frá námi í vetur. „Mér finnst nú líka alveg kominn tími á það," viðurkennir hún.

Hvað tekur svo við? „Ég ætla kannski, nei, eiginlega er ég ákveðin í að leggja ljósmóðurina fyrir mig," segir hún og sýnir svo blaðamanni málverk af barnshafandi ljósmóður sem hún fékk einmitt í útskriftargjöf frá fræsndfólki sínu. „Ég tek þó fram að myndin felur ekki í sér neinar vísbendingar um ástand eigandans," segir hún og hlær. *- rve*

**● LEISER-BENDAR VALDA AUGNSKEMMDUM** Staðfest hefur verið að leiser-bendar geta valdið alvarlegum augnskemmdum. Læknar í Liverpool og Manchester hafa stigið fram og sagt sögu unglings sem beindi leiser-bendi í augu sín. Unglingurinn varð fyrir bruna á auga og sjónhimnuskemmdum samkvæmt vef breska ríkisútvarpsins. Að sögn talsmanns heilsuverndarstofnunarinnar í Bretlandi hefur stofnunin frétt af sjónhimnuskemmdum af völdum leiser-benda. Unglingurinn sem hafði beint leiser-bendinum í augun á sér keypti hann á Netinu. Eftir atvikið komust læknar að því að hann sá ekki skýrt. Prófanir sýndu bruna á yfirborði augans og skemmdir á sjónhimnu. Tveimur mánuðum seinna hafði sjón hans batnað en einhverjar skemmdir sjónhimnunnar voru enn til staðar.










Steinunn Jónsdóttir á heiðurinn að Þjálfanum, einföldu æfingakerfi sem meðal annars er hægt að hlaða í iPodinn og nota næstum hvar og hvenær sem er. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Með þjálfarann í vasanum

**Æfingakerfi sem hægt er að hlaða niður í iPodinn eða MP3-spilarann er hugarsmíð Steinunnar Jónsdóttur sem vill með einföldum hætti hjálpa fólki að komast í betra form.**

„Þetta er æfingakerfi með einföldum líkamsæfingum, gerðum til að hjálpa fólki að koma sér rólega af stað," segir Steinunn Jónsdóttir arkitekt sem hefur ásamt sambýlismanni sínum, Þresti Erlingssyni, sett saman æfingaáætlun sem hægt er að hlaða niður í iPodinn, MP3-spilarann eða hlusta á í geislaspilaranum.

Æfingakerfið byggist upp á göngu, skokki, hlaupi, mismunandi æfingum og teygjum og kallast Þjálfinn. Þar leiðbeinir rödd þjálfara notendum og hvetur þá áfram. Kerfi af þessu tagi hefur ekki fengist áður á Íslandi að sögn Steinunnar sem fékk hugmyndina í kjölfar atvinnumissis á síðasta ári.

„Ég missti vinnuna á arkitektastofu en í stað þess að leggja árar í bát ákvað ég að leggja höfuðið í bleyti og upphugsa eitthvað sniðugt sem gæti nýst fólki vel og væri jafnframt örvandi í þessu árferði," segir Steinunn. „Ég hef alltaf haft áhuga á líkamsrækt og æfði á sínum tíma þolfimi hjá Magnúsi Scheving, keppti í henni og kenndi. Út frá því kviknaði hugmyndin að Þjálfanum sem er tiltölulega ódýr miðað við margt annað sem býðst í líkamsrækt og er hægt að nota næstum hvar og hvenær sem er: í bústaðnum, á ferðalagi, heima eða undir berum himni. Svo er þetta sniðugt fyrir þá sem vilja byggja sig upp áður en þeir fara í ræktina, svo sem byrjendur eða nýbakaðar mæður."

Að sögn Steinunnar tók fjóra mánuði frá því í janúar að útbúa kerfið sem kemur til landsins á næsta föstudag. Því fylgir hefti með myndum sem sýna æfingarnar og frumsamin tónlist eftir Markús B. Leifsson hljóðmann, sem ljær Þjálfanum jafnframt rödd sína. „Þetta er hvetjandi tónlist í transstíl en við stefnum líka að annarri útgáfu, að mestu leyti frumsaminni af íslenskum hljómsveitum," segir Steinunn og bætir við að ef Þjálfanum verði vel tekið þá standi til að gefa út fleiri kerfi með æfingum sem reyna meira á notendur. Nánari upplýsingar á Facebook. *- rve*

# Gengur yfir Noreg og Svíþjóð

Umsóknir ásamt upplýsingum um nám og fyrri störf sendist skrifstofu Gigtarfélags Íslands að Ármúla 5, 108 Reykjavík, eða rafrænt á netfangið: emilthor@gigt.is fyrir 6. júlí næstkomandi.

Nánari upplýsingar um starfsemi Gigtarfélagsins vísast á vefslóðina www.gigt.is

*Gigtarfélag Íslands*

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

Til leigu

## Til leigu Arnarholt á Kjalarnesi

**14782. Ríkiskaup f.h. Landspítala auglýsir til leigu húsnæði í Arnarholti á Kjalarnesi í núverandi ástandi.**
Heimilt er að skila inn tilboði í einstök hús sem í boði eru eða í heild. Í Arnarholti var rekinn sjúkrastofnun um áraraðir sú starfsemi hefur verið lögð niður. Húsnæðið getur hentað fyrir margvíslega starfsemi og húsakostur er eftirfarandi:



Hús nr. 1, útihús (geymslur, trésmíðaverkstæði og fl.); Húseignirnar eru 723 m², ein hæð og ris, byggðar sem fjós og hlaða árið 1923. Húsin eru nýtt í dag sem geymslur og er upphitað að hluta.
Hús nr. 2, gamla húsið; Húseignin er ein hæð og ris byggt árið 1948 fyrir starfsfólk spítalans. Neðri hæð hússins er í góðu ástandi en efri hæðin er óinnréttuð.
Hús nr. 3, aðalbygging; Húseignin er 1.760 m² og byggð árið 1977 fyrir vistmenn og er á tveimur hæðum auk rishæðar. Viðbyggt við aðalbygginguna er 278 m² skrifstofubygging og 397 m² mötuneyti og matsalir á einni hæð. Skáli ca. 116 m² tengir saman aðalbyggingu og „Gamla húsið".
Hús nr. 4, starfsmannahús; Húseignin er 805 m² á einni hæð byggt árið 1966. Húsið skiptist í tvær álmur með tengibyggingu. Milli álmanna er lokaður garður. austurálman var endurnýjuð að miklu leyti árið 2003.
Áskilið er að bjóðendur leggi fram bankaábyrgð fyrir sem nemur 6 mánaða leigu.

Hægt er að nálgast nánari upplýsingar, teikningar og myndir á vef Ríkiskaupa ( http://www.rikiskaup.is )

Húseignirnar eru til sýnis í samráði við Ríkiskaup, Borgartúni 7, 105 Reykjavík í síma 530 1400. Tilboðseyðublöð liggja frammi á sama stað ásamt reglum um frágang og útfyllingu á tilboðseyðublaði.
Leigutilboð skulu berast Ríkiskaupum, Borgartúni 7, Reykjavík eigi síðar en 8. júlí 2010

RÍKISKAUP
***Útboð skila árangri!***

## Til leigu. Iðjuhúsið við Kópavogsbraut

**14904. Ríkiskaup f.h. Landspítala óskar eftir leigjanda að Iðjuhúsi, númer 17 á lóð spítalans við Kópavogsbraut í Kópavogi,**
sem undanfarin ár hefur verið leigt Fjölsmiðjunni vinnustað fyrir ungt fólk. Hús þetta er steinsteypt á tveimur hæðum 533m² hvor hæð samtals 1066m² að stærð.



Loftræsibúnaður er í húsinu. Efri hæðin skiptist í trésmíðaverkstæði í vesturhluta hússins með innkeyrsludyrum, vinnuaðstöðu, snyrtingar og mörg misstór herbergi. Allir milliveggir eru léttir, loftin eru plötuklædd. Austurhlutinn var áður kennsluhúsnæði. Gengið er niður á jarðhæðina á tveimur stöðum. Neðri hæðin er með tæplega 2,8 metra lofthæð. Góðir gluggar eru á syðri hliðinni og göflum, en neðri hæðin er gluggalaus að ofanverðu. Aðkoma er á suðurhliðinni um rúmgóða forstofu. Stórar innkeyrsludyr eru á vesturgaflinum og er sá hluti opið rými. Austari hluti hússins er innréttaður sem mötuneyti, eldhús og borðsalur, auk þess snyrtingar, geymslur og fleira. Óskað er eftir að bjóðendur kynni sér ástand hússins og verður það leigt í núverandi ástandi og leigjendur þurfa sjálfir að kosta þær breytingar eða úrbætur sem þeir óska að gera. Taka þarf mið af því að ný starfsemi í húsinu samræmist aðlægri íbúðarbyggð og viðkvæmri sjúkrahússtarsemi sem nágranna.

Áskilið er að bjóðendur leggi fram bankaábyrgð fyrir sem nemur 6. mánaða leigu.

Hægt er að nálgast nánari upplýsingar,teikningar og myndir á vef Ríkiskaupa ( http://www.rikiskaup.is )

Húseignirnar eru til sýnis í samráði við Ríkiskaup, Borgartúni 7, 105 Reykjavík í síma 530 1400. Tilboðseyðublöð liggja frammi á sama stað ásamt reglum um frágang og útfyllingu á tilboðseyðublaði.
Leigutilboð skulu berast Ríkiskaupum, Borgartúni 7, Reykjavík eigi síðar en 8. Júlí 2010

RÍKISKAUP
***Útboð skila árangri!***

## Til leigu Vífilsstaðaspítali

**14905 Ríkiskaup f.h. Landspítala óska eftir leigjanda að Vífilsstaðaspítala húsi 1 á Vífilsstöðum sem byggt var 1910 fyrir berklasjúklinga.**
Aðalbyggingin er 4053m², þar af kjallari 807m², 1. hæð 846m², 2. hæð 800m², 3. hæð 800m² og ris 800m².



Áfast aðalbyggingu að austanverðu er 226m² hús á tveimur hæðum og að vestan verður er 113 m² lágbygging með geymslum ofl.
Ekki má nota rishæð aðalbyggingar, lofthæð lítil og hún er aflokuð með eldvarnarhurðum vegna eldhættu. Frá árinu 2004 hefur húsið verið leigt Hrafnistu, sem hefur rekið þar hjúkrunarheimili fyrir 50 aldraða hjúkrunarsjúklinga. Húsnæðið var allt endurhannað árið 2004 og því breytt í því skyni að koma eins mikið og hægt væri til móts við nútíma kröfur um hjúkrunarheimili. Fyrsta hæðin er nú innréttuð fyrir 14 vistmenn, en önnur og þriðja hæðin er innréttuð fyrir 36 vistmenn samtals. Óskað er eftir að bjóðendur geri grein fyrir áformum sínum um nýtingu húsnæðisins og komi fram með rekstrarhugmynd sem hæfa muni þessu sögufræga húsi og að leigjandi breyti ekki húsinu innan eða utanhúss nema í lágmarki. Óskað er eftir að bjóðendur kynni sér ástand hússins og verður það leigt í núverandi ástandi og leigjendur þurfa sjálfir að kosta þær breytingar eða úrbætur sem þeir óska eftir að gera.

Áskilið er að bjóðendur leggi fram bankaábyrgð fyrir sem nemur 6 mánaða leigu.

Hægt er að nálgast nánari upplýsingar,teikningar og myndir á vef Ríkiskaupa ( http://www.rikiskaup.is )

Húseignirnar eru til sýnis í samráði við Ríkiskaup, Borgartúni 7, 105 Reykjavík í síma 530 1400. Tilboðseyðublöð liggja frammi á sama stað ásamt reglum um frágang og útfyllingu á tilboðseyðublaði. Leigutilboð skulu berast Ríkiskaupum, Borgartúni 7, Reykjavík eigi síðar en 8. júlí 2010

RÍKISKAUP
***Útboð skila árangri!***

**PÉTUR GUNNARSSON RITHÖFUNDUR FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1947**

*„Það sem gerir lífið í senn heillandi og þungbært er sú staðreynd að það líður.“*

***Pétur er einn af okkar ástsælustu nútímarithöfundum. Hann varð fyrst þjóðkunnur af Andrabókunum, Punktur, punktur, komma, strik og þremur í viðbót. Nýjustu bækur hans fjalla um meistara Þórberg.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 15. JÚNÍ 1926

## Hornsteinn lagður að Landpítalanum

Hennar hátign Alexandrína, drottning Danmerkur og Íslands, lagði hornstein að Landspítala Íslands sem konur beittu sér fyrir að yrði byggður. Á þeim hornsteini standa meðal annars eftirfarandi orð: Hús þetta – LANDSSPÍTALINN – var reistur fyrir fje, sem íslenskar konur höfðu safnað og Alþingi veitt á fjárlögum til þess að: LÍKNA OG LÆKNA.

Alexandrína drottning var þá á ferð hér á landi ásamt manni sínum, konunginum Kristjáni X.

Að lokinni langri og harðri baráttu þar sem konur voru í fararbroddi var svo spítalinn tekinn í notkun árið 1930 í byggingu sem teiknuð var af þáverandi húsameistara ríkisins, Guðjóni Samúelssyni. Í byrjun voru þar tvær deildir, hand- og lyflækningadeild. Rúm voru 92, sem skiptust jafnt milli deildanna, en á handlækningadeildinni voru tólf þeirra ætluð fæðandi konum.



### MERKISATBURÐIR

**1752** Benjamin Franklin uppgötvar að elding er rafmagn.

**1829** Kambsránsmenn eru dæmdir í Hæstarétti til að hljóta allt að 81 vandarhögg og einn þeirra í ævilanga þrælkunarvinnu.

**1926** Almannafriður á helgidögum þjóðkirkjunnar er lögfestur.

**1952** Byggðasafn er opnað í Glaumbæ í Skagafirði.

**1981** Bjartsýnisverðlaun Brøstes eru veitt í fyrsta sinn og hlýtur þau Garðar Cortes óperusöngvari.

**1987** Fiskmarkaðurinn í Hafnarfirði tekur til starfa.

### AFMÆLI



**SIGRÚN MAGNÚSDÓTTIR,** fyrrverandi borgarfulltrúi, er 66 ára.



**SIGURJÓN SIGHVATSSON** kvikmyndaframleiðandi er 58 ára.



**HELEN HUNT** leikkona er 47 ára.



**FINNUR GEIR BECK** fjölmiðlamaður er 35 ára.



**LANDFRÆÐINGUR OG KORTAGERÐARMAÐUR** Landið er alltaf í mótun. Síðast fór nú til dæmis lónið fyrir neðan Gígjökul,“ segir Hans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**HANS H. HANSEN:** HEFUR GERT NÝJAN ATLAS Í KVARÐANUM 1:100.000

## Kortin teppaleggja Ísland allt

„Kortin byggja á bókinni Íslandsatlas sem kom út 2005. Þau eru þrjátíu og eitt talsins og teppaleggja Ísland allt,“ segir Hans H. Hansen, landfræðingur og kortagerðarmaður, um nýjan og viðamikinn kortaflokk sem hann hefur unnið og Mál og menning gefið út. Kortin fást bæði stök og öll saman í eigulegri öskju. Þau eru í mælikvarðanum 1:100.000 og sé þeim öllum skeytt saman í eitt þekja þau 17 fermetra vegg. Hans segir ýmsar viðbætur og lagfæringar hafa tínst til á þeim tíma sem liðinn er frá því að bókin kom út.

„Í hvert skipti sem kort kemur út koma ábendingar um það sem betur mætti fara,“ segir Hans. „Kannski örnefni sem hafa vantað hingað til en mönnum finnst að eigi heima þar og önnur hafa þurrkast út. Landið er líka alltaf í mótun. Síðast fór nú til dæmis lónið fyrir neðan Gígjökul,“ bendir hann á. Hans segir þó mestu breytingarnar bundnar mannvirkjum því alltaf sé verið að leggja nýja vegi, bundið slitlag og slóða. Bæir fari líka ýmist úr byggð í eyði eða úr eyði í byggð. „Maður reynir að fylgjast með þessu öllu,“ segir hann. „Eins reynum við að bæta við skerjum sem koma upp úr jöklum.“ Hann kveðst hafa fengið útlínur jöklanna frá Oddi Sigurðssyni jarðfræðingi hjá Orkustofnun og hæðarlínurnar hjá Helga Björnssyni jöklafræðingi. „Það hefur orðið talsvert breyting á lögun jöklanna frá því Íslandsatlas kom út 2005. Aðallega eru þeir að rýrna, á einstaka stað ganga þeir fram en flestir eru að hopa.“

Í íslenska Atlasinum eru 43 þúsund örnefni og Hans segir þau flest bundin umhverfinu um landið í áranna rás. Ísland sé strjálbýlt og því séu stór svæði fátæk af örnefnum, svo sem í Ódáðahrauni og á Tungnársvæðinu. Hins vegar hafi sum ný jöklasker fengið nöfn og verið kennd við jöklafara eða þekkta vísindamenn. „Húsbóndi í Vatnajökli er til dæmis kenndur við Jón Eyþórsson, veðurstofustjóra og formann Jöklarannsóknafélagsins, því hann var allaf kallaður húsbóndi,“ nefnir hann sem dæmi.

Fyrri útgáfur af kortum í sömu hlutföllum og þessi eru öll byggð á grunni gömlu dönsku herforingjakortanna. Hans segir stafræna tækni nútímans gera mönnum kleift að sýna svipbrigði landsins á mun nákvæmari hátt en þá var gert. „Ef menn eru með kort úti í mörkinni eiga menn að fá tilfinningu fyrir því að þeir séu á þeim stað á kortinu,“ segir Hans og kveðst vona að það heyri til undantekninga að eitthvað hafi skolast til. Því megi þó alltaf reikna með þar sem nokkur hundruð milljón atriða séu merkt inn. **gun@frettabladid.is**




†

*Elskulegur faðir okkar,*

**Eiríkur K. Eiríksson**

fyrrum bóndi á Gafli í Flóa, Sílatjörn 8, Selfossi,

lést laugardaginn 12. júní. Útför hans fer fram frá Selfosskirkju laugardaginn 19. júní kl. 11. Jarðsett verður í Villingaholti.

**Lilja Eiríksdóttir**
**Björn H. Eiríksson**



†

**Páll Gestsson**

skipstjóri frá Siglufirði, Tjarnarbóli 6, Seltjarnarnesi,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 18. júní kl. 13.00.

**Aðstandendur.**



†

*Ástkær frænka okkar,*

**Ingibjörg Jónsdóttir**

Sléttuvegi 11, 103 Reykjavík,

lést á Landspítala háskólasjúkrahúsi 10. júní 2010.

**Jón Jósefsson**
**Anna Guðrún Jósefsdóttir**
**Sesselja Ingibjörg Jósefsdóttir**
**Jón Ingvar Ragnarsson**
**Guðmundur Ragnarsson**
**og fjölskyldur.**



†

*Okkar ástkæra*

**Emma Árnadóttir**

lést sunnudaginn 13. júní á Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi umkringd ástvinum.

**Ágústa G. Garðarsdóttir** — **Henry Stefánsson**
**Árni Ingi Garðarsson** — **Ástríður S. Valbjörnsdóttir**
**Edda K. Lystrup** — **Arne Lystrup**
**Ásdís Þr. Garðarsdóttir** — **Björn Guðmundsson**
**Hafdís Garðarsdóttir** — **Rúnar Ásgeirsson**
**Hörður Garðarsson** — **Þóranna Kjartansdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Stefán Eiríksson**

fyrrverandi aðstoðarslökkviliðsstjóri á Keflavíkurflugvelli,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ að morgni laugardagsins 12. júní. Útförin auglýst síðar.

**Guðmundur Már Stefánsson** — **Auður Margrét Möller**
**Helga Björk Stefánsdóttir** — **Jóhann Jóhannsson**
**Stefán Hrafn Stefánsson** — **Ása Hrönn Kolbeinsdóttir**
**Ásta Hrönn Stefánsdóttir** — **Jón Dan Einarsson**
**Hrefna Stefánsdóttir**

**og barnabörn.**

# Minnkuðu Galtastaði fram

Vígsla torfbæjarlíkans af Galtastöðum fram í Hróarstungu var haldin við hátíðlega athöfn á sunnudag. Nemendur í 8. bekk Egilsstaðaskóla tóku þátt í verkefninu á vordögum og var það hluti af skipulagðri safnfræðslu Minjasafns Austurlands.

Galtastaðir fram er torfbær í Hróarstungu og hluti af húsasafni Þjóðminjasafnsins. Nemendur heimsóttu bæinn í upphafi verkefnisins og unnu að því loknu við bygginguu líkansins sem er um þriðjungur af stærð frummyndarinnar. Nemendur smíðuðu þil, mældu út stærð bæjarins, hlóðu veggi og lögðu torfið, auk þess sem sérstakur upplýsingahópur vann texta og myndefni á skilti.

Nemendur gerðu góðan róm að verkefninu og var áhuginn svo mikill að þegar ljóst var að ekki næðist að ljúka verkinu á fyrirhuguðum tíma unnu þeir á frídegi sínum til að ljúka því.

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, var viðstaddur vígsluna. Í ávarpi sínu lagði hann áherslu á mikilvægi torfbæjarins í menningararfi þjóðarinnar og lýsti yfir ánægju með verkefni sem væri til þess fallið að vekja áhuga fólks á sögu og merkingu merkra bygginga. - þlg



**HÁTÍÐLEG STUND** Námsmeyjar og kennari úr Egilsstaðaskóla við líkanið af Galtastöðum fram.



**STYRKUR** Í þeim barnaþorpum sem fyrir eru í Kongó eru 26 börn sem eiga íslenska styrktarforeldra. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Ísland styrkir byggingu skóla

Utanríkisráðuneytið hefur ákveðið að styrkja byggingu grunnskóla í Kinshasa í Austur-Kongó um tíu milljónir króna. SOS barnaþorpin á Íslandi munu leggja tvær milljónir króna til verkefnisins að auki.

Skólinn verður byggður af SOS barnaþorpunum í Austur-Kongó og sjá þau um rekstur hans. Íslendingar munu einungis fjármagna hluta verkefnisins en stærstur hluti fjármagnsins kemur frá Belgíu. Kongó var lengi undir stjórn Belgíu.

Kinshasa er höfuðborg Kongó og stærsta borg landsins. Fjöldi götubarna eykst í borginni dag frá degi, einnig fjölgar munaðarlausum börnum og vandamál tengd HIV eru gríðarleg. Talið er að meira en helmingur borgarbúa lifi á innan við dollara á dag.

Skólinn verður opinn nemendum á aldrinum sex til þrettán ára. Einhverjir nemendur hans koma úr barnaþorpinu en flestir koma úr nágrenninu og búa heima hjá foreldrum sínum. - mmf

# Nýr stjórnarformaður UNICEF



**SVANHILDUR KONRÁÐSDÓTTIR**

Svanhildur Konráðsdóttir, sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar, er nýr stjórnarformaður Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna á Íslandi (UNICEF) en hún hefur setið í stjórn samtakanna í þrjú ár. Svanhildur tekur við af Þórunni Sigurðardóttur sem hefur setið í stjórn UNICEF frá stofnun samtakanna hér á landi og verið stjórnarformaður síðustu tvö ár.

Tilkynnt var um stjórnarformannsskiptin á aðalfundi UNICEF í gær en auk þess kynnti Jónína Einarsdóttir, prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands, nýja skýrslu um mansal á börnum í Gíneu-Bissá, en rannsókn á þessum vanda var gerð að ósk UNICEF þar og styrkt af UNICEF á Íslandi. Höfundar skýrslunnar eru auk Jónínu þeir Geir Gunnlaugsson landlæknir, Gunnlaugur Geirsson laganemi og Hamadou Boiro mannfræðingur.

Framlög Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna á Íslandi til hjálparstarfs á síðasta ári námu tæpri 241 milljón króna. Þar af fóru yfir 114 milljónir til valinna verkefna í löndum eins og Austur-Kongó, Mósambík, Síerra Leóne og til neyðarhjálpar á hernumdu svæðum Palestínu. Tæpar 127 milljónir fóru til reglubundinna verkefna UNICEF, sem þýðir að UNICEF útdeilir þeim eftir því hvar þörfin er mest. Skiptir þar mestu framlag heimsforeldra, mánaðarlegra styrktaraðila UNICEF, en 64% af heildartekjum komu frá þeim. - ve

---

†



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Maríu Sigríðar Helgadóttur**

Kringlumýri 12 Akureyri.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki Reynihlíðar fyrir einstaka alúð og umönnun. Guð blessi ykkur öll.

**Jóhann Sverrisson** **Ásta Hansen**
**Svanfríður Sverrisdóttir** **Jón Á. Eyjólfsson**
**Jón Haukur Sverrisson**
**Elísabet Sverrisdóttir** **Sigfús Ó. Jónsson**
**barnabörn og langömmubörn.**

---

†



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hjalti Bjarnason**

fv. bifreiðastjóri frá Sólvangi, Árskógsströnd,

lést sunnudaginn 13. júní á dvalarheimilinu Hlíð Akureyri. Útför hans fer fram frá Stærri-Árskógskirkju föstudaginn 18. júní klukkan 14. Þeim sem vilja minnast hans er bent á dvalarheimilið Hlíð.

**Jóhanna Gíslína Vigfúsdóttir**
**Bjarni H. Hjaltason** **Anna G. Sigurðardóttir**
**Bjarki V. Hjaltason** **Dýrleif K. Steindórsdóttir**
**Elín Hjaltadóttir** **Þórarinn Kristjánsson**
**Reynir Gísli Hjaltason** **Helga Ó. Finnbogadóttir**
**Vignir Hjaltason** **Edda B. Kristinsdóttir**
**Vigdís E. Hjaltadóttir** **Guðmundur Þ. Jónsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**

---

†



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gísli Guðmundsson**

fyrrverandi verkstjóri hjá Reykjavíkurborg, til heimilis að Kristnibraut 43, Reykjavík,

sem andaðist aðfaranótt 8. júní, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 16. júní klukkan 15.00.

**Þorleifur Gíslason** **Ásdís Jónsdóttir**
**Stefanía Vigdís Gísladóttir** **Magnús Ingimundarson**
**Guðmundur Gíslason** **Hafrún Hrönn Káradóttir**
**Guðrún Torfhildur Gísladóttir** **Magnús Atli Guðmundsson**
**Guðbjörg Þórey Gísladóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



*Okkar ástkæri*

**Guðmundur Georgsson**

læknir, Hæðargarði 3C, Reykjavík,

lést sunnudaginn 13. júní. Útförin fer fram frá Langholtskirkju mánudaginn 21. júní kl. 15.

**Örbrún Halldórsdóttir**
**Halldór Guðmundsson** **Anna Vilborg Dyrset**
**Örbrún Guðmundsdóttir** **Heinrich Berger**
**Hrafnhildur Guðmundsdóttir** **Magnús Hauksson**
**Gunnþórunn Guðmundsdóttir** **Dagur Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



*Ástkær móðir okkar,*

**Gyða Jónsdóttir**

hjúkrunarheimilinu Eir, Hlíðarhúsum 7, áður Jökulgrunni 26, Reykjavík,

lést laugardaginn 5. júní 2010. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 16. júní kl. 13.00.

**Jón K. Þórðarson** **Úndína Gísladóttir**
**Fanney M. Þórðardóttir** **Magnús Björnsson**
**Þóranna Þórðardóttir**
**Þórður Þórðarson** **Kristín Sæmundsdóttir**
**Ágúst Þórðarson** **Edda Ólafsdóttir**
**Ingi Gunnar Þórðarson** **Hafdís Helgadóttir**
**börn og barnabörn.**

---

†



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Halldóra Böðvarsdóttir,**

Dalbraut 15, Akranesi,

andaðist á Sjúkrahúsi Akraness miðvikudaginn 9. júní sl. Útför hennar verður gerð frá Akraneskirkju miðvikudaginn 16. júní kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið eða Ljósið.

**Þórður Magnússon**
**Svava Huld Þórðardóttir**
**Jón Þór Þórðarson** **Ingibjörg Harpa Ólafsdóttir**
**Berglind Erna Þórðardóttir** **Jes Friðrik Jessen**
**og ömmubörn.**

---



*Ástkær sambýliskona mín, móðir, tengdamóðir, amma, systir, mágkona og frænka,*

**Ragnhildur Ingólfsdóttir**

klæðskeri,

lést á heimili sínu í Nørre Vissing á Jótlandi sunnudaginn 13. júní.

**Peter W. Petersen**
**Sædís Ragnhildardóttir** **Jesper Mikkelsen**
**Martina Agrillo** **Lukas Benedikt Mikkelsen**
**Ingólfur Ingólfsson** **Ragnheiður Björg Björnsdóttir**
**Ásdís Ingólfsdóttir** **Haraldur Jónsson**
**Bergþóra Ingólfsdóttir** **Benedikt Ólafsson**
**Stefán Ingólfsson** **Inga S. Ingólfsdóttir**
**systkinabörn og fjölskyldur.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**






# Hljóðfærið sem stal HM

**BAKÞANKAR**
**Þórunnar Elísabetar Bogadóttur**

Heimsmeistaramót karla í knattspyrnu byrjaði ekki neitt sérstaklega hressilega í þetta skiptið. Það sem helst stóð upp úr eftir fyrstu dagana var hávaðinn á fótboltavöllum Suður-Afríku, sem orsakast af hinu skrýtna en nú heimsþekkta hljóðfæri vuvuzela. Þessir einkennilegu lúðrar hafa öðru fremur stolið senunni á mótinu. Að minnsta kosti hafa nógu fjandi margir tjáð sig um það í hinum ýmsu fjölmiðlum, svo ekki sé minnst á Facebook, þar sem mér skilst að endalaust margir séu komnir í hópa þar sem andúð er lýst á fyrirbærinu.



**ÞETTA** hljóðfæri, ef svo er hægt að kalla fyrirbærið, er mjög vinsælt meðal fótboltaáhugafólks í Suður-Afríku. Það þykir orðið nauðsynlegur fylgihlutur á völlinn, og er til í litum allra helstu liðanna. Suður-afrískt fótboltaáhugafólk hlýtur líka að vera með einstaklega vel heppnuð lungu, þar sem það virðist aldrei hætta að blása – nema rétt kannski í leikhléi. Svo krefst það víst líka mikillar kunnáttu að blása í þetta eins metra langa ferlíki sem heimamenn halda fram að hljómi í raun og veru eins og fíll, þó að við sem heima sitjum heyrum frekar í hóp reiðra býflugna.

**FJÖLMARGIR** hafa fjölmargir kvartað undan þessu eintóna býflugnahljóði, allt frá áhorfendum til leikmanna, sem einhverjir hafa meira að segja gengið svo langt að kenna um tap sinna manna. Það er nú kannski fulllangt gengið, enda þótt hljóðið sé þokkalega pirrandi er það ekki ástæða þess að menn sem hafa atvinnu sína af þessari íþrótt geti hreinlega ekki unnið leik.

**SUÐUR-AFRÍKUMENN** virðast hafa verið að undirbúa eintóna spilamennskuna allt frá því að tilkynnt var að mótið færi þar fram, fyrir heilum sex árum. Daginn sem tilkynningin barst seldust allavega tugþúsundir eintaka af lúðrinum. Þeir lifa líka víst í þeirri blekkingu, blessaðir, að hver einasti áhorfandi muni kaupa vuvuzela í massavís til að fara með til síns heima þegar mótinu lýkur.

**HVORT** sem þið trúið því eða ekki er til fólk sem hefur notað þetta svokallaða hljóðfæri í tónlist barna, meira að segja hefur það verið notað í sinfóníuhljómsveitum. Það sem meira er: það er í fúlustu alvöru til stór hljómsveit í Suður-Afríku þar sem allir spila á vuvuzela. Allir í hljómsveitinni. Það fylgir ekki sögunni hversu vinsæl hljómsveitin er …

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Overli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Kirkman/Scott



## NÝJAR BÆKUR



Nýhil hefur gefið út ljóðabókina Gengismunur – ljóð úr skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis eftir Jón Örn Loðmfjörð. Ljóð eru á 78 síðum kversins, en í eftirmála gerir skáldið grein fyrir aðferð sinni við ljóðasmíðina. Þá er viðauki um hrunið og þakkarlisti. Kári Páll Óskarsson skrifar formála um klippiaðferðina. Bókin er alls 90 síður.



Mál og menning hefur gefið út norsku barnabókina Illi kall sem fjallar um heimilisofbeldi. Höfundar eru Gro Dahle og Svein Nyhus, en Sigrún Árnadóttir þýðir. Bókin, sem er í harðspjaldaútgáfu, er gefin út í samvinnu við Barnaverndarstofu. Hún hefur vakið gríðarlega athygli fyrir snjalla meðferð á erfiðu efni og hlaut meðal annars verðlaun norska menntamálaráðuneytisins. Bókinni er ætlað að opna ungum lesendum leið til að þekkja og skilja ástæður heimilisofbeldis.



Fyrsta skáldsaga Kára Tulinius kom út snemmsumars, Píslarvottar án hæfileika heitir hún og útgefandi er JPV. Sagan fjallar um fimm ungmenni í Reykjavík sem vilja setja mark sitt á samfélagið en það gengur hvorki né rekur. Þau eiga sér óljósan draum um að fremja hryðjuverk en það er erfitt að vera öfgamaður þegar ekkert er þess virði að drepa eða deyja fyrir. Píslarvottar er fyrsta skáldsaga höfundarins.



**LEIKLIST** Einar Logi í hlutverki grenjaskyttunnar. MYND KÓMEDÍUHLEIKHÚSIÐ

# Agg, gagg, gagg sagði tófan

Nýtt íslenskt leikrit, Gaggað í grjótinu, verður frumsýnt í Melrakkasetrinu í Súðavík 16. júní. Leikurinn er sérstaklega saminn fyrir Melrakkasetrið en safnið var opnað við hátíðlega athöfn fyrir skömmu og þar er sögð saga refsins sem hefur lifað lengur en elstu menn muna.

Í Gaggað í grjótinu fáum við einstakt tækifæri til að bregða okkur á greni með ónefndri refaskyttu sem kallar ekki allt ömmu sína. Saga skyttunnar er nefnilega ekki síður merkileg en skolla sjálfs. Meðan skyttan liggur og vaktar grenið styttir hún sér stundir og segir sögur af sjálfum sér og öðrum refaskyttum.

Ævintýrin sem skytturnar hafa lent í í viðureigninni við melrakkann eru kannski lygileg eða hvað? Leikari er Elfar Logi Hannesson, Marsibil G. Kristjánsdóttir hannar leikmynd og búninga, höfundur og leikstjóri er Halla Margrét Jóhannesdóttir en það er Kómedíuleikhúsið á Ísafirði sem setur leikinn á svið í samstarfi við Melrakkasetur Íslands.

Eins og áður sagði verður leikritið Gaggað í grjótinu frumsýnt í Melrakkasetrinu í Súðavík miðvikudagskvöldið 16. júní kl. 20. Uppselt er á frumsýningu en önnur sýning verður fimmtudaginn 24. júní. Eftir það verða sýningar alla fimmtudaga í sumar. Miðasala á allar sýningarnar er í Melrakkasetrinu í Súðavík og í síma 456 4922. - pbb

# Tinna í London

Tinna Þorsteinsdóttir píanóleikari heldur tónleika í The Foundling Museum í London á þjóðhátíðardaginn með íslenskri píanótónlist. Tónleikarnir eru hluti af seríu sem fram fer í sama safni þetta tónleikaár með íslenskum flytjendum. Tinna mun leika verk eftir Jón Leifs, Mist Þorkelsdóttur, Þorstein Hauksson, Karólínu Eiríksdóttur og Hilmar Þórðarson. Foundling-safnið er annars merkilegt fyrir þær sakir að þar er meðal annars að finna stærsta safn í einkaeigu á munum og handritum sem tengjast ævistarfi tónskáldsins Georgs Friedrichs Händel.



**TÓNLIST** Tinna Þorsteinsdóttir píanóleikari. MYND FRÉTTABLAÐIÐ


Hágæða ofnar á áður óþekktu verði

VOTTUÐ GÆÐAVARA



EURO handklæðaofn beinn hvítur 50x80 cm
8.490

EURO Panelofn 50x120 cm
15.490
MARGAR STÆRÐIR

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM

KRANAR OG HITASTILLAR FRÁ Danfoss

EURO handklæðaofn kúptur króm 50x120 cm
19.490
MARGAR STÆRÐIR

Kletthálsi Rvk
Akureyri
Suðurnesjum
Húsavík
Flúðir

Meiri gæði / Lægra verð MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN – Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



JAMIS BICYCLES

0% VAXTALAUSAR LÉTTGREIÐSLUR allt að 6 mánuðum!



Hjólaðu út í sumarið
Hjóladeildin er í Holtagörðum

Veglegur aukahlutapakki fylgir öllum Jamis hjólum á meðan birgðir endast: Hjólastandur í hjólageymsluna eða bílskúrinn * Viðgerðasett * Pumpa * Brúsahaldari * Brúsi



**Trail XR**
Enduro II stálstell, SRAM 3.0, 21 gíra og V-bremsur.
Verð: 45.990 kr.



**Explorer 1.0**
6061 TIG álstell, SRAM 3.0, 7 gíra, Tektro V-bremsur og XC 60 mm framdempari.
Verð: 58.990 kr.



**Citizen 1**
6061 TIG álstell, Shimano ALTUS, 14 gíra, V-bremsur og 28" dekk.
Verð: 61.990 kr.

Skoðaðu allt úrvalið á www.utilif.is

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS

ÚTILÍF

# Fangar sumarleg augnablik

**Á meðal Listhópa Hins hússins er verkefnið Augnablik, en að því stendur áhugaljósmyndarinn Halla Einarsdóttir.**

Í sumar mun Halla taka ljósmyndir af fólki í miðbæ Reykjavíkur og fanga ýmis sumarleg augnablik. Hún mun svo hengja myndirnar upp í gluggum verslana við Laugaveg og skapa með því skemmtilega stemningu á götum borgarinnar. „Ég er búin að taka myndir markvisst í um þrjú ár og með hverju árinu verður þetta minna og minna áhugamál og meira af alvöru og nú stefni ég á áframhaldandi ljósmyndanám eftir stúdentspróf,“ segir Halla sem hefur stundað ljósmyndanám við Myndlistaskóla Reykjavíkur samhliða stúdentsnámi við Kvennaskólann.

Innt eftir því hvernig hugmyndin að verkefninu hafi komið til segist hún hafa verið spennt fyrir starfi Listhópa Hins hússins og ákveðið að sækja um. „Mér fannst þetta spennandi og þegar ég var að reyna að finna sniðugt verkefni kom ekkert annað til greina en að taka ljósmyndir,“ segir Halla, sem hefur nú myndað á götum borgarinnar í heila viku. „Ég fæ skriflegt leyfi frá fólki um að ég megi taka myndir af því og birta á Netinu og í gluggum verslana. Fólk tekur furðuvel í það að láta mynda sig og hingað til hefur aðeins ein kona sagt nei, þannig að þetta hefur farið fram úr mínum björtustu vonum.“

Myndirnar eru birtar samdægurs á heimasíðu verkefnisins www.augnabliksumarsins.blogspot.com auk þess sem þær verða til sýnis aðra hverja viku í allt sumar í gluggum ákveðinna verslana við Laugaveg.

**- sm**



**SETUR SVIP SINN Á BÆINN** Halla Einarsdóttir stendur fyrir verkefninu Augnablik sem er á vegum Listhópa Hins hússins. Myndir hennar birtast bæði á vefsíðu verkefnisins og í gluggum tuttugu verslana á Laugavegi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Heimsklassa gestakennarar

Heimsklassa gestakennarar munu kenna dansglöðum Íslendingum réttu sporin á sumarnámskeiðum Háskóladansins, sem hefjast í dag. Susanne Sandberg, Thorbjørn Urskog og Magnus Myrvold og Anita Elvedal koma til landsins koma til landsins frá Noregi og sýna réttu sporin.

„Susanne og Thorbjörn eru heims-, Norðurlanda- og Noregsmeistarar í Boogie Woogie síðustu þrjú ár. Þau eru númer tvö á heimslistanum, eru bara rétt á eftir þeim sem skipa fyrsta sætið. Aníta og Magnús eru númer þrettán en hafa ekki verið að keppa upp á síðkastið,“ segir Elfar Rafn Sigþórsson hjá Háskóladansinum.

Susanne og Thorbjörn eru Boogie Woogie dansarar en kenna Salsa og Lindy Hop í þetta sinn. Anita og Magnús kenna Boogie Woogie á sumarnámskeiðunum.

„Hinir kennararnir hafa hins vegar ekki komið hingað áður en eru allir mjög færir og frambærilegir á sínu sviði og hafa mikið fram að færa í kennslu til áhugasamra“ segir Elfar Rafn.

Sumarnámskeið Háskóladansins standa frá 15. til 20. júní. Þrátt fyrir að vera kenndur við Háskólann er dansinn opinn öllum auk þess sem dansfélagi er ekki skilyrði fyrir þátttöku. Áhugasamir geta farið á heimasíðu Háskóladansins www.haskoladansinn.is.

**-ls**



**MARGVERÐLAUNAÐIR GESTAKENNARAR** Friðgeir segir alla kennarana sem koma til landsins í sumar frambærilega á sínu sviði FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI














BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS
898 KR.KG
N.V FERSKT HAKK
565 KR.KG
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 664 KR.KG 15% AFSLÁTTUR
239 KR.KG
KJÖRFUGL FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
ÞARF AÐEINS AÐ HITA
579 KR.KG
NORÐANFISKUR STEIKTAR FISKIBOLLUR
ÞARF AÐEINS AÐ HITA
998 KR.KG
BÓNUS FROSNIR KJÚKLINGAMOLAR 1 KG
398 KR.KG
K.F NÝTT KJÖTFARS
898 KR.KG
ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
ÞARF AÐEINS AÐ STEIKJA !
698 KR.PK
BÓNUS ÝSUBITAR Í RASPI 800G
MATUR FYRIR FJÓRA
998 KR.KG
BÓNUS FERSKT LASAGNE 1 KG
30% AFSLÁTTUR
K.S FROSIN LAMBASVIÐ
MERKT VERÐ 298 KR.KG kr. 209 kr.kg.
195 KR. 1KG
EUROSHOPPER SPAGHETTI 1 KG
198 KR.PK
BKI KAFFI CLASSIC MELLEMRISTED 250G
BEST FYRIR JÚLÍ 2010
29 KR.DS
EUROSHOPPER MAISKORN 340G
169 KR.FL
EUROSHOPPER HANDSÁPUR 500 ML
159 KR.DS
BÓNUS HRÁSALAT 350g
259 KR.PK
PRINGLES 165G
198 KR.FL
BÓNUS HAMBORGARASÓSA 400 ML
139 KR.PK
4 STÓR BÓNUS HAMBORGARABRAUÐ
111 KR.PK
BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK
NÝTT Í BÓNUS
79 KR.PK
EUROSHOPPER HAFRAMJÖL 500g
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## > Fjórir leikir hjá stelpunum í kvöld

Fjórir leikir fara fram í Pepsi-deild kvenna í fótbolta í kvöld. Íslandsmeistarar Vals hafa gert tvö jafntefli í röð en Breiðablik hefur ekki náð að gera betur og því munar enn þremur stigum á liðunum. Þór/KA minnkaði forskot Vals í eitt stig með sigri um helgina. Valur tekur á móti Aftureldingu í kvöld en Afturelding náði stigi af Blikum í síðasta leik og hefur haldið hreinu í þremur leikjum í röð. Blikar taka á móti botnliði FH en aðrir leikir eru: Fylkir-KR og Haukar-Grindavík. Allir leikirnir hefjast klukkan 19.15.



# sport

sport@frettabladid.is

**ÍVAR BJÖRNSSON ÁFRAM Á SKOTSKÓNUM Í GÆR:** FRAMARAR Á TOPPINN Í FYRSTA SKIPTI Í 18 ÁR

## *Ekki kom til greina að tapa eftir klúðrið í síðustu viku*



Tíu Framarar unnu 2-1 sigur á sprækum Garðbæingum í Laugardalnum í gærkvöldi og tylltu sér í efsta sæti Pepsi-deildarinnar í fyrsta skiptið síðan árið 1992. Heimamenn spiluðu gríðarlega þéttan varnarleik og beittu skyndisóknum sem skiluðu tveimur mörkum og öllum þeim stigum sem í boði voru. Einum fleiri pressuðu gestirnir grimmt að marki Framara í blálokin, en varnarmúr heimamanna var hreinlega of þéttur og Stjörnumenn urðu að játa sig sigraða.

Framherjinn Ívar Björnsson skoraði sitt fimmta mark í deildinni með stórkostlegri hjólhestaspyrnu þegar lítið var eftir af fyrri hálfleiknum. „Ég er alveg gríðarlega ánægður með þennan sigur og spilamennskuna hjá okkur,“ sagði Ívar Björnsson sem átti frábæran leik og skoraði eitt af mörkum sumarsins.

„Eftir klúðrið í síðustu viku þá kom það hreinlega ekki til greina að tapa þessum leik og ég held að við höfum haft meiri vilja til að sigra hér í kvöld,“ sagði Ívar ánægður í leikslok. „Liðin voru jöfn svona mestmegnis af leiknum,“ sagði Bjarni Jóhannsson , þjálfari Stjörnunnar, bragðdaufur eftir leikinn í gærkvöldi. „Ég þurfti að gera tvær breytingar á liðinu í hálfleik og taka tvo miðjumenn útaf sem riðlaði skipulaginu mikið og á þeim kafla fáum við á okkur annað markið. Framarar missa síðan mann af velli sem gaf okkur tækifæri til að komast aftur inn í leikinn, en það hafðist ekki að þessu sinni,“ sagði Bjarni Jóhannsson eftir leikinn.

„Ég er virkilega ánægður að hafa náð í þessi þrjú stig og komast aftur á sigurbraut,“ sagði Þorvaldur Örlygsson, þjálfari Fram, sáttur eftir leikinn í gærkvöldi.

„Ég var sérstaklega ánægður með það hvernig menn komu til baka eftir tapið í síðustu umferð og sýndu úr hverju þeir eru gerðir. Það sýndi sig í dag að strákunum finnst gaman að spila fótbolta og leggja sig alltaf alla fram,“ sagði Þorvaldur að lokum.

---

### Fram 2-1 Stjarnan

Laugardalsvöllur, áhorf.: 600 — Gunnar Jarl Jónsson (8)

*1-0 Ívar (34.), 2-0 Tómas (60.), 2-1 Hilmar Þór (89.).*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12–8 (5–2) |
| Varin skot | Hannes 3 – Bjarni 4 |
| Horn | 9–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 11–10 |
| Rangstöður | 1–0 |

| FRAM 4–3–3 | | STJARNAN 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Hannes Þór Halldórs. | 7 | Bjarni Þórður Halld. | 7 |
| Daði Guðmundsson | 6 | Baldvin Sturluson | 4 |
| Kristján Hauksson | 6 | Tryggvi Sv. Bjarnason | 5 |
| Jón Guðni Fjóluson | 7 | Daniel Laxdal | 5 |
| Sam Tillen | 7 | (76., Bjarki Páll Eyst. | -) |
| Halldór Hermann | 6 | Hilmar Þór Hilmarss. | 4 |
| Jón Gunnar Eysteins. | 6 | Dennis Danry | 6 |
| Almarr Ormarsson | 6 | Atli Jóhannsson | 5 |
| Tómas Leifsson | 7 | (45., Ellert Hreinss. | 6) |
| (85., Kristinn Ingi | -) | Jóhann Laxdal | 5 |
| Hjálmar Þórarinsson | 7 | (45., Björn Pálsson | 6) |
| (63., Jón Orri Ólafss. | 5) | Steinþór Freyr Þorst. | 6 |
| ***Ívar Björnsson** | **8** | Halldór Orri Björnss. | 5 |
| (75., Hlynur Atli | -) | Þorvaldur Árnason | 5 |

*Maður leiksins

### FH 3-2 KR

Kaplakriki, áhorf.: 2.238 — Jóhannes Valgeirsson (7)

*1-0 Matthías (51.), 1-1 Óskar Örn (68.), 2-1 Tommy, víti (77.), 3-1 Hjörtur Logi (84.), Björgólfur (86.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 16–12 (8–5) |
| Varin skot | Gunnleifur 3 – Lars 5 |
| Horn | 5–10 |
| Aukaspyrnur fengnar | 9–11 |
| Rangstöður | 3–2 |

| FH 4–3–3 | | KR 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Gunnleifur Gunnleifs. | 5 | Lars Ivan Moldsked | 5 |
| Hjörtur Logi Valgarðs. | 7 | Guðm. Reynir Gunn. | 6 |
| Tommy Nielsen | 6 | (69., Viktor Bjarki | 5) |
| Freyr Bjarnason | 6 | Grétar Sigurðarson | 7 |
| Guðm. Sævarsson | 5 | Skúli Jón Friðgeirss. | 5 |
| Hákon Atli Hallfreðss. | 6 | Eggert Rafn Einarss. | 5 |
| Björn Daníel Sverris. | 6 | (82., Gunnar Kristj. | -) |
| Matthías Vilhjálmss. | 7 | Jordao Diogo | 6 |
| ***Atli Guðnason** | **8** | Baldur Sigurðsson | 5 |
| Ólafur Páll Snorras. | 7 | Bjarni Guðjónsson | 6 |
| Atli Viðar Björnsson | 6 | Óskar Örn Hauksson | 5 |
| (85., Torgeir Motland | -) | Kjartan Henry Finnb. | 3 |
| | | (69., Gunnar Örn | 5) |
| | | Björgólfur Takefusa | 6 |

*Maður leiksins

# Risinn er vaknaður á ný

**Íslandsmeistarar FH eru farnir að líkjast sjálfum sér á ný og spiluðu afar fínan sóknarleik gegn KR í gær. FH vann sanngjarnan sigur, er komið í toppbaráttuna aðeins þremur stigum á eftir toppliðunum en KR er enn í miklu basli.**

**FÓTBOLTI** Íslandsmeistaraefnin í KR eru í vondum málum eftir enn eitt tapið í sumar. Að þessu sinni gegn Íslandsmeisturum FH, 3-2, í fjörugum leik þar sem mörkin hefðu getað orðið miklu fleiri.

Það er óhætt að tala um níu stiga leik því liðin voru í áttunda og tíunda sæti deildarinnar fyrir leikinn. FH komst með sigrinum upp í sjötta sætið og er aðeins þremur stigum frá toppsætinu. KR er aftur á móti enn í tíunda sæti með aðeins sex stig eftir sjö leiki. Þrátt fyrir mótlætið er Logi Ólafsson, þjálfari KR, ekki á því að gefast upp og segja starfi sínu lausu.

„Ég er baráttumaður og það er engan bilbug á mér að finna. Ég hef enn trú á því að þetta þjálfarateymi geti rétt skútuna af. Ég tel mig enn ná til leikmanna liðsins. Uppskeran er vissulega rýr en það er lítið að falla með okkur og varnarleikurinn er okkar helsti höfuðverkur,“ sagði Logi eftir leikinn í gær og var langt frá því að vera bugaður þó svo hann væri vissulega svekktur.

Það var markalaust í leikhléi sem var ótrúleg staða þar sem bæði lið fengu þónokkur dauðafæri. FH-ingar þeim mun fleiri og þar fór Atli Viðar Björnsson fremstur í flokki. Matthías kom FH yfir snemma í síðari hálfleik en Óskar Örn kom KR aftur inn í leikinn með laglegu marki úr aukaspyrnu.

KR fór í kjölfarið að spila 4-3-3 og tók leikinn yfir. Þeir voru líklegri til þess að skora er hinn afar mistæki norski markvörður, Lars Moldsked, braut klaufalega af sér í teignum og það að óþörfu. Víti dæmt sem Tommy Nielsen skoraði örugglega úr. Afar blóðug mistök hjá Moldsked. Margir KR-ingar vilja Moldsked á burt en Logi segir hann ekki vera á förum. „Þegar markvörður fer með fæturnar á undan sér er teflt í tvísýnu. Þetta var ekki gott. Við munum ekki vinna þannig að við rekum hann úr landi. Hann hélt okkur inni í leiknum í fyrri hálfleik.“

FH-liðið spilaði hugsanlega sinn besta leik í sumar í gær og þegar á heildina er litið var FH sterkari aðilinn í leiknum og átti sigurinn skilið. Sóknarleikur liðsins var flottur í gær, Atli Guðnason er að komast í sitt fyrra form og Matthías Vilhjálmsson var einnig sterkur. Ef Atli Viðar hefði verið líkur sjálfum sér fyrir framan markið þá hefði FH líklega klárað þennan leik snemma.

„Þetta er okkar besti leikur ásamt Fylkisleiknum. Það er mikill stígandi hjá okkur og mér finnst við á löngum köflum miklu betra liðið í þessum leik. Við yfirspiluðum KR-inga og þetta var sanngjarn sigur að mínu mati,“ sagði Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, sem tók út leikbann í gær og þurfti að fylgjast með úr stúkunni. „Þetta var lífsnauðsynlegur sigur fyrir okkur ef við ætluðum að vera í toppbaráttunni,“ sagði Heimir. **henry@frettabladid.is**



**MIKILVÆGUR SIGUR HJÁ FH** FH-ingurinn Ólafur Páll Snorrason í baráttu við KR-inginn Guðmund Reyni Gunnarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ÓLAFUR ÖRN** Grindavík vann fyrsta leikinn undir hans stjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fyrstu stig Grindvíkinga:

## Baráttan skilaði Grindavík sigri

**FÓTBOLTI** Þetta var mikill léttir,“ sagði Ólafur Örn Bjarnason sem stýrði Grindavík í fyrsta sinn af hliðarlínunni í 2-3 sigri á Blikum í gær. Þetta voru fyrstu stig Grindvíkinga í sumar.

„Ég hef reynt að koma með áherslur á betri varnarleik og aðeins að létta skapið í mönnum. Það er stutt í húmorinn og við þurfum að vinna svona áfram.“ Blikar komust í 2-1 en Grindvíkingar náðu að skora tvö mörk á síðustu 20. mínútunum. Blikar geta sjálfum sér um kennt fyrir að klára leikinn ekki en barátta Grindvíkinga var aðdáunarverð. „Mér fannst þetta sanngjarnt,“ sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Blika. „Við lögðum ekki nógu mikla vinnu í seinni hálfleikinn til að verðskulda sigur.“ **- hþh**

### Breiðablik 2-3 Grindavík

Kópavogsv., áhorf.: 761 — Þóroddur Hjaltalín (6)

*0-1 Gilles Ondo, víti (18.), 1-1 Arnór Sveinn Aðalsteinsson (23.), 2-1 Alfreð Finnbogason (32.), 2-2 Páll Guðmundsson (75.), 2-3 Ondo (85.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 11–12 (7–6) |
| Varin skot | Ingvar 2 – Rúnar 5 |
| Horn | 7–3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 16–11 |
| Rangstöður | 2–2 |

| BREIÐA. 4–3–3 | | GRIND. 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Ingvar Þór Kale | 4' | Rúnar Dór Daníelss. | 6 |
| Arnór Sv. Aðalsteins. | 7 | Ray Anthony Jónsson | 5 |
| Elfar Freyr Helgason | 4 | Auðun Helgason | 6 |
| Kári Ársælsson | 5 | Orri Freyr Hjaltalín | 5 |
| (90. Olgeir Sig. | -) | Jósef Kr.Jósefsson | 6 |
| Kristinn Jónsson | 5 | (68., Páll Guðm. | 6) |
| Guðm.Kristjánsson | 6 | Jóhann H. Aðalgeirs. | 4 |
| Jökull Elísabetarson | 5 | (74., Luc Ondo | -) |
| Kristinn Steindórsson | 4 | Marko Stefánsson | 5 |
| Alfreð Finnbogason | 6 | Matthías Örn Friðrik. | 5 |
| Andri Rafn Yeoman | 4 | Alexander Magnúss. | 5 |
| (87. Finnur Orri | -) | Óli Baldur Bjarnason | 4 |
| Guðm. Pétursson | 4 | ***Gilles Ondo** | **7** |
| (76., Haukur Baldv. | -) | | |

*Maður leiksins

### Staðan í Pepsi-deildinni:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fram | 7 | 4 | 2 | 1 | 14-9 | 14 |
| **Valur** | **7** | **4** | **2** | **1** | **14-10** | **14** |
| ÍBV | 7 | 4 | 2 | 1 | 11-7 | 14 |
| **Keflavík** | **7** | **4** | **2** | **1** | **7-7** | **14** |
| Breiðablik | 7 | 3 | 2 | 2 | 13-9 | 11 |
| **FH** | **7** | **3** | **2** | **2** | **12-12** | **11** |
| Stjarnan | 7 | 2 | 3 | 2 | 16-11 | 9 |
| **Fylkir** | **7** | **2** | **2** | **3** | **13-14** | **8** |
| Selfoss | 7 | 2 | 1 | 4 | 11-12 | 7 |
| **KR** | **7** | **1** | **3** | **3** | **11-13** | **6** |
| Haukar | 7 | 0 | 3 | 4 | 7-16 | 3 |
| **Grindavík** | **7** | **1** | **0** | **6** | **6-15** | **3** |


Frábær kaup

Eximo 2010 hjólhýsi á einstöku verði !

Eximo 520B Hjólhýsi



Verð: 2.698.000kr
Lengd: 5,03 m
Breidd: 2,30 m
Þyngd: 1050 kg
Svefnpláss fyrir 5 (kojuhús)

Eximo 520L Hjólhýsi



Verð: 2.698.000kr
Lengd: 5,03 m
Breidd: 2,30 m
Þyngd: 1050 kg
Svefnpláss fyrir 4

Eximo 460 Hjólhýsi



Verð: 2.550.000kr
Lengd: 4,57 m
Breidd: 2,30 m
Þyngd: 1000 kg
Svefnpláss fyrir 4

• Létt og meðfærileg hús, auðveld í drætti.
• Mjög gott verð.
• Sterklega smíðuð hús.
• Falleg hönnun.

• 91 Lítra ísskápur.
• Gasmiðstöð m/ Ultra heat ( rafm. hitun )
• Litaðar rúður
• 12 og 220 Volta rafkerfi.

Opnunartími:
Mán-Fös. kl: 10-18
Laug-Sun. kl: 12-16

Útilegu maðurinn

Fosshals 5-7
110 Reykjavík
Sími 551 5600
Fax 551 5601
utilegumadurinn.is

**KEFLAVÍK 1-1 HAUKAR**

*0-1 Sam Mantom (51.)*
*1-1 Magnús Þórir Matthíasson (86.)*
Njarðtaksvöllur, áhorf.: Ekki uppgefið
Dómari: Einar Örn Daníelsson (7)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 15–9 (4–3) |
| Varin skot | Ómar 2 – Daði 2 |
| Horn | 5–3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 13–14 |
| Rangstöður | 5–6 |

**Keflavík 4–4–2** Ómar Jóhannsson 5 - Alen Sutej 6 (77., Brynjar Guðmundsson -), Haraldur Freyr Guðmundsson 5, Bjarni Hólm 5, Guðjón Árni Antoníusson 5 - Jóhann Birnir 6, Paul McShane 5, Andri Steinn Birgisson 6 (77., Magnús Þórir -), Hólmar Örn Rúnarsson 6 - Guðmundur Steinarsson 4, Magnús Þorsteinsson 5

**Haukar 4–5–1** Daði Lárusson 5 - Gunnar Ormslev Ásgeirsson 6, ***Guðmundur Viðar Mete 7**, Daníel Einarsson 7, Þórhallur Dan Jóhannsson 5 (45., Pétur Örn Gíslason 5) - Úlfar Hrafn Pálsson 5 (62., Ásgeir Þór Ingólfsson x), Kristján Ómar Björnsson 6, Guðjón Pétur Lýðsson 6, Hilmar Geir Eiðsson 5, Sam Mantom 7 - Arnar Gunnlaugsson 5.

## Nýliðar Hauka voru 4 mínútum frá sigri á Keflavík:

# Nálægt fyrsta sigri

**FÓTBOLTI** Nýliðar Hauka voru afar nálægt því að ná sínum fyrsta sigri í Pepsi-deildinni í 1-1 jafntefli gegn Keflavík í gærkvöldi. Haukar höfðu náð aðeins tveimur stigum í sex leikjum fyrir leikinn og vantaði enn fyrsta sigurinn. Keflvíkingar þurftu hins vegar að rífa sig upp eftir stórtap gegn Stjörnunni í síðustu umferð.

Leikurinn var lítið fyrir augað enda fótboltaaðstæðurnar gríðarlega erfiðar, völlurinn var afar blautur og gríðarlega mikill vindur. Sam Mantom, lánsmaður frá WBA, skoraði annan leikinn í röð en það var svo Magnús Þórir Matthíasson sem kom af bekknum og skoraði jöfnunarmarkið rétt undir lokin.

„Á stundum þessum er stig betra en ekkert. Við eigum þó að geta gert betur,“ sagði Willum Þór Þórsson þjálfari Keflavíkur. „Ég verð að hrósa báðum liðum fyrir að spila fínan fótbolta þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Það var þó eins og gjarnan að lið án sigurs reynir að liggja aftur og halda sigri,“ sagði Willum.



**MAGNÚS ÞÓRIR** Jafnaði í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Keflavíkurliðið hefur þar með aðeins fengið eitt stig úr síðustu tveimur leikjum og er dottið af toppnum.

„Maður fann nasaþefinn af því að landa sigri og því er sárt að tapa þessu niður,“ sagði Andri Marteinsson þjálfari Hauka.

„Við vorum komnir langt í leikinn og markið kemur úr engu í raun þannig að þetta er mjög svekkjandi. Lukkuhjólin hljóta þó að fara að snúast okkur í hag,“ sagði Andri. **- kpt**

## Guðmundur Steinn Hafsteinsson tryggði Val sinn fjórða sigur í röð:

# Mættur heim og tryggði 3 stig

**FÓTBOLTI** Guðmundur Steinn Hafsteinsson sneri aftur í Valsbúninginn með stæl en hann skoraði sigurmark liðsins gegn Selfyssingum eftir að hafa komið inn á sem varamaður. Guðmundur hóf tímabilið á láni hjá HK í 1.deildinni en var mættur í hópinn hjá Val í gær. Hann kom inn á sem varamaður á 74. mínútu og skoraði svo fjórum mínútum síðar. Skemmtunin á Vodafone-vellinum í gær kom í köflum sem voru of fáir. Í fyrri hálfleiknum fengu heimamenn nokkur dauðafæri sem ekki nýttust og fengu þeir svo blauta tusku í andlitið strax í upphafi seinni hálfleiks þegar Davíð Birgisson skoraði.

Stuðningsmenn Selfyssinga voru líflegir í stúkunni og voru þeir enn að fagna markinu þegar Ian Jeffs jafnaði. Fjörleg byrjun á seinni hálfleiknum en eftir mark Jeffs komst meira jafnvægi í hann og fátt markvert gerðist þar til sigurmarkið kom. Þetta var fjórði sigurleikur Vals í röð í deildinni. „Við náðum ekki meira en tveimur samliggjandi sigurleikjum í fyrra svo þetta gefur okkur mikinn kraft,“ sagði Reynir Leósson, varnarmaður Vals, eftir leik.

„Þessi leikur var mjög erfiður en við fengum langbesta færin í þessum leik. Við áttum að vera búnir að skora þegar þeir komast yfir því við erum ekki vaknaðir. Við sýnum svo strax styrk okkar liðs í ár, við brotnum ekki og náum að jafna strax. Svo sýnir það breiddina að við fáum Steina [Guðmund Stein] af bekknum og skorar fínt mark.“

Valsmenn líta ansi vel út um þessar mundir. „Varnarlega erum við að verða þéttari og svo erum við alltaf hættulegir fram á við. Ef við höldum áfram svona eru okkur allir vegir færir,“ sagði Reynir.

Selfyssingar þurfa að fara að safna fleiri stigum og það veit þjálfarinn Guðmundur Benediktsson vel. „Við sofnuðum á verðinum og gefum tvö mörk að mínu mati. Við eigum eftir að ná í fleiri stig þótt þau hafi ekki komið í dag,“ sagði Guðmundur sem var ekki sáttur við dekkninguna í vörninni í mörkum Valsliðsins. **- egm**



**Á GÓÐU SKRIÐI** Ian Jeffs og Valsmenn hafa unnið 4 leiki í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**VALUR 2-1 SELFOSS**

*0-1 Davíð Birgisson (46.)*
*1-1 Ian Jeffs (47.)*
*2-1 Guðmundur St. Hafsteinss. (78.)*
Vodafone-völlur, áhorf.: 1009
Dómari: Þorvaldur Árnason. (7)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 14–6 (5–5) |
| Varin skot | Kjartan 4 – Jóhann 3 |
| Horn | 4–8 |
| Aukaspyrnur fengnar | 11–14 |
| Rangstöður | 3–1 |

**Valur 4–3–3** Kjartan Sturluson 6 - Greg Ross 4, Reynir Leósson 7, Atli Sveinn Þórarinsson 6, Rúnar Már Sigurjónsson 5 - ***Sigurbjörn Hreiðarsson 7**, Haukur Páll Sigurðsson 6, Ian Jeffs 7 - Baldur Ingimar Aðalsteinsson 5 (74., Guðmundur Steinn -), Arnar Sveinn Geirsson 6, Dannig König 6 (80., Viktor Unnar -)

**Selfoss 4–3–3** Jóhann Ólafur Sigurðsson 5 - Sigurður Eyberg Guðlaugsson 5 (90., Einar Ottó -) , Agnar Bragi Magnússon 6, Stefán Ragnar Guðlaugsson 6, Andri Freyr Björnsson 5 (90., Viðar Örn -) - Jón Guðbrandsson 7, Arilíus Marteinsson 4, Guðmundur Þórarinsson 5 (46., Ingþór Jóhann Guðmundsson 5) - Ingi Rafn Ingibergsson 5, Jón Daði Böðvarsson 6, Davíð Birgisson 6.



Coca-Cola FAGNAÐU Á ÞINN HÁTT!

## HM Í GÆR

### E-RIÐILL

| | |
|---|---|
| **Holland - Danmörk** | **2-0** |
| 1-0 Sjálfsmark (46.), 2-0 Dirk Kuyt (84.) | |
| **Japan - Kamerún** | **1-0** |
| 1-0 Keisuke Honda (38.). | |

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Holland | 1 | 1 | 0 | 0 | 2-0 | 3 |
| **Japan** | **1** | **1** | **0** | **0** | **1-0** | **3** |
| Kamerún | 1 | 0 | 0 | 1 | 0-1 | 0 |
| **Danmörk** | **1** | **0** | **0** | **1** | **0-2** | **0** |

### NÆSTU LEIKIR

| | |
|---|---|
| **Holland - Japan** | **laugardag kl. 11.30** |
| Grikkland - Nígería | laugardag kl. 18.30 |

### F-RIÐILL

| | |
|---|---|
| **Ítalía - Paragvæ** | **1-1** |
| 0-1 A. Alacaraz (39.), 1-1 Daniele De Rossi (63.) | |

### NÆSTU LEIKIR

| | |
|---|---|
| **Nýja-Sjáland - Slóvakía** | **í dag kl. 11.30** |
| Slóvakía - Paragvæ | sunnudag kl. 11.30 |
| **Ítalía - Nýja-Sjáland** | **sunnudag kl. 14.00** |



**LYKILMENN** Robinho, Kaká og Fabiano á æfingu hjá Brasilíu í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

Leikir dagsins á HM:

## Brasilía byrjar að spila í dag

**HM 2010 Það eru sem fyrr þrír leikir á dagskrá HM í dag. Nýja-Sjáland og Slóvakía hefja daginn, svo er risaleikur milli Fílabeinsstrandarinnar og Portúgals. Um kvöldið er svo áhugaverður leikur er Brasilía mætir Norður-Kóreu.**

**Margir knattspyrnuáhugamenn sakna ákveðinna leikmanna í brasilíska liðinu en það er samdóma álit flestra að brasilíska liðið sé þéttara og stöðugra en það hefur oft verið. Liðsheildin er sögð vera betri en það gæti verið á kostnað sambaboltans fræga.**

**Vert er að geta þess að stuðningsmenn Brasilíu á Íslandi ætla að hittast á veitingastaðnum Brasilía á Skólavörðustíg. - hbg**



**KLAUFAMARKIÐ SEM KVEIKTI Í HOLLENDINGUM** Simon Poulsen skallar hér í bakið á félaga sínum Daniel Agger og þaðan fór hann í þeirra eigið mark. Markið breytti leiknum og Hollendingar unnu leikinn á endanum 2-0. MYND/AP

# Heppnin með Hollandi

**Hollendingar byrja vel með 2-0 sigri á Dönum en heilluðu fáa með frammistöðunni. Heimsmeistarar Ítala sluppu með skrekkinn í 1-1 jafntefli við Paragvæja.**

**FÓTBOLTI** Það er búist við miklu af Hollandi og Ítalíu á HM í Suður-Afríku og þessar miklu knattspyrnuþjóðir hófu keppni á HM í Suður-Afríku í gær. Hollendingar hrifu ekki marga í 2-0 sigri á Dönum en þjálfarinn Bert Van Marwijk var ánægður með sigur í fyrsta leik. Heimsmeistar Ítala lentu 0-1 undir á móti Paragvæjum í fyrri hálfleik en náðu að tryggja sér jafntefli þökk sé enn einum markvarðarmistökum í keppninni.

Hollendingar voru í miklum vandræðum með Dani í fyrri hálfleik en höfðu heppnina hins vegar með sér í upphafi seinni hálfleiks. „Við vildum spila fallegan fótbolta en týndum boltanum," sagði Bert Van Marwijk, þjálfari hollenska landsliðsins, eftir leikinn en hann var ánægður þrátt fyrir litlausa frammistöðu.

Hollenska liðið var allt annað en sannfærandi í fyrri hálfleiknum og það þurfti klaufalegt sjálfsmark á fyrstu mínútu seinni hálfleiks til þess að slá Danina út af laginu og opna leikinn fyrir hollenska liðið.

„Þetta var eins og það væri hellt yfir okkur úr fullri vatnsfötu," sagði Morten Olsen, þjálfari Dana og bætti við: „Simon Poulsen var einn af okkar bestu mönnum í þessum leik en hann var óheppinn. Þetta er bara eitt af því sem gerist í fótboltaleikjum," sagði Olsen. Simon Poulsen skallaði boltann í félaga sinn, Daniel Agger, og í markið og gat ekki annað en brosað yfir klaufaganginum strax eftir markið.

Poulsen sagðist hafa séð boltann seint. „Hann lenti bara í andlitinu mínu. Ég hugsaði bara um að þetta gæti ekki verið að gerast," sagði Simon Poulsen.

Hollendingum gekk mun betur eftir að þeir komust yfir en náðu þó aldrei að spila sóknarboltann sem allir voru að bíða eftir. Dirk Kuyt skoraði seinna markið í lokin þegar hann fylgdi á eftir stangarskoti varamannsins Eljero Elia.

„Við spiluðum ekki vel í fyrri hálfleiknum en við áttum sigurinn skilinn eftir seinni hálfleikinn. Danirnir stóðu sig vel í fyrri hálfleik enda greinilega búnir að skoða okkar leik vel," sagði Hollendingurinn Wesley Sneijder.

Antolin Alacaraz kom Paragvæ í 1-0 á móti heimsmeisturum Ítala þegar hann skoraði með þrumuskalla eftir aukaspyrnu Aureliano Torres. Daniele De Rossi jafnaði leikinn á 63. mínútu þegar hann nýtti sér klúður markvarðarins Justo Villar sem ætlaði að kýla í burtu hornspyrnu Simone Pepe en hitti ekki boltann sem barst til De Rossi rétt fyrir utan markið. Bæði mörkin komu úr föstum leikatriðum en liðunum gekk illa að skapa eitthvað í leiknum. ooj@frettabladid.is



**ÓVÆNTUR SIGUR** Það fór vel á með þeim Keisuke Honda og Samuel Eto'o en uppskera þeirra var ólík. MYND/AP

Sögulegur sigur Japana í gær:

## Honda hetjan í óvæntum sigri

**FÓTBOLTI** Keisuke Honda tryggði Japan sinn fyrsta sigur í úrslitakeppni HM utan föðurlandsins þegar liðið vann 1-0 sigur á Kamerún í döprum fótboltaleik í seinni leik dagsins í E-riðli í gær.

Fyrirfram var búist við sigri Kamerúns en Samuel Eto'o og félagar fundu nánast engar leiðir í gegnum skipulagt lið Japana sem höfðu unnið báða sigra sína í úrslitakeppni HM (í tíu leikjum) þegar þeir voru á heimavelli fyrir átta árum.

Keisuke Honda skoraði eina mark leiksins sjö mínútum fyrir hálfleik eftir að hafa fengið sendingu frá hægri. Honda fékk nægan tíma í markteignum til að leggja boltann fyrir sig og skora. „Ég var í góðri stöðu og sendingin var mjög góð. Ég hugsaði bara með mér að vera rólegur því við höfum verið að klúðra færum og ég ætlaði ekki að klúðra þessu," sagði Keisuke Honda.

Kamerúnar komust tvisvar mjög nálægt því að jafna leikinn á lokamínútunum en þess fyrir utan var sóknarleikur liðsins bitlaus. „Við vorum alltof stressaðir og það voru mikil vonbrigði að hafa ekki getað sýnt okkar rétta andlit," sagði Paul Le Guen, þjálfari Kamerúns. - óój




LAZY TOWN
Skyrís
Með vanillu- og jarðarberjabragði
Fæst nú í fjölskyldupakkningum
LAZY TOWN
Skyrís
jarðarberja
10 STYKKI
LAZY TOWN
Skyrís
vanillu
10 STYKKI
Kjörís
Latibær ® & © 2010 Latibær ehf. Öll réttindi áskilin.

> **Jay Leno**

„Stjórnmál eru í raun bara eins konar skemmtanabransi fyrir ljótt fólk.“

***Jay Leno fer með gamanmál í kvöld á Skjá einum kl. 22.40.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** ROALD VIÐAR EYVINDSSON SETUR SIG INN Í HM

## *Þegar heimilisfriðurinn varð fyrst úti*

Ég hef aldrei skilið liðið sem nennir að skammast yfir HM, enda fer keppnin bara fram á fjögurra ára fresti. Vissulega get ég alveg tekið undir þau sjónarmið að RÚV eigi líkt og Stöð 2 að sýna keppnina á sérstakri rás svo aðrir dagskrárliðir, Glæstar vonir og önnur gleði sem þorri landsmanna skemmtir sér yfir, riðlist ekki. Hins vegar hef ég ekki með nokkru móti getað fengið mig til að vorkenna þeim sem væla yfir því að fótboltadýrkun makans leggi heimilislífið í rúst.

Því fólki hef ég bent á að setja sig aðeins í spor þessara vesalinga og spurt hvort það sé bara ekki í lagi þótt þeir sitji hálf heiladauðir og slefandi fyrir framan imbakassann. Jafnvel þótt það taki nokkra mánuði. Sama fólki hef ég ráðlagt að nýta tímann frekar til að koma hinu og þessu í verk sem makinn myndi aldrei samþykkja undir öðrum kringumstæðum og heimta svo af



honum sárabætur vegna þess sálræna skaða sem boltinn kann að valda.

Um helgina varð ég þó heldur betur að éta þetta allt saman ofan í mig þegar ég gerði mína fyrstu tilraun til að setja mig inn í HM, því í sannleika sagt hefur enginn fylgst með fótbolta á mínu heimili hingað til. Því hef ég ekki haft hundsvit á því sem ég hef verið að ráðleggja öðrum. Viðureign Grikklands og S-Kóreu var í sjónvarpinu og betri helmingurinn varð ekki par hrifinn þegar matreiðsluþættinum á BBC var skipt út fyrir þessa duttlunga. Út frá því spunnust deilur, sem stefndu í að slá viðureigninni á vellinum við, þannig að ég sá ekki annað í stöðunni en fara að eigin ráðum og senda betri helminginn út að sjoppa. Næstu 90 mínútur hafði ég það bara ansi nokkuð náðugt fyrir framan imbann. Alveg þangað til sá betri sneri heim með drekkhlaðna innkaupapoka úr fyrirheitna landinu IKEA og ég sá hversu herfilega mér hafði orðið á messunni.

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **20.00** Fracture STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10** Survivor SKJÁREINN



▶ **21.25** Bones STÖÐ 2



▶ **22.20** Taggart – Eyjan SJÓNVARPIÐ



▶ **23.25** Supernatural STÖÐ 2 EXTRA

### SJÓNVARPIÐ

**11.40 HM í fótbolta** Holland - Danmörk, upptaka frá leik í úrslitakeppni HM í fótbolta í Suður-Afríku.

**13.30 HM-stofa**

**14.00 HM í fótbolta** Fílabeinsströndin - Portúgal, bein útsending frá leik í úrslitakeppni HM í fótbolta í Suður-Afríku.

**16.05 Jimmy Tvískór** (9:13)

**16.30 Sammi** (10:52)

**16.40 Múmínálfarnir**

**17.05 Táknmálsfréttir**

**17.15 HM-stofa** Hitað upp fyrir leik á HM í fótbolta.

**18.00 Fréttir**

**18.20 HM í fótbolta** Brasilía - Norður-Kórea, bein útsending frá leik í úrslitakeppni HM í fótbolta í Suður-Afríku.

**20.30 HM-kvöld** Í þættinum er fjallað um leiki dagsins á HM í fótbolta.

**21.10 Að duga eða drepast** (6:10)

**22.00 Tíufréttir**

**22.10 Veðurfréttir**

▶**22.20 Taggart – Eyjan**

**23.10 Íslenski boltinn**

**23.55 Popppunktur** (e)

**00.50 HM-kvöld** (e)

**01.15 HM í fótbolta** Nýja-Sjáland - Slóvakía, upptaka af leik í úrslitakeppni HM í fótbolta í Suður-Afríku.

**03.05 Fréttir** (e)

**03.15 Dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**0610 Fracture**

**08.00 Are We Done Yet?**

**10.00 White Men Can't Jump**

**12.00 The Last Mimzy**

**14.00 Are We Done Yet?**

**16.00 White Men Can't Jump**

**18.00 The Last Mimzy**

▶**20.00 Fracture**

**22.00 Badasssss!**

**00.00 Billy Bathgate**

**02.00 Russian Dolls (Les poupées russes)**

**04.05 Badasssss!**

**06.00 The Heartbreak Kid**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Strumparnir, Bratz

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Einu sinni var** (16:22) Þáttur þar sem ýmsir fréttnæmir atburðir Íslandssögunnar, stórir eða smáir, eru teknir til frekari skoðunar.

**10.55 Numbers** (18:23)

**11.45 Wipeout** (5:11)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Worst Week** (5:16)

**13.25 Coco Chanel** Seinni hluti vandaðrar framhaldsmyndar um Coco Chanel, eina áhrifamestu konu í tískuheiminum til dagsins í dag.

**15.00 Sjáðu**

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons** (2:21)

**18.23 Veður** Markaðurinn

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Two and a Half Men** (6:24)

**19.45 How I Met Your Mother** (4:22)

**20.10 How I Met Your Mother** (17:24)

**20.35 Modern Family** (20:24)

**21.00 Cougar Town** (1:24)

▶**21.25 Bones** (18:22)

**22.10 Curb Your Enthusiasm** (7:10)

**22.40 Daily Show: Global Edition**

**23.05 Mercy** (8:22)

**23.50 Ghost Whisperer** (18:23)

**00.35 Goldplated** (8:8)

**01.25 Mercenary for Justice** Hörkugóð hasarmynd með Steven Seagal. Málaliðinn John Seeger er dreginn inn í lífshættulega björgunaraðgerð þar sem eiturlyf og spilling spila stórt hlutverk.

**03.00 Look at Me** Frönsk verðlaunamynd um unga konu sem hefur stórkostlega söngrödd en þarf að berjast við eigin hugaróra og lágt sjálfstraust til þess að geta komist áfram í lífinu.

**04.50 Modern Family** (20:24)

**05.15 Cougar Town** (1:24)

**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**07.00 FH - KR** Útsending frá leik FH og KR í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.

**17.45 FH - KR** Útsending frá leik FH og KR í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.

**19.35 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport, þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa, verða að sjálfsögðu á sínum stað. Allir leikirnir, öll mörkin og allt það helsta krufið til mergjar.

**20.35 Arnold Classic** Sýnt frá Arnold Classic-mótinu en á þessu magnaða móti mæta flestir af bestu og sterkustu líkamsræktarköppum veraldar enda Arnold Classic eitt stærsta mót sinnar tegundar í heiminum í dag.

**21.05 St. Jude Classic** Útsending frá St. Jude Classic mótinu í golfi en mótið er hluti af PGA mótaröðinni í golfi.

**00.05 St. Jude Classic** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA mótaröðinni krufin til mergjar.

**01.00 NBA körfuboltinn: Boston - LA Lakers**

### SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 HM 4 4 2**

**07.45 HM 4 4 2**

**08.30 Ítalía - Paragvæ HM 2010**

**10.30 HM 4 4 2**

**11.15 N-Sjáland - Slóvakía** Bein útsending frá leik Nýja-Sjálands og Slóvakíu á HM 2010.

**13.25 Japan - Kamerún HM 2010**

**15.20 Holland - Danmörk** HM 2010.

**17.10 Fílabeinsströndin - Portúgal** HM 2010.

**19.05 N-Sjáland - Slóvakía** HM 2010.

**21.00 HM 4 4 2**

**21.45 Brasilía - N-Kórea** HM 2010.

**23.40 Fílabeinsströndin - Portúgal** HM 2010.

**01.35 N-Sjáland - Slóvakía** HM 2010.

**03.30 HM 4 4 2**

**04.15 HM 4 4 2**

**05.00 HM 4 4 2**

**05.45 HM 4 4 2**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Rachael Ray** (e)

**09.30 Pepsi MAX tónlist**

**16.40 Rachael Ray**

**17.25 Dr. Phil**

**18.10 Matarklúbburinn** (2:6) (e)

**18.35 Girlfriends** (4:22) (e)

**18.55 H2O** (9:26)

**19.20 America's Funniest Home Videos** (50:50)

**19.45 King of Queens** (8:22) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie.

▶**20.10 Survivor** (4:16) Bandarísk raunveruleikasería þar sem venjulegt fólk þarf að þrauka í óblíðri náttúru og keppa innbyrðis þar til aðeins einn stendur eftir sem sigurvegari. Það færist harka í leikinn og einn keppandi missir stjórn á sér í keppninni um friðhelgi. Skúrkurinn Russell gerir allt til að skapa usla í ættbálki sínum og sterk bandalög eru byrjuð að myndast.

**21.00 Eureka** (5:18) Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ þar sem helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst. Eva Thorne lætur flytja grafhýsi egypskrar drottningar í höfuðstöðvar Global Dynamics og býður frægum fornleifafræðingi að opna það þrátt fyrir aðvaranir um að það gæti vakið upp illa anda.

**21.50 The Good Wife** (23:23)

**22.40 Jay Leno**

**23.25 CSI** (16:23) (e)

**00.15 The Good Wife** (23:23) (e)

**01.05 King of Queens** (8:22) (e)

**01.30 Pepsi MAX tónlist**

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing**

**20.30 Hrafnaþing**

**21.00 Græðlingur**

**21.30 Tryggvi Þór á Alþingi**

**22.00 Hrafnaþing**

**22.30 Hrafnaþing**

**23.00 Græðlingur**

**23.30 Tryggvi Þór á Alþingi**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Stökktu til **Bodrum** í Tyrklandi 29. júní frá aðeins **kr. 99.990**



*frá kr. 119.900 m/hálfu fæði - kr. 134.900 m/„öllu inniföldu“*

Heimsferðir bjóða ótrúlegt sértilboð á allra síðustu sætunum til sumarleyfisperlunnar Bodrum í Tyrklandi 29. júní í 11 nætur. Þú bókar flugsæti og gistingu og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Bodrum býður þín með einstakan menningararf, stórbrotna náttúrufegurð, töfra Eyjahafsins, frábæran mat og ótrúlega hagstætt verðlag! Sumarleyfisstaðurinn Bodrum í Tyrklandi er einn eftirsóttasta áfangastaður Tyrklands. Gríptu tækifærið og bókaðu strax frábært frí á hreint ótrúlegum kjörum. Fjölbreytt önnur sértilboð jafnframt í boði 29. júní og 10. júlí.

Kr. **99.900** – 11 nátta ferð
Verð m.v. m.v. 2–4 í herbergi / stúdíó / íbúð í 11 nætur. Aukalega m.v. hálft fæði kr. 20.000 fyrir fullorðna og kr. 10.000 fyrir börn. Aukalega m.v. „allt innifalið“ kr. 35.000 fyrir fullorðna og kr. 17.500 fyrir börn. Sértilboð 29. júní.

**Heimsferðir**
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.00



### Cougar Town

Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar óöruggrar einstæðrar móður unglingsdrengs. Hana langar til að hitta draumaprinsinn en á erfitt með að finna réttu leiðina til þess enda er hún að eigin mati engan veginn samkeppnishæf í stóra stefnumótaleiknum. Þátturinn kemur úr smiðju þeirra sem gerðu Scrubs og er í anda Sex and the City og hefur slegið rækilega í gegn í Bandaríkjunum.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Modern Family
### Stöð 2 kl. 20.30

Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna. Leiðir þessara fjölskyldna liggja saman og í hverjum þætti lenda þær í hreint drepfyndnum aðstæðum sem samt eru svo skelfilega nálægt því sem við sjálf þekkjum allt of vel.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.00** Fréttir
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Tónlist fólksins
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Flakk
**14.03** Tónar að nóni
**15.03** Útvarpssagan: Hér
**15.25** Þriðjudagsdjass
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.20** Auglýsingar
**18.22** Syrpan
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Stefnumót
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Í heyranda hljóði
**21.30** Kvöldsagan: Konan í dalnum og dæturnar sjö
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Fnykur
**23.10** Sumar raddir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7**FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors**

**20.15 Ally McBeal** (11:22) Lítil stúlka heldur því fram að Ally sé móðir hennar. Fish og Cage glíma við fyrsta morðmálið sitt þar sem maður er ákærður fyrir að hafa sparkað í höfuðið á konunni sinni.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 Glee** (15:22) Frábær gamanþáttaröð sem gerist í menntaskóla þar sem metnaðarfullur kennari og fyrrverandi nemandi skólans ákveður að setja aftur saman sönghóp skólans sem gerði einmitt stormandi lukku í sönghópakeppnum á árum áður.

**22.35 So You Think You Can Dance** (1:23) Stærsta danskeppni í heimi snýr aftur í sjöunda sinn og hefur þátttakan aldrei verið meiri.

▶**23.25 Supernatural** (15:16) Yfirnáttúrulegir spennuþættir um bræðurna Sam og Dean sem halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn.

**00.10 That Michell and Webb Look** (1:6) Skemmtilegur grínþáttur uppfullur af frábærum sketsum með þeim félögum David Mitchell og Robert Webb. Þeir slógu í gegn í Peep Show og í þessum þætti fara þeir á kostum og bregða sér í alla kvikinda líki.

**00.40 The Doctors**

**01.25 Ally McBeal** (11:22)

**02.10 Sjáðu**

**02.40 Fréttir Stöðvar 2**

**03.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.10** Blackadder Goes Forth **12.40** My Hero **13.10** My Hero **13.40** Absolutely Fabulous **14.10** Absolutely Fabulous **14.40** The Weakest Link **15.25** The Inspector Lynley Mysteries **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** Absolutely Fabulous **18.00** Ruddy Hell. It's Harry and Paul **18.30** Waterloo Road **19.25** Dalziel and Pascoe **20.15** Ruddy Hell. It's Harry and Paul **20.45** Ruddy Hell. It's Harry and Paul **21.10** Dalziel and Pascoe **22.05** Waterloo Road **23.00** Gavin and Stacey **23.30** Blackadder the Third **00.00** Blackadder Goes Forth

## DR 1

**12.00** Søren Ryge præsenterer **12.30** Mission Ledelse **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** That's So Raven **14.30** Leon **14.35** Splint & Co **15.00** F for Får **15.05** Landet for længe siden **15.30** Lille Nord **16.00** Af nød og lyst - om kongebryllupper gennem tiden **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** VM 2010 studiet **17.55** 3. Halvleg ved Krabbe & Mølby **18.00** Hammerslag **18.30** Spise med Price **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Bankroverens sidste chance **20.30** VM 2010 studiet **21.00** OBS **21.05** Dødens detektiver **21.30** Et liv på kanten **22.30** Boogie Mix

## NRK 1

**12:10** Par i hjerter **13:00** NRK nyheter **13:10** Dallas **14:00** Derrick **15:00** NRK nyheter **15:10** Elixir **15:40** Oddasat **15:55** Nyheter på tegnspråk **16:00** Tinas mat **16:40** Distriktsnyheter **17:00** Dagsrevyen **17:45** Grønn glede **18:15** Pakket og klart **18:45** Extra-trekning **18:55** Distriktsnyheter **19:00** Dagsrevyen 21 **19:30** Tre menn i en båt **20:30** Hitlåtens historie **21:00** Kveldsnytt **21:15** Dalziel og Pascoe **23:00** 20 sporsmål **23:25** Svisj gull

## SVT 1

**14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Kronprinsessan och kungariket **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Gammal kärlek rostar aldrig **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Det kungliga bröllopet **19.00** Fotbolls-VM **20.30** Fotbolls-VM. Höjdpunkter **21.15** Five Days **22.15** Kören **23.15** Kronprinsessan och kungariket




## MORGUNMATURINN



*„Sparimorgunmaturinn er „french-toast“ með beikoni og kaffært í sírópi. Kaffið verður síðan að vera svart og sykurlaust úr gamaldags kaffikönnu. Þoli ekki lætin í nýtísku expressóvélum.“*

Hildur Hermannsdóttir, nýútskrifaður grafískur hönnuður frá LHÍ.

# Herra hinsegin í vinnuslysi

„Ég vildi að ég gæti sagt að ég hafi verið að bjarga börnum út úr brennandi munarleysingjahæli. En því miður var þetta einungis klaufaskapur því ég klemmdi puttana í stóru hitajárni sem notað er til að strauja í vinnunni,“ segir Vilhjálmur Þór, nýkrýndur Herra hinsegin.

Vilhjálmur Þór hlaut annars stigs brunasár á þremur fingrum beggja handa síðastliðna helgi. Sökudólgurinn var stór hitavél sem straujar dúka og servíettur á veitingastaðnum Domo, þar sem hann starfar. Klemmdust fingur beggja handa Vilhjálms í járninu og festust.

Vilhjálmur segist vera bjartsýnn að eðlisfari og telur slysið ekki hafa mikil áhrif á titilinn Herra hinsegin. Né að bruninn skilji eftir ör. Hann þarf þó að vera frá vinnu í eina til tvær vikur. Vilhjálmur hefur borið titilinn Herra hinsegin í tæpa viku.

> Það gæti verið að breytast – aðallega í rómantíska lífinu samt.
>
> VILHJÁLMUR ÞÓR HERRA HINSEGIN

Hann segir að vikan sé búin að vera æðisleg, þó að hann sé ekki byrjaður að sinna störfum sem fylgja titlinum.

„Það gæti verið að breytast – aðallega í rómantíska lífinu samt,“ segir Vilhjálmur brosandi. Hann vill ekki fara náið út í það að svo stöddu, en bætir þó við að huldumaðurinn sé alveg æðislegur og þetta gangi ótrúlega vel. - ls



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**SLASAÐUR OG SKOTINN** Vilhjálmur er að slá sér upp og fær því huggun á meðan hann jafnar sig eftir brunann.



**LÁRÉTT**
**2.** fjármunir, **6.** pfn., **8.** grús, **9.** gogg, **11.** leita að, **12.** miklu, **14.** mont, **16.** hljóta, **17.** sönghópur, **18.** pota, **20.** mun, **21.** sleit.

**LÓÐRÉTT**
**1.** stjórnarumdæmis, **3.** hljóm, **4.** skáldsaga, **5.** slagbrandur, **7.** tilgáta, **10.** yfirgaf, **13.** stormur, **15.** skíðaíþrótt, **16.** drulla, **19.** tvíhljóði.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** góss, **6.** ég, **8.** möl, **9.** nef, **11.** gá, **12.** stóru, **14.** grobb, **16.** fá, **17.** kór, **18.** ota, **20.** ku, **21.** rauf.

**LÓÐRÉTT: 1.** léns, **3.** óm, **4.** sögubók, **5.** slá, **7.** getgáta, **10.** fór, **13.** rok, **15.** brun, **16.** for, **19.** au.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. 1.780 manns.
2. Í febrúar á næsta ári.
3. Pretty Little Liars.








**KALLI CAMARO** Kalli segir hópinn sem deilir ástríðu á bílum vera þéttan.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### KARL BACHMAN: MAÐUR ER NÁTTÚRULEGA FRÁ SELFOSSI

# Viðrar Camaro-inn eftir sex mánaða vetrardvala

„Maður er náttúrulega frá Selfossi og það voru allir á þessum köggum hérna þegar maður byrjaði að spá í bíla. Camaro og Trans Am hafa verið aðalbílarnir hérna á Selfossi og maður fékk delluna frá þeim sem voru í þessu hér,“ segir sportbílaeigandinn Karl Bachman, upplýsingafulltrúi vefsíðunnar Camaro.is.

Sumarið er tími sportbílanna og nú verður æ algengara að sjá glæsikerrur á götunum. Karl Bachman, eða Kalli Camaro eins og hann er oft kallaður, er 24 ára bíláhugamaður frá Selfossi. Hann er einn af þeim sem keyra um á Chevrolet Camaro-sportbíl yfir sumartímann, en vegna veðráttunnar hér á landi neyðist hann til að geyma bílinn inni sex mánuði ársins og keyra um á „ódýrri druslu“ eins og hann orðar það.

„Ég hugsa að ég komi til með að eiga þennan bíl alla ævi. Ég er búinn að gera svo mikið í honum, betrumbæta og breyta ásamt því að gera hann flottari. Þar af leiðandi lít ég á hann sem hluta af mér,“ segir Kalli.

> **103** Camaro-sportbílar eru í umferð á Íslandi.
>
> HEIMILD: UMFERÐARSTOFA

Bílasport hefur alla tíð verið dýrt sport en eftir hrun hefur kostnaðurinn aukist svo um munar. Þar af leiðandi hafa þeir sem deila ástríðunni verið duglegir við að aðstoða hver annan í neyð. „Maður fær sér ekki svona bíl ef maður er eitthvað að spá í hversu mikið þetta kostar mann. Þetta er að mínu mati hverrar krónu virði,“ segir Kalli. Auk viðhalds bætist við himinhár bensínkostnaður þar sem stór hluti frítíma hópsins fer í að rúnta um göturnar til að njóta bílsins og leyfa öðrum að njóta líka.

Hópurinn sem deilir ástríðu á sportbílnum er mjög þéttur að sögn Kalla. Samkomur eru á þriggja vikna fresti. Þá hittast eigendur með bílana sína á stórum bílaplönum, ræða málin og sýna dýrgripina. „Bíladagar sem haldnir eru á Akureyri er nokkurs konar árshátíð okkar,“ segir Kalli. „Fólk stefnir að því að klára það sem gera þarf við bílana fyrir þann tíma. Síðan hittumst við með bílana, sýnum þá og keppum.“

linda@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Knattspyrnu- og landsliðsmaðurinn Ólafur Ingi Skúlason og Sigurbjörg Rós Hjörleifsdóttir viðskiptafræðingur gengu í það heilaga um helgina. Á gestalistanum voru menn á borð við **Eið Smára Guðjohnsen**, Heiðar Helguson, Jóhannes Karl Guðjónsson og Indriða Sigurðsson ásamt konum þeirra. Mikið stuð var í veislunni og dansað fram á rauða nótt. Flestar fótboltadeildir heims eru í pásu þessa dagana vegna HM og því upplagt fyrir íþróttastjörnurnar að sletta aðeins úr klaufunum þessa vikuna.



Meira af fótbolta. Það vekur athygli að handboltastjarnan **Dagur Sigurðsson** er í efsta sæti HM-tippkeppni fagmanna sem Guðmundur Benediktsson og Sigurvin Ólafsson standa fyrir og Fréttablaðið greindi frá á dögunum. Þar ber handboltaþjálfarinn höfuð og herðar yfir fótboltakappa á borð við Willum Þór, Helga Sig. og Tryggva Guðmundsson. Þess má einnig geta að lánleysið virðist elta Grindavíkurliðið en Eystein Hauksson, þjálfari liðsins, er í neðsta sæti tippkeppninnar og Pepsi-deildarinnar. Við spyrjum þó að leikslokum, enda nóg eftir af báðum keppnum.



Útvarpsmennirnir Valtýr Björn og **Þorgeir Ástvalds** skelltu sér á leik Boston Celtics og Los Angeles Lakers í úrslitum NBA aðfaranótt mánudags. Fréttablaðið greindi frá ferðalagi félaganna á dögunum, en þeir fengu spennuleik fyrir peningana. Þorgeir fékk þó öllu meira í sinn hlut þar sem hann heldur með Boston sem vann leikinn. Valtýr Björn er harður Lakers-maður og hefur væntanlega ekki brosað jafn breitt og félagi hans eftir leikinn. - áp, afb








# Notaleg húðflúrstofa í Reykjavík

„Við reynum að leggja upp úr því að hafa fjölbreytta þjónustu. Það verður minna um þessar hefðbundnu möppur með stöðluðum myndum,“ segir húðflúrarinn Ingólfur P. Heimisson.

Ingólfur og konan hans, Sigrún Rós Sigurðardóttir, opna húðflúrstofu sína, Bleksmiðjuna, í Skipholtinu seinna í sumar. „Við viljum vera til staðar fyrir fólk til að koma með sínar eigin hugmyndir til okkar,“ segir hann. „Við viljum svo hanna með hverjum viðskiptavini fyrir sig hina fullkomnu mynd sem hver og einn óskar sér. Auk þess viljum við hafa þetta heimilislegt og notalegt.“

Ingólfur hefur flúrað hér á landi í um ellefu ár. Hann átti stofu í Kópavogi sem hét Víking Stúdíó auk þess sem hann kom við í hinni sálugu Tattoo 69 á Laugaveginum. Sigrún kona hans hefur hins vegar verið síðustu árin að læra hjá Ingólfi og er nú tilbúin að starfa sem húðflúrslistamaður.

Þrátt fyrir fámenni er húðflúrmenning Íslands sífellt að sækja í sig veðrið. Það er því ávallt gleðilegt þegar fleiri listamenn gefa færi á sér. - ls




**INGÓ OG SIGRÚN** Eigendur Bleksmiðjunar bíða spennt eftir opnun stofunnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


PLÚS
vikunnar
Verðdæmi á mann:
Alicante
7 nætur - ALLT INNIFALIÐ!
Verð frá:
89.900 kr
Flug og gisting í 7 eða 9 nætur.
Brottför: 17. júní
m.v. 2 fullorðna og 2 börn*
Verð á mann m.v. 2 fullorðna 107.525 kr.
PLÚSFERÐIR
ENN MEIRI PLÚS!
www.plusferdir.is
plús
FERÐIR
www.plusferdir.is
Athugið!
Brottför er 17. júní og takmarkaður sætafjöldi er á þessu tilboði þannig að þú þarft að hafa hraðar hendur!
Sjá einnig frábært verð til Tenerife á plusferdir.is!
* Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu.
Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



RÓMEÓ OG JÚLÍA
Vestur Port
Takmarkaður sýningafjöldi
Miðasala er hafin!
Borgarleikhúsið


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Borgarstjórasvítan



Í dag verður **Jón Gnarr** gerður að borgarstjóra. Jón hefur sagt frá því að hann hafi ekki alveg passað inn í kerfið á unglingsárunum. Þrettán ára hafi hann verið sama og hættur í skóla, en síðar sendur í heimavistarskóla fyrir vandræðabörn að Núpi í Dýrafirði. Gamli héraðsskólinn er nú orðinn að hóteli og hefur gamla herbergið hans Jóns verið endurnefnt „borgarstjórasvítan" í ljósi seinni tíma upphefðar nemans. Það er væntanlega með vísun í stjórnmálaflokk Jóns að svítan verður ódýrari en önnur herbergi. Þar verður besta verðið.

### Spenntur fyrir einkabílstjóra



Meira um fyndnasta pólitíkus landsins. Jón Gnarr var gestur **Audda** á Stöð 2 á föstudag. Viðtalið vakti athygli fyrir nokkrar sakir. Í fyrsta lagi var það mál manna að Jón hefði hegðað sér nokkuð einkennilega – eins og hann væri hreinlega kominn í „borgarstjórakarakterinn". Einnig staðfesti hann það sem lagt var upp með þegar fyrst fréttist af framboði hans; einkabílstjóri borgarstjóra heldur vinnunni og Jón er spenntur fyrir því að njóta fríðindanna.

### Dóttir Helga Pé til aðstoðar



Og enn meira af borgarstjóraskiptum. **Heiða Kristín Helgadóttir** verður sem kunnugt er aðstoðarmaður Jóns Gnarr borgarstjóra og tekur þar með við starfi Magnúsar Þórs Gylfasonar sem hefur aðstoðað Hönnu Birnu Kristjánsdóttur. Heiða Kristín er dóttir Helga Péturssonar kenndan við Ríó Tríó en bróðir hennar er Snorri Helgason, kenndur við Sprengjuhöllina. - afb, kh

## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Hættið að senda mér tölvupóst
2. Hundaat í kanínum veldur deilum
3. Allt að 17 króna verðmunur á bensínlítranum
4. Eigandi Draumsins í gæsluvarðhald
5. Friðarsamningur Hells Angels og Bandidos í uppnámi








FJÖLSTILLANLEGU HEILSURÚMIN FRÁ ERGOMOTION KOMIN AFTUR.

NÚ Á 20% AFSLÆTTI!

**ERGOMOTION 400**
með þrýstijöfnunar-dýnum (2x80x203)
Verð 676.432 kr.
**NÚ 541.146 kr.**
**= 20% AFSLÁTTUR**



**ERGOMOTION 400 LÍNAN**

- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fáanlegur í dag.
- Botninn er inndraganlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttborðinu.
- Lyftigetan er gífurleg þar sem í botninum eru 2 mótorar. Einn fyrir höfuðgafl og annar fyrir fótgafl.
- Öll tannhjól og liðamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hljóðlátt og öflugt.
- 3 mm. tvíhert stálgrind undir öllum botninum.
- 400 línan er með öflugu nuddi, þremur mismunandi hraðastillingum og tímarofa.
- 20 ára ábyrgð á mótor og grind.
- Þráðlaus fjarstýring með útvarpssendi svo ekki þarf að beina fjarstýringunni á móttakara.
- Rúmið fært niður í flata stöðu með einum takka.
- Þyngdarleysistakkinn (Zero G) færir rúmið í þyngdarleysisstöðuna. Njóttu þægindanna og upplifðu þyngdarleysistilfinninguna. Staðan hjálpar blóðrásinni og minnkar pressu á mjóbak og axlir.

**ERGOMOTION 100**
með þrýstijöfnunar-dýnum (2x80x203)
Verð 503.698 kr.
**NÚ 402.958 kr.**
**= 20% AFSLÁTTUR**



**ERGOMOTION 100 LÍNAN**

- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fáanlegur í dag.
- Botninn er inndraganlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttborðinu.
- Lyftigetan er gífurleg þar sem í botninum eru 2 mótorar. Einn fyrir höfuðgafl og annar fyrir fótgafl.
- Öll tannhjól og liðamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hljóðlátt og öflugt.
- 3 mm. tvíhert stálgrind undir öllum botninum.
- 20 ára ábyrgð á mótor og grind.
- Einföld og þægileg fjarstýring.

**ERGOMOTION ERGOSPORT**
með þrýstijöfnunar-dýnum (2x97x203)
Verð 396.000 kr.
**NÚ 316.800 kr.**
**= 20% AFSLÁTTUR**



**ERGOMOTION ERGOSPORT**

- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fáanlegur í dag.
- Botninn er inndraganlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttborðinu.
- Lyftigetan er gífurleg.
- Öll tannhjól og liðamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hljóðlátt og öflugt.
- 3 mm. tvíhert stálgrind undir öllum botninum.
- 20 ára ábyrgð á mótor og grind.
- Einföld og þægileg fjarstýring.
- Ein besta þrýstijöfnunardýna sem er fáanleg er í dag fylgir botninum.

ATH! VIÐ EIGUM FLEIRI STÆRÐIR AF ERGOMOTION HEILSURÚMUM OG FLEIRI TEGUNDIR AF HEILSUDÝNUM FYRIR ÞAU.

COMFORT solutions®
By King Koil®



**HÁGÆÐA AMERÍSK HEILSURÚM Í 112 ÁR**

King Koil hefur framleitt hágæða heilsurúm í Bandaríkjunum í 111 ár. King Koil hefur verið gríðarlegum fjármunum og tíma í þróun og prófanir. Á þessum tíma hefur King Koil náð miklum og góðum árángri sem endurspeglast í viðurkenningum sem fyrirtækinu hafa verið veitt í gegnum árin. Í dag er King Koil einu heilsurúmin sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóðasamband Kiropraktora) og Good Housekeeping (Stærstu neitandasamtök í Bandaríkjunum).

Good Housekeeping Promises

rekkjan

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

HEILSURÚM